



Hörgársveit

Endurskoðun aðalskipulags 2024-2044

GREINARGERÐ TILLAGA

JANÚAR 2026



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

Aðalskipulag Hörgársveitar 2024-2044 sem hefur verið auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

m. s. br. og hlotið meðferð í samræmi við 32. gr. sömu laga var samþykkt af sveitarstjórn

þann _____

F.h. Hörgársveitar

Aðalskipulag Hörgársveitar 2024-2044 var staðfest af Skipulagsstofnun

þann _____ í samræmi við 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m. s. br.

F.h. Skipulagsstofnunar

HÖRGÁRSVEIT

Endurskoðun aðalskipulags 2024-2044

Greinargerð þessari fylgir uppdráttur dagsettur xx.xx.2025



LANDMÓTUN®





Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	5
1.1	AÐDRAGANDI ENDURSKOÐUNAR	6
1.2	UMSJÓN	7
1.3	SKIPULAGSGÖGN OG KORTAGRUNNAR	7
1.4	ALMENN ÁKVÆÐI UM AFMÖRKUN REITA	8
1.5	VIÐFANGSEFNI OG ÁHERSLUR	8
1.6	MEGINMARKMIÐ OG LEIÐARLJÓS	9
2	TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	11
2.1	LANDSSKIPULAGSSTEFNA	11
2.2	RAMMAÁÆTLUN	12
2.3	NÁTTÚRUVERNÐARÁÆTLUN	12
2.4	SAMGÖNGUÁÆTLUN	13
2.5	FJARSKIPTAÁÆTLUN	13
2.6	KERFISÁÆTLUN LANDSNETS	13
2.7	AÐGERÐAÁÆTLUN Í LOFTSLAGSMÁLUM	14
2.8	Í LJÓSI LOFTSLAGSVÁR - STEFNA UM AÐLÖGUN AÐ LOFTSLAGSBREYTINGUM	14
2.9	VATNAÁÆTLUN FYRIR ÍSLAND 2022-2027	15
2.10	HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA	15
2.11	BYGGÐAÁÆTLUN FYRIR ÁRIN 2018-2024	15
2.12	SVÆÐISSKIPULAG	16
2.13	AÐALSKIPULAG NÁGRANNASVEITARFÉLAGA	16
2.14	AÐRAR STEFNUR OG SAMÞYKKTIR Á SVEITARFÉLAGS- OG SVÆÐISVÍSU	16
2.15	AÐRAR ÁÆTLANIR STJÓRNVALDA	17
3	STEFNA OG MARKMIÐ AÐALSKIPULAGS	19
3.1	UMHVERFI OG YFIRBRAGÐ/ÁSYND/UMGJÖRÐ	20
3.2	LOFTSLAG	21
4	BYGGÐ	23
4.1	ÍBÚÐARBYGGÐ (ÍB)	23
4.2	FRÍSTUNDAKYGGÐ (F)	26
4.3	OPIN SVÆÐI (OP)	31
4.4	KIRKJUGARÐAR OG GRAFREITIR (K)	33
5	ATVINNA	35
5.1	LANDBÚNAÐARSVÆÐI (L)	36
5.1.1	Flokkun landbúnaðarlands	40
5.1.2	Stakar framkvæmdir	45
5.2	SAMFÉLAGSÞJÓNUSTA (S)	47
5.3	VERSLUN- OG ÞJÓNUSTA (VP)	50



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

5.4	MÍÐSVÆÐI (M)	52
5.5	ATHAFNASVÆÐI (AT).....	54
5.6	ÍÐNAÐARSVÆÐI (I).....	56
5.7	AFÞREYINGAR- OG FERÐAMANNASVÆÐI (AF)	59
5.8	HAFNIR (H).....	61
5.9	EFNISTÖKU- OG EFNISLOSUNARSVÆÐI (E)	63
6	NÁTTÚRA OG VERNDARSVÆÐI	71
6.1	ÓBYGGÐ SVÆÐI (ÓB)	71
6.1.1	Ósnortin víðerni.....	73
6.2	VÖTN, ÁR OG SJÓR (V).....	75
6.3	VATNSVERND Á STRANDSVÆÐUM, VIÐ ÁR, VÖTN OG SJÓ (VS).....	76
6.4	STRANDSVÆÐI (ST)	79
6.5	FRIÐLÝST SVÆÐI (FS).....	80
6.6	ÖNNUR NÁTTÚRUVERND (ÖN).....	82
6.7	MINJAVERNÐ (MV).....	86
6.7.1	Friðlýstar fornleifar.....	87
6.7.2	Friðlýst hús.....	89
6.7.3	Friðuð hús	90
6.8	HVERFISVERNDARSVÆÐI (HV)	92
6.8.1	Hverfisvernd vegna náttúruverndar	93
6.8.2	Hverfisvernd vegna fornleifa	94
6.9	SKÓGRÆKTAR- OG LANDGRÆÐSLUSVÆÐI (SL)	102
6.10	NÁTTÚRUVÁ (NV)	109
7	SAMGÖNGUR OG VEITUR.....	114
7.1	VEGIR (VE)	114
7.1.1	Stofnvegir (SV).....	116
7.1.2	Tengivegir (TV)	117
7.1.3	Gönguleiðir (GL).....	117
7.1.4	Hjólastígar (HL).....	118
7.1.5	Reiðstígar (RL).....	118
7.1.6	Vegir í náttúru Íslands.....	121
7.2	VATNSBÓL (VB) OG VATNSVERND VATNSBÓLA (VG, VF)	121
7.3	VEITUR (VH).....	126
7.4	HITAVEITA	127
7.5	VATNSVEITA (VV)	127
7.6	FRÁVEITA (FV).....	127
7.7	RAFVEITA.....	127
7.8	FJARSKIPTI.....	128



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

7.9	BRUNAVARNIR OG ÖRYGGISMÁL.....	128
8	HEIMILDIR.....	130
9	VIÐAUKI 2	131
9.1	FRÍÐUÐ HÚS Á GILDISSTÍMA AÐALSKIPULAGINS SKV. LÖGUM UM MENNINGARMINJAR NR.80/2012.....	131



1 INNGANGUR

Aðalskipulag þetta er endurskoðun á Aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024. Vinnan við endurskoðunina byggir á skipulagslögum nr. 123/2010 og lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Umhverfismat áætlana var unnið samhliða endurskoðun aðalskipulagsins.

Í aðalskipulagi ber sveitarfélögum að setja fram stefnu og ákvarðanir sveitarstjórnar um framtíðarnotkun lands og fyrirkomulag byggðar, um landnotkun, byggðapróun og -mynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og atvinnu- og umhverfismál. Lýsa skal forsendum þeirrar stefnu sem mörkuð hefur verið og hvernig fyrirhugað er að ná þeim markmiðum sem sett eru í áætluninni. Aðalskipulagi er ætlað að leiða samfélög í átt að sjálfbærri nýtingu lands og stuðla að sveigjanlegu og öruggu umhverfi fyrir íbúa og atvinnulíf. Aðalskipulag á að vera virkt stjórnæki sem nýtist við ákvarðanatöku og við gerð áætlana sem fjalla um ráðstöfun lands. Markmiðið er að aðalskipulagið myndi gagnsæja umgjörð um sveitarfélagið og verði hagnýtt verkfæri við uppbyggingu og eflingu mannlífs og traust umgjörð um atvinnulíf sem byggir á sjálfbærri nýtingu gæða og auðlinda svæðisins og stendur vörð um framtíð þeirra. Aðalskipulag skal haft til grundvallar við gerð annarra áætlana er snerta ráðstöfun lands á einn eða annan hátt og aðrar skipulagsáætlanir innan sveitarfélagsins skulu vera í samræmi við aðalskipulag.

Í greinargerð þessari er stefna mörkuð fyrir þá landnotkun sem stefnt er að á svæðinu og sýnd er á skipulagsuppdrætti. Forsendum stefnumörkunarinnar er lýst og hvernig fyrirhugað er að ná þeim markmiðum sem sett eru í áætluninni.

Hvað er aðalskipulag?

Aðalskipulag er skipulagsáætlun sem nær til alls lands sveitarfélags. Í aðalskipulagi er sett fram stefna sveitarstjórnar um þróun sveitarfélagsins varðandi landnotkun, byggðapróun og -mynstur, samgöngu- og þjónustukerfi, atvinnu- og umhverfismál.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á gerð aðalskipulags. Skipulagsnefnd sveitarfélags annast gerð aðalskipulags í umboði sveitarstjórnar. Í aðalskipulagi skal lýsa forsendum þeirrar stefnu sem mörkuð hefur verið og hvernig fyrirhugað er að ná þeim markmiðum sem sett eru í áætluninni.

Aðalskipulagi er ætlað að leiða samfélög í átt að sjálfbærri nýtingu lands og stuðla að sveigjanlegu og öruggu umhverfi fyrir íbúa og atvinnulíf.

Aðalskipulag á að vera virkt stjórnæki sem nýtist við ákvarðanatöku og við gerð áætlana sem fjalla um ráðstöfun lands og aðrar skipulagsáætlanir innan sveitarfélagsins skulu vera í samræmi við aðalskipulagið. Aðalskipulagið byggir á stefnuskjölum, lögum og reglugerðum



1.1 AÐDRAGANDI ENDURSKOÐUNAR

Vorið 2023 samþykkti sveitarstjórn Hörgársveitar að hefja vinnu við heildarendurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins. Í upphafi skipulagsvinnunnar er farið yfir forsendur gildandi aðalskipulags og metið hvort þær hafi breyst og hvort nýjar áskoranir blasi við í sveitarfélaginu. Þá er reynslan af framfylgd skipulagsins metin. Einnig er kannað hvort og hvernig aðalskipulagið samræmist öðrum áætlunum á lands- og svæðisvísu.

Síðan gildandi aðalskipulag Hörgársveitar var unnið hafa ýmsar forsendur breyst er varða landnotkun, innviði og þróun búsetu og atvinnulífs, og hafa ný tækifæri og nýjar áskoranir er varða þessa þætti litið dagsins ljós. Tímabært er að staldra við og yfirfara stefnu og helstu markmið aðalskipulags og uppfæra þau sem ekki eiga við lengur. Uppfæra þarf skilmála og texta m.t.t. núverandi ástands svo skilmálar séu nægilega leiðbeinandi fyrir deiliskipulagsgerð og ódeiliskipulögð svæði. Þannig má tryggja að

aðalskipulagið sé virkt stjórnþæki og til þess fallið að stuðla að því að markmið sveitarfélagsins náist og endurspeglast í deiliskipulagsáætlunum. Ný landsskipulagsstefna 2024-2038 hefur verið samþykkt og stjórnvöld hafa lagt fram metnaðarfulla aðgerðaráætlun í loftslagsmálum til að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda til ársins 2030. Til að ná árangri í loftslagsmálum er nauðsynlegt að sveitarfélög leggi lóð sín á vogarskálarnar og getur aðalskipulag verið áhrifaríkt tæki í aðlögun sveitarfélaga að áhrifum loftslagsbreytinga. Gildandi aðalskipulag var samþykkt árið 2015 og hafa verið staðfestar níu breytingar eftir það.

BREYTINGAR

á aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024

1. 2025 Glæsibær, 3. Áfangi íbúðarbyggðar
2. 2024 Þéttbýli, Dagsbrún, Lónsá, stækkun íbúðarbyggðar
3. 2024 Aðveituæð hitaveitu frá Hjalteyri að sveitarfélagsmörkum Dalvíkurbyggðar
4. 2024 Dalvíkurlína 2
5. 2023 Molhaugnaháls
6. 2022 Íbúabyggð í landi Glæsibæjar
7. 2021 Skógrækt, efnistaka, reiðleiðir og fleiri breytingar
8. 2020 Íbúðarsvæði Glæsibær ÍB2 og efnistökusvæði E12
9. 2019 Færsla á aðveituæð milli Óss og Hellulands



1.2 UMSJÓN

Sveitarstjórnir bera ábyrgð á gerð aðalskipulags sveitarfélaga. Samið var við Landmótun sf. um skipulagsráðgjöf við endurskoðunina. Sveitarstjórn og skipulags- og umhverfisnefnd fjallar um málefni aðalskipulagsins eftir því sem tilefni er til og aðrar nefndir hreppsins munu vinna að öflun gagna og mótun stefnu og vera þannig virkir þátttakendur í skipulagsgerðinni. Leitað verður álits sérfræðinga þegar þörf verður á faglegu mati eða öðrum sérfræðiupplýsingum. Aðkoma íbúa og hagsmunaaðila í sveitarfélaginu frá upphafi skipulagsvinnunar er mikilvægt og er rík áhersla lögð á samráð.

1.3 SKIPULAGSGÖGN OG KORTAGRUNNAR

Uppdrættir eru unnir á stafræna kortagrunna (IS50v) frá Landmælingum Íslands og loftmyndir frá Loftmyndum ehf. Kortagrunnar eru í ISN93. Sveitarfélagamörk eru sýnd eins og þau eru á kortagrunnum Landmælinga Íslands (IS50v). Skipulagið er sett fram í greinargerð og á skipulagsuppdráttum. Auk aðaluppdráttar er aðalskipulagið sett fram á nokkrum skýringaruppdráttum til nánari skýringar. Svæði sem eru auðkennd með hringtákn á skipulagsuppdrátti geta verið allt að 3 ha að stærð.



- Sveitarfélagsuppdráttur af Hörgársveit. Mælikvarði: 1:50.000.
- Þéttbýlisuppdráttur af Hjalteyri. Mælikvarði: 1:10.000
- Þéttbýlisuppdráttur af Lónsbakka. Mælikvarði: 1:10.000.

Mynd 1. Sveitarfélagið Hörgársveit merkt með rauðum lit. Heimild: Landmælingar Íslands, 2023.

Skýringaruppdráttir eru eftirtaldir:

- Flokkun landbúnaðarlands (L)
- Landslagsflokkun
- Efnistökusvæði (E)
- Frístundabyggð (F)
- Hverfisvernd (HV)
- Friðlýst svæði (FS)
- Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)
- Náttúruvá
- Víðerni



1.4 ALMENN ÁKVÆÐI UM AFMÖRKUN REITA

Aðalskipulag er stefnumótun um megindrætti skipulags, landnotkunar, þjónustukerfa og umhverfismála sveitarfélaga. Nákvæm útfærsla einstakra þátta er viðfangsefni deiliskipulags og framkvæmdaáætlana eftir því sem við á. Afmörkun landnotkunarreita miðast því við meginatriði, svæði og heildir en ekki nákvæma útfærslu eða lóða- og eignamörk. Almennt eru mörk landnotkunarreita miðuð við miðlínu aðliggjandi gatna í innra gatnakerfi og jaðar veghelgunarsvæða ytra gatnakerfisins. Flatarmál landnotkunarreita er því brúttóflatarmál sem felur í sér gatnakerfi og opin svæði. Nýtingarákvæði aðalskipulags ber að skoða í því ljósi. Í deiliskipulagi getur nýtingarhlutfall einstakra reita og svæða innan landnotkunarreits verið annað en tilgreint er í aðalskipulagi þar sem miðað er við meðaltal og brúttóflatarmál reita.

Landnotkunarreitir eru auðkenndir með númeri og bókstaf. Vegna mælikvarða sveitarfélagsuppdráttar eru svæði sem eru 3 ha eða minni táknuð með hring en ekki afmörkuð nákvæmlega. Landnotkun (litur) og merking reita tekur mið af meginlandnotkun viðkomandi reits. Ákveðið svigrúm getur verið fyrir aðra starfsemi innan þeirra bæði í samræmi við almenna skilmála og sérstaka skilmála einstakra reita. Í deiliskipulagi er kveðið nánar á um notkun og nýtingu einstakra lóða og gerð grein fyrir opnum svæðum, leiksvæðum, útivistarsvæðum, gatnakerfi og stígum. Undantekning frá þessari meginreglu er að lóðir fyrir skóla, leikskóla og grunnskóla eru sýndar sem svæði fyrir samfélagsþjónustu (S).

1.5 VIÐFANGSEFNI OG ÁHERSLUR

Í skipulagsvinnunni verður lögð áhersla á að móta skýra stefnu með aðkomu breiðs hóps, þ.e. íbúa og annarra hagsmunaaðila auk þeirra fulltrúa sem fara með skipulagsvaldið fyrir hönd sveitarfélagsins. Áhersla verður lögð á uppbyggingu innviða og fjölbreyttra atvinnuvega og að auka lífsgæði íbúa með sjálfbæra þróun og nýtingu lands að leiðarljósi, án þess að skerða mikilvæg náttúru- og menningarverðmæti svæðisins. Megin styrkleikar sveitarfélagsins í atvinnumálum liggja í landbúnaði og ferðaþjónustu. Leggja þarf áherslu á mótun og framtíðarsýn þessara atvinnugreina auk þess að skapa grundvöll fyrir ný og fjölbreytt tækifæri til atvinnusköpunar jafnt innan þeirra sem og á öðrum sviðum.

Sett er fram framtíðarsýn sem lýsir þeim árangri sem sveitarfélagið vill ná á næstu 20 árum, og sett fram markmið sem höfð verða að leiðarljósi á skipulagstímabilinu. Framtíðarsýn og markmiðum er ætlað að vera innblástur í því starfi sem fram undan er.

Í skipulagsvinnunni verður lögð áhersla á sjálfbærni í þróun og nýtingu lands. Markmiðið er að auka lífsgæði íbúa með því að búa í haginn fyrir öflugt atvinnulíf og gott og öruggt samfélag sem hvílir á traustum innviðum. Á sama tíma skal þess gætt að náttúru- og menningarverðmæti svæðisins bíði ekki skaða af. Aðalskipulagið byggir á styrkum stoðum stefnuskjala, laga og reglugerða sem í gildi eru. Nánari útfærsla á þeim er eitt af meginviðfangsefnum skipulagsvinnunar.



1.6 MEGINMARKMIÐ OG LEIÐARLJÓS

Leiðarljós aðalskipulags byggir á leiðarljósi og meginmarkmiðum gildandi aðalskipulags sem miðast við að sjá fyrir nægu landrými fyrir fjölbreytta starfsemi til næstu 20 ára.

Leiðarljós

Að stuðla að hagkvæmri þróun byggðar á svæðinu, m.a. með því að skapa sem best skilyrði fyrir fjölbreytt mannlíf og atvinnulíf og gera búsetu á svæðinu aðlaðandi og eftirsóknarverða fyrir fólk á öllum aldri

Lögð er áhersla á eftirfarandi sérgreind markmið:

- Að standa vörð um þau lífsgæði sem felast í sterku og samheldnu samfélagi og nálægð við náttúru.
- Að stuðla að hagkvæmri þróun byggðar á svæðinu, m.a. að taka frá byggingaland fyrir vöxt þéttbýlis og að leggja fram áætlun sem gæti stuðlað að hagstæðum búsetuskilyrðum. Þessu markmiði verði náð með því að efla þætti sem m.a. varða atvinnulíf, menntun, félagslega aðstöðu og samgöngur.
- Að stuðla að auknum og fjölbreyttum atvinnutækifærum með nægu framboði lóða undir iðnað, ferðapjónustu og aðra atvinnustarfsemi og með aukinni nýsköpun.
- Að stuðla að hagkvæmri nýtingu orku- og auðlinda.
- Að standa vörð um landbúnað á svæðinu til að sveitir haldist í blómlegri byggð.
- Að stuðla að góðum samgöngum í byggðarlaginu. Að leita hagkvæmustu lausna í vegagerð og stuðla að umferðar- og rekstraröryggi, samtengingu byggðar, m.a. vegna skólaaksturs og atvinnu utan býla.
- Að stuðla að varðveislu náttúruminja og söguminja og annarra umhverfislegra gæða sem styrkir m.a. ferðapjónustu.
- Að styrkja stoðir og auka vægi ferðapjónustu á svæðinu sem byggir á sérstöðu svæðisins.
- Að standa vörð um vernd grunnvatns sem nytjavatns fyrir íbúa og fyrir atvinnustarfsemi.
- Að stuðla að gróðurvernd og landgræðslu og að landnýting verði í samræmi við landgæði og ástand lands.
- Að skráð verði þekkt hættusvæði, t.d. þar sem jarðskjálfta-, ofanflóða- eða annars konar flóðahætta er til staðar. Nánar verði unnið úr gögnum um hugsanlega náttúruvá síðar meir með gerð jarðfræðikorta.
- Að stuðla að því að nýting lands, auðlinda og mannauðs sé í samræmi við markmið sjálfbærrar þróunar.
- Að benda skýrt á gildi skógræktar enda er líklegt að um verði að ræða umtalsverða breytingu á landnotkun vegna skógræktar, bæði almennrar skógræktar og nytjaskógræktar, þ.e. bændaskóga.
- Loftslagsaðlögun og seigla samfélagsins gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga verði höfð að leiðarljósi í öllu skipulagi.
- Sjálfbærni og heilnæmi umhverfisins verði í öndvegi í öllum málaflokkum og nýting lands og annarra auðlinda verði í sátt við samfélag og náttúru í nútíð og framtíð.



Umfjöllun í endurskoðuðu aðalskipulagi er skipt í eftirfarandi málaflokka:

BYGGÐ

Íbúðarbyggð

- Íbúum hefur fjölgað á undanförunum árum í sveitarfélaginu og stefnt er á frekari fjölgun þeirra svo þörf er á lóðum fyrir fjölbreytt íbúðarhúsnæði. Tekið verður saman yfirlit yfir íbúðarþróun og samsetningu íbúðafjöldans og spá um þróun til framtíðar.
- Einnig verða íbúðarsvæði endurskoðuð með það að markmiði að fjölga íbúðum þannig að þau rúmi framtíðaríbúðarþörf til næstu 20 ára þar sem gert er ráð fyrir að íbúar verði a.m.k. 1.000 talsins fyrir lok árs 2026.
- Íbúðarsvæði í landi Blómsturvalla fellt út.

Frístundabyggð

- Frístundabyggð á Arnarnesi. Skilgreind er núverandi frístundabyggð ofan við tjörnina, neðan við Kambhól.

ATVINNA

Landbúnaðarsvæði

- Samhliða endurskoðun aðalskipulagsins verður unnin greining á flokkun landbúnaðarlands og þau skilgreind m.t.t. gæða til samræmis við leiðbeiningar atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Þessi greining mun nýtast við vinnu skipulagsgerðarinnar.
- Stefna um landbúnaðarsvæði verður yfirfarin, þ.á.m. heimildir til framkvæmda á landbúnaðarsvæðum og stefna um nýtingu.
- Byggingarheimildir á landbúnaðarlandi og á lóðum í dreifbýli undir 3 ha.
- Yfirfara stefnu um skógrækt á landbúnaðarsvæðum og kröfur til leyfisveitinga m.t.t. nýrra laga og landsáætlunar um skógrækt.

Efnistöku- og efnislosunarsvæði

- Yfirfara stefnu og skilmála um efnistöku- og efnislosunarsvæði. Skoða stöðu og áform, þ.e. taka ákvörðun um hvaða svæðum á að loka, hvar á að halda áfram og hvar kemur til greina að opna ný svæði. Skilgreint eru ný efnistökusvæði í landi Gása, Hamars, Spónsgerði 2, Dunhaga 2 og eitt efnislosunarsvæði í landi Blómsturvalla.

UMHVERFI

Skógræktar- og landgræðslusvæði

- Skilgreina ný svæði undir skógrækt eða landgræðslu sem eru í umsóknarferli.
- Stefna sveitarfélagsins verði endurskoðuð af fenginni reynslu undanfarinna ára.

Náttúruvá

- Umfjöllun um ofanflóð endurskoðuð og uppfærð.

Reiðleiðir

- Reiðvegur við Kambhól og Fagraskóg, bætt við sem og reiðleið ofan vegar frá Þinghóli að sveitarfélagamörkum Skagafjarðar.



Almennir skilmálar

- Skilmálar um veitingu stöðuleyfis skilgreindir.
- Vatnstökustaðir fyrir slökkvistarf skilgreindir með nýjum kafla um brunavarnir.

Vegir

- Nýr aðkomuvegur að hafnar- og athafnasvæði við Dysnles skilgreindur.

Við endurskoðun þessa aðalskipulags var einnig bætt við einstökum stefnumiðum úr samþykktri Landsskipulagsstefnu sem og settar inn tengingar við Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna. Uppsetning einstakra landnotkunarkafla einfölduð og uppfærð þar sem vísað er í hvort um sé að ræða gilandi stefnu eða stefnu sem tekin er úr Landsskipulagsstefnu, Heimsmarkmiðum eða stefnum eða áætlunum á sveitarfélagsvísu.

2 TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Við endurskoðun aðalskipulagsins er tekið mið af öðrum áætlanagerðum á vegum sveitarfélagsins og ríkisins. Í lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013, er gert ráð fyrir vernd víðerna auk merkra jarðmyndanna og vistkerfa. Í lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 (Rammaáætlun) eru virkjanakostir skv. öðrum áfanga Rammaáætlunar flokkaðir í varúðarsvæði og aðra náttúruvernd. Rammaáætlun tekur ekki til neinna virkjanakosta í Hörgársveit.

2.1 LANDSSKIPULAGSSTEFNA

Landsskipulagsstefna 2024-2038 er unnin á grundvelli skipulagslaga nr.123/2010 og var samþykkt á Alþingi í maí 2024 og leysir hún af hólmi landsskipulagsstefnu 2015-2026. Landsskipulagsstefna felur í sér samræmda stefnu ríkisins í skipulagsmálum fyrir landið í heild auk haf- og strandsvæða og felur í sér almennar leiðbeiningar við skipulagsgerð sveitarfélaga. Framtíðarsýn stefnunnar byggir á leiðarljósum eldri stefnu um að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun og lífsgæðum, styðji samkeppnishæfni og sé sveigjanlegt og stuðli að viðnámsþrótti gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.

Í landsskipulagsstefnu 2024-2038 eru eftirfarandi þrjú markmið lögð til grundvallar, sem öll byggja á sjálfbærri þróun.

A. Markmið um vernd umhverfis og náttúru snýr að heilnæmi umhverfis og verndun og varðveislu víðerna, landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni. Þar kemur fram áhersla á kolefnishlutleysi sem leiðarljós í skipulagi og samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda frá landnotkun.

B. Markmið um velsæld samfélags snýr að almennri velsæld í samfélagi og gæðum í hinu byggða umhverfi með jafnvægi í nýtingu lands í þéttbýli og dreifbýli þar sem vöxtur samfélaga gengur ekki um of á náttúrulegt umhverfi. Þar kemur fram áhersla á loftslagsaðlögun sem leiðarljós í skipulagi og seiglu samfélaga gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga.

C. Markmið um samkeppnishæft atvinnulíf snýr að samkeppnishæfni samfélags og eflingu atvinnulífs, hagkvæmri uppbyggingu innviða og sjálfbærri nýtingu auðlinda þar sem vexti er beint á tiltekin svæði. Þar kemur fram áhersla á kolefnishlutleysi sem leiðarljós í skipulagi með aukinni bindingu gróðurhúsalofttegunda.

Til að takast á við þær áskoranir sem blasa við á sviði skipulagsmála skal unnið að eftirfarandi níu lykilviðfangsefnum:

1. Viðbrögðum við loftslagsbreytingum.

2. Jafnvægi í uppbyggingu húsnæðis og lífsgæði í byggðu umhverfi.
3. Uppbyggingu þjóðhagslega mikilvægra innviða.
4. Landnotkun í dreifbýli.
5. Landnotkun á miðhálandi Íslands.
6. Orkuskiptum í samgöngum og fjölbreyttum ferðamáta.
7. Skipulag haf- og strandsvæða.
8. Skipulag vindorku.
9. Vernd líffræðilegrar fjölbreytni.

Lögð er mikil áhersla á að sveitarfélög útfæri í skipulagi hvernig draga megi úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka bindingu kolefnis. Sveitarfélög skulu taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana eða breytinga á þeim.

2.2 RAMMAÁÆTLUN

Rammaáætlun tekur fyrir vernd og nýtingu auðlinda landsins og landsvæða og er samheiti yfir ákveðin lög, ferli og aðferðarfræði sem eru verkfæri til að greiða úr ágreiningi sem kann að rísa er varðar nytjar landsins. Samkvæmt verndar- og orkunýtingaráætluninni skal tryggt að nýting landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti byggist á langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati þar sem tekið verði tillit til verndargildis náttúru og menningarsögulegra minja, hagkvæmni og arðsemi ólíkra nýtingarkosta og annarra gilda sem varða þjóðarhag og hagsmuna þeirra sem nýta þessi sömu gæði, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Virkjanakostir eru flokkaðir í orkunýtingar-, bið- og verndarflokk. Samkvæmt gildandi rammaáætlun eru engir kostir í Hörgársveit í biðflokki, verndarflokki né orkunýtingarflokki.

2.3 NÁTTÚRUVERNDARÁÆTLUN

Lög um náttúruvernd nr. 60/2013 tóku gildi árið 2015. Samkvæmt 13. gr. laganna gefur ráðherra út náttúruminjaskrá og leggur fram á Alþingi eigi sjaldnar en á 5 ára fresti tillögu að þingsályktun um framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár. Í nýju lögunum er gert ráð fyrir náttúruminjaskrá sem skiptist í 3 hluta: A- hluti er skrá yfir náttúruminjar og svæði sem hafa verið friðlýst eða friðuð. B- hluti er framkvæmdaáætlun



Mynd 2. Krossanesborgir. Mynd: Kristófer Knútsen.

náttúruminjaskrár þ.e. skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum. C- hluti er skrá yfir náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa eða friða. Í nýju náttúruverndarlögunum voru einnig skilgreindir nýir flokkar friðlýstra svæða, þ.e. óbyggð víðerni og landslagsverndarsvæði. Ráðherra ákveður friðlýsingu svæða og friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda og tekur jafnframt ákvörðun um breytingu og afnám friðlýsingar og friðunar. Í lögunum er lögð áhersla á að byggja upp skipulagt net verndarsvæða til að stuðla að vernd



Líffræðilegrar fjölbreytni, jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags. Ákvæði um efnistöku sem áður voru í náttúruverndarlögum hafa verið færð inn í skipulagslög.

2.4 SAMGÖNGUÁÆTLUN

Þann 29. júní 2020 var Samgönguáætlun til fimmtán ára 2020-2034 og aðgerðaáætlun til fimm ára 2020-2024 samþykktar á Alþingi. Um er að ræða uppfærða og endurskoðaða samgönguáætlun á grunni þeirrar sem samþykkt var á Alþingi í febrúar 2019. Í aðgerðaráætluninni eru m.a. tíundaðar fyrirhugaðar nýframkvæmdir við vegi, flugvelli, hafnir o.fl. og fjárveitingar þeirra á fjögurra ára tímabili, ásamt því að sett eru markmið fyrir ýmis almenn samgönguverkefni. Í gildandi aðgerðaáætlun 2020-2024 eru tvær framkvæmdir fyrirhugaðar í sveitarfélaginu og er þeim báðum lokið.

Eitt af markmiðum samgönguáætlunar er að bæta lífsgæði um land allt með bættum samgöngum og styrkara grunnneti samgangna. Þeir vegir sem liggja um Hörgársveit og teljast til grunnnets samgangna eru Hringvegur, Ólafsfjarðarvegur og Hörgárdalsvegur.

Í gildandi þingsályktunartillögu um samgönguáætlun er gert ráð fyrir breytingum á Hringvegi (1) á kafla um Hörgársveit á 4. tímabili áætlunarinnar, þ.e. á árunum 2036–2040. Þar er m.a. stefnt að breikkun vegarins og aðskilnaði akstursstefna með vegriði, með það að markmiði að bæta umferðaröryggi og greiðfærni. Við áframhaldandi skipulagsvinnu og útfærslu landnotkunar skal tekið mið af þessum áformum, m.a. með því að forðast nýjar tengingar við Hringveg og gera ráð fyrir hliðarvegum þar sem við á.

2.5 FJARSKIPTAÁÆTLUN

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra leggur fram á Alþingi, að minnsta kosti á þriggja ára fresti, tillögu til þingsályktunar um fjarskiptaáætlun þar sem mörkuð er stefna til næstu fimmtán ára. Í fjarskiptaáætlun eru skilgreind markmið stjórnvalda sem stefna ber að og leggja þannig grunn að framþróun íslensks samfélags. Stuðla skal að aðgengilegum og greiðum, hagkvæmum og skilvirkum, öruggum og umhverfisvænum fjarskiptum. Í gildi er stefna í fjarskiptum 2019-2033 nr. 32/149 og fimm ára fjarskiptaáætlun 2019-2023 nr. 31/149. Í kafla 2.1.1. í gildandi stefnu er lögð áhersla á að aðgengi lögheimila og atvinnuhúsnæðis að ljósleiðara verði 99,9%. Samkvæmt vegmælingum Póst- og Fjarskiptastofnunar á 3G og 4G sambandi, er víðast hvar gott farsímasamband við stofn og tengivegi í sveitarfélaginu. Háhraðanet með ljósleiðara er í hluta sveitarfélagsins, í Arnarneshrepps-hluta hans, Lónsbakka, Kræklingahlíð og hluta Hörgárdals.

2.6 KERFISÁÆTLUN LANDSNETS

Aðalskipulag Hörgársveitar tekur mið af Kerfisáætlun Landsnets, sem er langtímaáætlun um þróun flutningskerfis raforku á landsvísu. Við skipulagsgerð er leitast við að tryggja að landnotkun, uppbygging og framkvæmdir innan sveitarfélagsins gangi ekki gegn markmiðum kerfisáætlunarinnar og að nægjanlegt rými sé fyrir rekstur, viðhald og mögulega framtíðaruppbyggingu flutningskerfis raforku. Frekari útfærsla og nákvæm lega raflína, tengivirki og annarra mannvirkja flutningskerfis er háð nánari skipulagsgerð og samráði við Landsnet. Kerfisáætlun Landsnets 2021-2030 er áætlun um uppbyggingu flutningskerfis raforku, annars vegar 10 ára langtímaáætlun og hins vegar framkvæmdaáætlun til næstu þriggja ára. Áætlunin byggir meðal annars á markmiðum raforkulagna um afhendingaröryggi og viðmiðum í stefnu stjórnvalda um lagningu raflína. Blöndulína 3 er á áætlun Landsnets um framkvæmdaverk 2022-2024. Samkvæmt nýrri Kerfisáætlun Landsnets 2025–2035 (framkvæmdaáætlun 2026–2028) er nú gert ráð fyrir að framkvæmdir við Blöndulínu 3 hefjist árið 2026 og ljúki árið 2028.



2.7 AÐGERÐAÁÆTLUN Í LOFTSLAGSMÁLUM

Aðgerðir íslenskra stjórnvalda til að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda til 2030. Áætlunin er framlag Íslands til að ná markmiðum Parísarsamningsins. Henni er ætlað að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda og leggja grunninn að markmiði stjórnvalda um kolefnishlutleysi Íslands árið 2040 (Verkefnisstjórn aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum, 2020). Aðgerðaáætlunin tekur til helstu aðgerða stjórnvalda, alls 48 talsins, til að draga úr losun og auka kolefnisbindingu úr andrúmslofti, þannig að Ísland gæti staðið við alþjóðlegar skuldbindingar sínar í loftslagsmálum. Aðgerðir eru ólíkar og misjafnar að umfangi. Þær eru settar fram í 9 flokkum, m.a. samgöngur á landi, landbúnaður, úrgangur og sóun og landnotkun, og aðgerðir í hverjum flokki eru útlistaðar. Uppfærð aðgerðaáætlun með 150 aðgerðum er í samráðsferli (Stjórnarráð Íslands; Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, 2024).

2.8 Í LJÓSI LOFTSLAGSVÁR - STEFNA UM AÐLÖGUN AÐ LOFTSLAGSBREYTINGUM

Samhliða vinnu við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi er unnið að aðlögun að þeim breytingum sem eru að verða og brugðist við þeirri vá sem stafar af áhrifum loftslagsbreytinga og afleiðingum þeirra. Framtíðarsýn stjórnvalda er að íslenskt samfélag og lífríki búi að viðnámsþrótti gagnvart loftslagsvá og að aðlögun að loftslagsbreytingum sé fastur þáttur í áætlunum og starfsemi hins opinbera, stofnana og fyrirtækja og þekkt viðfangsefni meðal félagasamtaka og almennings. Aðlögun skal vera hluti af ákvarðanatöku stjórnvalda og innan viðeigandi geira og atvinnugreina svo greiningar og ákvarðanir taki til loftslagsáhættu og afleiðinga hennar. Dæmi um loftslagsvá í Íslandi til framtíðar er aukin úrkomuákefð, fleiri þurrkadagar, sjávarborðshækkun og hlýnun veðurfars með ýmsum afleiðingum og áhrifum á samfélög í átt að hringrásarhagkerfi - Stefna umhverfis- og auðlindaráðherra í úrgangsmálum/

Stjórnvöld hafa sett sér metnaðarfull markmið er varða myndun og meðhöndlun úrgangs.

SAMAN GEGN SÓUN – ALMENN STEFNA UM ÚRGANGSFORVARNIR 2016-2027

Markmið stefnunnar eru:

- að draga úr myndun úrgangs
- að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda
- að bæta nýtingu auðlinda, m.a. með áherslu á græna nýsköpun
- að draga úr hráefnisnotkun samhliða minni umhverfisáhrifum.
- að minnka dreifingu á eignum sem eru skaðleg heilsu og umhverfi.

ALMENN STEFNA UM MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS 2021–2032

Stefnan er gefin út í samræmi við 5. gr. laga um meðhöndlun úrgangs. Líkt og lögin gera ráð fyrir er fjallað um hlutverk stjórnvalda og einkaaðila við meðhöndlun úrgangs, farið yfir stöðu úrgangsmála í landinu og sett fram stefna til að bæta endurnotkun, endurvinnslu, aðra endurnýtingu og förgun úrgangs. Þá felur stefnan í sér aðgerðir sem grípa á til í því skyni að styðja við meginmarkmið hennar. Loks eru gerðar upp þær tillögur að markmiðum og aðgerðum sem birtust í Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013–2024.

Markmið stefnunnar eru:

- Að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá meðhöndlun úrgangs og vinna að kolefnishlutleysi Íslands.
- Að stuðla að sjálfbærri auðlindanýtingu með því að auka endurvinnslu og aðra endurnýtingu úrgangs, draga úr urðun og hætta urðun lífbrjótanlegs úrgangs.



- Að úrgangur sem til fellur fái viðeigandi meðhöndlun svo hann skapi ekki hættu fyrir heilbrigði manna og dýra eða valdi skaða á umhverfinu.

2.9 VATNAÁÆTLUN FYRIR ÍSLAND 2022-2027

Vatnið er dýrmæt auðlind sem þarf að vernda og stýra notkun á. Með setningu laga um stjórn vatnamála var sett á fót nýtt stjórnkerfi sem miðar að verndun íslenskrar vatnsauðlindar til framtíðar. Hið nýja stjórnkerfi felur í sér heildstæða og samræmda stjórn vatnamála, rannsóknir og vöktun sem byggir á samvinnu stjórnvalda, stofnana, ráðgjafa, sveitarfélaga, hagsmunaaðila og almennings. Markmið laga um stjórn vatnamála er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa þar sem þess er þörf til að vatn njóti heildstæðrar verndar. Markmiðið er einnig að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtíma-vernd vatnsauðlindarinnar. Þessi fyrsta vatnaáætlun fyrir landið er fyrsta heildstæða stefnan fyrir verndun vatnsauðlindarinnar á Íslandi.

Í vatnaáætlun er fjallað um hluta þeirra fjölmörgu verkþátta sem vinna þarf fyrir hvern vatnahring til að innleiða stjórn vatnamála. Gert er grein fyrir umgjörð og stjórnarskipulagi stjórnar vatnamála en margir koma að gerð hennar. Ferlinu við framsetningu grunneininga stjórnar vatnamála er lýst, sem meðal annars felst í því að afmarka og skilgreina stjórnsýslueininguna vatnshlot og hvernig áætlað er að ná umhverfismarkmiðum þeirra. Einn liður í því að ná umhverfismarkmiðum fyrir vatnshlotin er að greina álag á vatn um allt land og flokka vatnshlotin eftir álagi, þ.e. í hættu eða í óvissu um að ná umhverfismarkmiðum sínum. Þegar óvissa ríkir um hvort umhverfismarkmiðum verður náð eru settar fram aðgerðir í aðgerðaáætlun til að skera úr um hvort slík hætta sé fyrir hendi og aðgerðir til að halda vatni almennt í góðu ástandi um allt land. Vöktunaráætlun hefur þann tilgang að samræma vöktun vatns og afla gagna til að meta ástand vatns á landsvísi en töluvert vantar upp á að gögn séu til staðar til að hægt sé að meta raunástand vatnsauðlindarinnar

2.10 HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA



HEIMSMARKMIÐIN
Markmið Sameinuðu þjóðanna
um sjálfbæra þróun

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna í september árið 2015. Markmiðin gilda á tímabilinu 2016-2030 og eru 17 talsins með 169 undirmarkmið. Þau taka bæði til innanlandsmála sem og alþjóðasamstarfs á gildistímanum. Heimsmarkmiðin eru algild og því hafa aðildarríkin skuldbundið sig til að vinna skipulega að innleiðingu þeirra bæði á innlendum og erlendum vettvangi út gildistíma þeirra. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra

þróun skulu höfð að leiðarljósi í stefnumörkun í sveitarfélaginu, í samræmi við áherslur stjórnvalda sem hafa samþykkt innleiðingu markmiðanna á Íslandi. Með markmiðunum er leitast við að tryggja öllum mannréttindi og ná fram kynjajafnrétti og efla vald kvenna og stúlkna. Markmiðin eru samþætt og órjúfanleg og mynda jafnvægi milli hinna þriggja stöða sjálfbærrar þróunar, þ.e. hinnar efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu stöðar. Ríkisstjórn Íslands hefur forgangsraðað 65 undirmarkmiðum við innleiðingu heimsmarkmiðanna á Íslandi, en forgangsroðunin tekur mið af stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Forgangsmarkmiðin endurspeglar áherslur stjórnvalda við innleiðingu markmiðanna næstu árin. Þau útiloka þó ekki að unnið verði að innleiðingu annarra markmiða.

2.11 BYGGÐAÁÆTLUN FYRIR ÁRIN 2018-2024

Stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024 samanstendur af 54 fjölbreyttum aðgerðum, svo sem er varða að Ísland verði

ljósleiðaratengt, fjarheilbrigðisþjónusta, almenningssamgöngur um allt land, jöfnun orkukostnaðar, fl utningskerfi raforku og aukið orkuöryggi, nýsköpun í matvælaíðnaði, störf án staðsetningar og



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

fjölbreytt atvinnutækifæri um allt land, varmadæluvæðing á köldum svæðum og fagmennska á sviði innviða á náttúruverndarsvæðum.

2.12 SVÆÐISSKIPULAG

Í gildi er Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024. Svæðisskipulagið nær til allra sveitarfélaga við Eyjafjörð: Fjalla- og Dalvíkurbyggðar, Hörgársveitar, Akureyrarkaupstaðar, Eyjafjarðarsveitar, Svalbarðsstrandar- og Grýtubakkahrepps. Svæðisskipulaginu er ætlað að vera byggðaaðætlun sveitarfélaganna sem skilgreinir sameiginlegar áherslur og verkefni um leið og það er skipulagsáætlun sem leggur línur fyrir aðalskipulags- og deiliskipulagsgerð hvers sveitarfélags. Leiðarljós svæðisskipulagsins eru að Eyjafjarðarsvæðið verði öflug heild í heilnæmu umhverfi með traustu atvinnulífi, sterkum innviðum og fjölbreyttum búsetukostum. Íbúar hafi jöfn tækifæri til að nýta sér kosti og möguleika svæðisins, óháð búsetu, en það stuðlar að samkennd þeirra og samvinnu.

Hvað er svæðisskipulag?

Svæðisskipulag er landnotkunaráætlun fyrir allt land tveggja eða fleiri sveitarfélaga sem er unnin að þeirra frumkvæði eða Skipulagsstofnunar. Markmið þess er að samræma stefnu sveitarstjórnarmanna um landnotkun og þróun byggðar fyrir a.m.k. 12 ára tímabil.

Með svæðisskipulagsáætlunum er reynt að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og stuðla að sem hagkvæmastri nýtingu auðlinda og svæða fyrir heildina. Svæðisskipulag er bæði stjórntæki og stefnuyfirlýsing sveitarstjórna í viðkomandi málaflokkum og skal stuðla að sameiginlegri framtíðarsýn sveitarstjórna, íbúa og hagsmunaaðila.

Markmið svæðisskipulagsins sem hafa áhrif á endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar:

- Eyjafjörður skal vera eitt atvinnusvæði.
- Ekki er gert ráð fyrir uppbyggingu nýrra þéttbýlisstaða.
- Stefnt skal að hagkvæmu byggðamynstri og áhersla lögð á að ný íbúðarbyggð tengist beint þeirri byggð sem fyrir er.
- Sú byggð er að jafnaði hagkvæmust þar sem þjónustukerfi nýtist vel og íbúar njóti nálægðar við verslun og þjónustu, skóla og heilsugæslu.
- Tryggja skal mið af markmiðum um varðveislu góðs landbúnaðarlands við staðarval og skipulag byggðar.
- Göngu- og hjólaleiðir verði milli sveitarfélaganna á skipulagssvæðinu, þar sem kostur er, auk tenginga við nærliggjandi héruð. Samræmingar verði gætt í aðalskipulagi sveitarfélaganna.
- Reiðleiðir (stofnleiðir) verði milli sveitarfélaganna á skipulagssvæðinu, þar sem kostur er, auk tenginga við nærliggjandi sveitarfélög. Samræmingar verði gætt í aðalskipulagi sveitarfélaganna.

2.13 AÐALSKIPULAG NÁGRANNASVEITARFÉLAGA

Taka þarf mið af aðalskipulagi nágrannasveitarfélaganna Eyjafjarðarsveitar, Akureyri, Akrahrepps, Dalvíkurbyggð og Skagafjarðar við endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar og leita umsagnar þeirra um tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi.

2.14 AÐRAR STEFNUR OG SAMÞYKKTIR Á SVEITARFÉLAGS- OG SVÆÐISVÍSU

- Samþykktir sveitarfélagsins um ýmis málefni.
- Húsnæðisáætlun, 2024.



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

- Skólastefna Hörgársveitar, 2020.
- Jafnréttisáætlun Hörgársveitar, 2022-2026.
- Jafnlaunastefna Hörgársveitar, 2022.
- Menningarstefna Hörgársveitar, 2023-2033.
- Umhverfisstefna 2021-2031.
- Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi 2023-2036.
- Sóknaráætlun Norðurlands.
- Áfangastaðaáætlun Norðurlands.

2.15 AÐRAR ÁÆTLANIR STJÓRNVALDA

Aðrar stefnur og áætlanir stjórnvalda sem snerta á mállefnum aðalskipulags Hörgársveitar verða hafðar verða til hliðsjónar við endurskoðun skipulagsins.

- Hreint loft til framtíðar Áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029.
- Matvælastefna Íslands til ársins 2040.
- Stefnummáttur í ferðaþjónustu til 2030. Framtíðarsýn og áherslur í íslenskri ferðaþjónustu.
- Samningur Sameinuðu Þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni (Convention on Biological Diversity, CBD).
- Ramsarsamningurinn um vernd votlendis.
- Bernarsamningurinn um villtar plöntur og dýr.
- Árósasamningurinn um aðgang að réttlátri málsmeðferð.
- Landslagsverndarsamningur Evrópu.
- Einnig er tekið mið af stefnu íslenskra stjórnvalda um líffræðilega fjölbreytni til ársins 2030, sem gefin var út af umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti árið 2025. Stefnan leggur áherslu á vernd vistkerfa, jarðbreytileika og sjálfbæra landnýtingu, sem er í samræmi við markmið aðalskipulags Hörgársveitar um náttúruvernd og sjálfbæra þróun



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044



Mynd 3. Úr Hörgársveit.



3 STEFNA OG MARKMIÐ AÐALSKIPULAGS

Markmið

- Stuðla að sjálfbærni samfélagi og grósku þess og hagkvæmri þróun byggðar og nýtingu lands.
- Efla byggð, menningu og atvinnulíf og auka lífsgæði íbúa. Lýðheilsa verði eflað með fjölbreyttum möguleikum til hreyfingar, útivistar og samneytis í nærumhverfi.
- Sveitarfélagið verði eftirsótt til frístunda og útivistar í rólegu umhverfi og nálægð við náttúruna og umgengni hvarvetna til fyrirmyndar.
- Stuðla að fjölbreyttum atvinnutækifærum með traustum innviðum fyrir nýjar atvinnugreinar og þróun þeirra sem fyrir eru. Innviðir samfélagsins standist kröfur nútímans og bæti öryggi, afkomu og lífsgæði íbúa.
- Standa vörð um þá sérstöðu og aðdráttarafl sem svæðið býr yfir. Náttúru- og menningaminjar og önnur umhverfisleg gæði verði varðveitt og landgæði innan sveitarfélagsins endurheimt.
- Loftslagsaðlögun og seigla samfélagsins gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga verði leiðarljós í öllu skipulagi.
- Sjálfbærni og heilnæmi umhverfisins verði í öndvegi í öllum málaflokkum og nýting lands og annarra auðlinda verði í sátt við samfélag og náttúru í nútíð og framtíð.

Í aðalskipulagi er mörkuð stefna fyrir sveitarfélagið og þróun þess til næstu áratuga. Aðalskipulagi er ætlað að vera hagnýtt verkfæri við uppbyggingu og eflingu byggðar, atvinnulífs og mannlífs en einnig málsvári náttúrunnar. Það skal vera traust umgjörð um atvinnulíf sem byggir á sjálfbærri nýtingu þeirra gæða og auðlinda sem svæðið býr yfir og standa vörð um framtíð þeirra og rétt komandi kynslóða til að njóta þeirra. Markmiðið er að þróun byggðar sé hagkvæm og sjálfbær og búseta á svæðinu sé aðlaðandi og eftirsóknarverð fyrir fólk á öllum aldri, að auka lífsgæði íbúa og búa í haginns fyrir blómlegt atvinnulíf og gott samfélag sem hvílir á traustum innviðum og sjálfbærri nýtingu auðlinda.

Jafnvægi í nýtingu lands skal haft að leiðarljósi og vöxtur samfélagsins ekki ganga um of á náttúrulegt umhverfi. Markmiðið er að vernda landslag, náttúru og menningarverðmæt. Mikilvægt er að standa vörð um gott landbúnaðarland sem ræktunarland til framtíðar.

Sveitarfélagið er dreifbýlissveitarfélag og í því liggja styrkleikar þess sem meginatvinnuvegir og vaxtarsprotar svæðisins, landbúnaður og ferðaþjónusta, byggja á. Lögð er áhersla á þróun og framtíðarsýn þessara atvinnugreina auk þess að skapa grundvöll fyrir fjölbreytta atvinnusköpun, jafnt innan þeirra sem á öðrum sviðum.

Sett eru skýr markmið vernd og viðhald gæða sem sveitarfélagið býr að en mikilvægt er að aðalskipulagið sé sveigjanlegt og aðlaga megi útfærslur og aðferðir til að stuðla að viðnámsþrótti gagnvart þeim samfélags- og umhverfisbreytingum sem sífellt eiga sér stað.



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

3.1 UMhverfi og Yfirbragð/Ásýnd/UMGJÖRÐ

Viðbrögð við loftslagsbreytingum, jafnvægi í uppbyggingu húsnæðis og lífsgæði í byggðu umhverfi, landnotkun í dreifbýli og vernd líffræðilegrar fjölbreytni eru á meðal lykilviðfangsefna landsskipulagsstefnu. Samkvæmt landsskipulagsstefnu skal skipulag fela í sér stefnu um yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja. Stefna um umhverfi og yfirbragð byggir á markmiðum landsskipulagsstefnu og gildandi aðalskipulagi og tekur til allrar landnotkunar í sveitarfélaginu.

MARKMIÐ

- Hörgársveit hafi hrein og snyrtileg ásýnd.
- Skipulag stuðli að varðveislu landslags, náttúru og menningararfs.
- Ný byggð falli vel að umhverfi, landslagi og hefðbundnum byggingarstíl.
- Tryggja aðgengi að gæðum náttúru, útivist og strandsvæðum.
- Móta stefnu um landnotkun sem tekur mið af loftslagsbreytingum og langtímahagsmunum samfélagsins.

Pema	Stefna	Útskýring	Heimild	Ábyrgðaraðili
Hrein ásýnd og náttúruvernd	Mengun og sorp nái ekki út í náttúruna	Rekstur og skipulag endurspeglir hreina umgjörð	Hörgársveit Umhverfis-stefna 3.3	Sveitarfélagið
Vernd víðerna og landslagsheilda	Vernda fjölbreytt landslag og víðerni	Forðast uppbyggingu á ósnortnum svæðum	A.5	Sveitarfélagið og Skipulagsstofnun
Hönnun byggðar og mannvirkja	Falli að umhverfi og sögulegri byggð	Nýbyggingar og skipulag taki mið af staðháttum og menningararfi	B.7.1, A.7.4	Sveitarfélagið, hönnuðir, framkvæmdaaðilar
Útivistarsvæði	Svæði fyrir hreyfingu og endurnæringu	Skipulagsgerð geri ráð fyrir fjölbreyttum svæðum fyrir alla	B.7.2	Sveitarfélagið
Strandsvæði og náttúruvernd	Umhverfisbær hönnun og aðgengi að strönd	Gæta skal menningarminja og almenningsaðgengis	B.7.9, B.7.10	Sveitarfélagið, Náttúruverndarstofnun
Greining landslags	Byggja á greiningu landslagsgerða	Notað sem grundvöllur fyrir staðsetningu uppbyggingar	A.7.5	Skipulagsráðgjafar, sveitarfélagið
Menningarlandslag	Byggt á gæðum og sérkennum náttúru og byggðar	Uppbygging samræmist staðareinkennum og sögulegu búsetulandslagi	A.7, A.7.1, A.7.2	Sveitarfélagið
Loftslagsáhætta	Tekið tillit til náttúruvá og áhrifa loftslagsbreytinga	Flóð, skriður, ágangur sjávar metin með hliðsjón af opinberum spám	B.1.2	Sveitarfélagið, Veðurstofa Íslands
Samfélagsstyrking í dreifbýli	Skipulag styðji við byggðapróun og samfélag	Leiða uppbyggingu að kjörnum og styðja núverandi búsetu	B.2.1, B.2.2	Sveitarfélagið
Úrgangsmál	Gera ráð fyrir innviðum við lögbýli og ferðamannastaði	Flokkun og móttaka úrgangs tryggð í dreifbýli	B.10.2	Sveitarfélagið, Sorpsamlög



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

3.2 LOFTSLAG

Samkvæmt landsskipulagsstefnu skal skipulag fela í sér stefnu um loftslagsmál með kolefnishlutleysi og orkuskipti að leiðarljósi. Loftslagsstefna þessi byggir á markmiðum landsskipulagsstefnu og umhverfisstefnu Hörgársveitar 2021-2031.

MARKMIÐ

- Hörgársveit verði kolefnishlutlaus sveitarfélag árið 2035.
- Sveitarfélagið dragi úr losun gróðurhúsalofttegunda og auki kolefnisbindingu.
- Skipulag styðji aðlögun að loftslagsbreytingum og vernd líffræðilegrar fjölbreytni.
- Íbúar og fyrirtæki verði hvött til sjálfbærra lífshátta og umhverfisábyrgðar.
- Jarðvegur, votlendi og land verði nýtt á sjálfbæran hátt í sátt við náttúruna.

Þema	Stefna	Útskýring	Heimild	Ábyrgðaraðili
Fræðsla og vitund	Fræðsla sé grundvallarstef í loftslagsmálum sveitarfélagsins	Skólar séu heilsueflandi, flaggi Grænfánanum og fræðsla nái til samfélagsins alls	Skólastefna Hörgársveitar	Sveitarfélagið, skólar
Heilsueflandi samfélag	Hörgársveit verði heilsueflandi sveitarfélag með fræðslu og aðstöðu til hreyfingar og útivistar	Lagt er upp með að efla andlega og líkamlega heilsu íbúa	Stefna Hörgársveitar, Heimsmarkmið 3	Sveitarfélagið,
Kolefnishlutleysi sveitarfélags	Starfsemi sveitarfélagsins verði kolefnishlutlaus árið 2035	Byggt á aðgerðaáætlun um orkuskipti og kolefnisbindingu	Stefna Hörgársveitar	Sveitarfélagið
Kolefnisbinding og vernd landgæða	Standa skal vörð um landgæði og náttúru með sjálfbærri nýtingu og kolefnisbindingu	Landgræðsla, skógrækt og endurheimt votlendis	Stefna Hörgársveitar, Heimsmarkmið 13, LSS A.1.5	Sveitarfélagið, Land og Skógur, Land og Skógur
Loftgæði og loftmengun	Gætt verði að loftgæðum og leitast við að draga úr loftmengun	Lágmörkun losunar frá samgöngum og framkvæmdum	Stefna Hörgársveitar, LSS A.1.1	Sveitarfélagið, Náttúruverndarstofnun
Úrgangsmál	Hörgársveit verði til fyrirmyndar í úrgangsmálum með áherslu á flokkun, endurvinnslu og nýtingu lífrænna auðlinda	Forðast urðun, styðja hringrásarhagkerfi	Stefna Hörgársveitar, LSS A.2.4, B.10	Sveitarfélagið, Sorpsamlag Eyjafjarðar
Samgöngur	Lögð verði áhersla á greiðar og umhverfisvænar samgöngur með vegum og stígakerfi	Uppbygging stíga eflir lýðheilsu og styður orkuskipti	Stefna Hörgársveitar, LSS A.2.4	Sveitarfélagið, Vegagerðin
Umhverfisábyrgð atvinnulífs	Fyrirtæki verði hvött til að starfa í sátt við náttúru og samfélag,	Stuðlar að sjálfbærri atvinnuuppbyggingu	Stefna Hörgársveitar, LSS C.6,	Sveitarfélagið, atvinnulíf



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

með dýravelferð að
leiðarljósi

Heimsmarkmið
8.4

Aðgerðaáætlanir stjórnvalda	Skipulag taki mið af aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum	Tryggir samræmi við landsstefnu	LSS A.1.6	Sveitarfélagið
Áhættugreining loftslagsbreytinga	Skipulagsákvæðanir taki mið af þekktum afleiðingum loftslagsbreytinga	Rennsli, flóðahætta, skriðuföll, úrkoma, sandfok, jöklar, gróðureldar	LSS B.1.2, Veðurstofa Íslands	Sveitarfélagið, Veðurstofan
Mótvægisáðgerðir	Skipulag taki mið af mótvægisáðgerðum þegar umhverfisáhrif eru óumflýjanleg	Mótvægisáðgerðir verði skilgreindar í deiliskipulagi	LSS B.9.1	Sveitarfélagið
Jarðvegur og votlendi	Jarðvegur verði nýttur á ábyrgan hátt og forðast verði uppbyggingu á votlendi	Endurheimt votlendis, nýting jarðvegs við framkvæmdir	Stefna Hörgársveitar, LSS A.1.5	Sveitarfélagið, Land og Skógur
Líffræðileg fjölbreytni	Skipulag taki mið af vernd og eflingu líffræðilegrar fjölbreytni	Með áðgerðum í landgræðslu, skógrækt og vatnavernd	Stefna Hörgársveitar, Heimsmarkmið 15	Sveitarfélagið, Náttúruverndarstofnun
Orkuskipti	Í skipulagi verði gert ráð fyrir innviðum fyrir orkuskipti í samgöngum, t.d. hleðslustöðvum	Á við um íbúðar-, frístundar- og atvinnusvæði	LSS A.2.4	Sveitarfélagið, veitur, einkaaðilar
Mannvirkjagerð	Skipulag leggi áherslu á að lágmarka kolefnisspor mannvirkjagerðar	Skilgreindar umhverfiskröfur taki til efnisnotkunar og líftíma	LSS B.9 og B.9.1	Sveitarfélagið, hönnuðir



Mynd 4. Bakkasel í Öxnadal.

4 BYGGÐ

4.1 ÍBÚÐARBYGGÐ (ÍB)

Svæði fyrir íbúðarhúsnæði og nærpjónustu sem því tengist, auk minniháttar atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu eftir því sem nánar er kveðið á um í stefnu skipulagsins.

Markmið

- Í sveitarfélaginu sé grundvöllur fyrir búsetu allra aldurshópa með fjölbreyttu framboði íbúðarhúsnæðis, þjónustu og atvinnutækifæra við allra hæfi.
- Heilnæmt umhverfi og lýðheilsa verði í fyrirrúmi með vönduðum frístunda- og útivistarsvæðum fyrir hreyfingu, leik, samskipti og endurnæringu ólíkra aldurs- og getuhópa.
- Að stefna fyrir þróun íbúðar- og frístundabyggðar sé skýr og stuðli að jafnvægi í uppbyggingu íbúðar- og frístundabyggðar.

Í Hörgársveit eru skilgreind tvö þéttbýli, annars vegar Lónsbakki, rétt norðan Lónsins, og hins vegar Hjalteyri, nyrst í sveitarfélaginu. Ásókn hefur verið í íbúðarhúsalóðir í sveitarfélaginu á undanförunum árum en vöntun á byggingarlandi í þéttbýli hefur hamlað því að svara megi eftirspurn og þ.a.l. gefið ranga mynd af íbúðarþróun þess. Samkvæmt aðalskipulaginu er gert ráð fyrir að unnt sé að byggja allt að 194 íbúðir á skilgreindum íbúðarsvæðum á skipulagstímabilinu. Þessi fjöldi endurspeglar meginuppbyggingu íbúðarhúsnæðis samkvæmt skipulaginu og miðast við miðspá húsnæðisáætlunar Hörgársveitar 2025.



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

Við framfylgd aðalskipulagsins skal sveitarstjórn leggja megináherslu á uppbyggingu íbúðarhúsnæðis innan núverandi byggðar og með þéttingu þar sem því verður við komið. Skilgreining nýrrar íbúðarbyggðar utan núverandi byggðarkjarna kemur einungis til álita að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- sýnt er fram á raunverulega húsnæðisþörf sem ekki verður mætt með nýtingu skilgreindra íbúðarsvæða,
- uppbyggingin tengist beint núverandi byggð og nýtir sem best fyrirliggjandi samgöngu- og veitukerfi,
- uppbyggingin er í samræmi við markmið um hagkvæmt byggðamynstur og loftslagsmiðað skipulag samkvæmt Landsskipulagsstefnu og svæðisskipulagi,
- svæðið er utan verðmætra náttúru- og útivistarsvæða og utan landbúnaðarlands í flokki L1 og L2,
- og farið hefur fram samráð við íbúa og aðra hagsmunaaðila í samræmi við skipulagslög.

Við mat á slíkum áformum skal tekið mið af niðurstöðum umhverfismats, forsendum náttúru og lands, sem og áhrifum á samfélag og innviði.

Auk þess er heimilt að byggja stök íbúðarhús á landbúnaðarsvæðum í samræmi við almenn skipulagsákvæði, flokkun landbúnaðarlands og ákvæði jarðalaga. Slíkar heimildir eru ekki skilgreindar með fyrirfram ákveðnum fjölda íbúða og eru ætlaðar til að mæta einstaklingsbundnum þörfum í dreifbýli.

Markmið aðalskipulags um jafnvægi í uppbyggingu íbúðar- og frístundabyggðar er ætlað að styðja við sjálfbæra þróun samfélagsins og tryggja að íbúðarbyggð, þjónusta og innviðir þróist í samræmi við þarfir íbúa. Við framfylgd skipulagsins verður markmiðið nýtt sem viðmið við mat á nýjum skipulagsáformum, þannig að uppbygging frístundabyggðar gangi ekki á kost uppbyggingar íbúðarbyggðar né leiði til óhóflegs álags á innviði og þjónustu. Jafnvægi felur jafnframt í sér að horft sé til heildaráhrifa uppbyggingar íbúðar- og frístundabyggðar á samfélag, atvinnulíf og umhverfi, í samræmi við markmið aðalskipulags um hagkvæmt byggðamynstur og loftslagsmiðað skipulag.

MARKMIÐ:

- Í sveitarfélaginu sé grundvöllur fyrir búsetu allra aldurshópa með fjölbreyttu framboði húsnæðis, þjónustu og atvinnu.
- Heilnæmt umhverfi og lýðheilsa verði í fyrirrúmi.
- Jafnvægi sé í uppbyggingu íbúðar- og frístundabyggðar.

Þema	Stefna	Útskýring	Heimild	Ábyrgðaraðili
Uppbygging íbúðarsvæða	Uppbygging verði hagkvæm, nýti grunnstoðir og tryggi tengsl við þjónustu og útivist	Byggð þróist í tengslum við innviði og samfélag	Skipulagsákvæði	Sveitarfélagið
Dreifbýlisbyggð	Þróun í dreifbýli sé hagkvæm og taki mið af umhverfissjónarmiðum	Ný svæði skipulögð með sjálfbærni að leiðarljósi	Skipulagsákvæði, LSS B.2	Sveitarfélagið
Vernd náttúru og landbúnaðarlands	Íbúðarbyggð verði ekki heimiluð á verðmætum náttúru- og útivistarsvæðum né á L1/L2 landbúnaðarlandi	Verndar náttúrugæði og tryggir sjálfbærni landbúnaðar	Tillögur, LSS B.2	Sveitarfélagið



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

Fjölbreytt íbúðarhúsnæði	Grunnur sé fyrir búsetu allra aldurshópa með fjölbreytt framboð lóða og íbúðargerða	Mætir ólíkum þörfum íbúa	Skipulagsákvæði, LSS B.8, Heimsmarkmið 11.1	Sveitarfélagið
Samræmi við umhverfi	Ný byggð falli að náttúru, útliti og hefðbundinni byggð	Hugað sé að tegundum, útliti, hlutföllum og ásýnd	Skipulagsákvæði, LSS B.7.1	Sveitarfélagið, hönnuðir
Fornleifar	Úttekt á fornleifum og umsögn Minjastofnunar áður en deiliskipulag hefst	Tryggir vernd menningararfs	Skipulagsákvæði	Sveitarfélagið, Minjastofnun
Náttúrfar og líffræðileg fjölbreytni	Úttekt á náttúrufari áður en deiliskipulag hefst	Verndar votlendi, válistategundir og jarðmyndanir	Skipulagsákvæði, Heimsmarkmið 15	Sveitarfélagið, Náttúruverndarstofnun
Ljósmengun	Götulýsing sé lágstemmd og birtumagni stýrt	Verndar náttúru, næturhiminn og lífríki	Tillaga	Sveitarfélagið
Aðgengi og öryggi	Greitt og öruggt aðgengi fyrir alla fararmáta innan íbúðarsvæða	Sérstaklega hugað að öryggi gangandi og hjólandi	Tillaga, Heimsmarkmið 11.7	Sveitarfélagið, Vegagerðin
Orkuskipti	Gert ráð fyrir hleðslustöðvum fyrir bíla og hjól í íbúðarsvæðum	Styður orkuskipti og kolefnishlutleysi	Tillaga, LSS B.9	Sveitarfélagið, veitur
Gististaðir	Aðeins heimil heimagisting á íbúðarsvæðum	Dregur úr ónæði og ver húsnaðismarkað	Skipulagsákvæði, Lög nr. 85/2007	Sveitarfélagið
Byggð á bújörðum	Heimilt að reisa íbúðarhús á bújörðum skv. reglum aðalskipulags	Uppbyggingarheimildir háðar stærð jarða, forðast stök hús	Skipulagsákvæði, kafli 6.1	Sveitarfélagið
Innviðir og þjónusta	Ný svæði tengist núverandi byggð og þjónustu	Klárað verði að nýta auð svæði áður en ný eru skipulögð	Tillögur, LSS B.2	Sveitarfélagið
Íbúðarhús á bújörðum	Heimilt er að afmarka lóðir og reisa íbúðarhús á bújörðum auk þeirra sem tengjast búrekstri, samkvæmt reglum aðalskipulags	Uppbyggingarheimildir háðar stærð jarða. Ný hús skulu nýta sömu heimreið og tengjast núverandi innviðum og byggð. Forðast skal stök hús á víðavangi. Nýbyggingar skulu í samræmi við deiliskipulag og byggingarhefðir sveitarinnar	Skipulagsákvæði, Kafli 6.1 Landbúnaðar-svæði	Sveitarfélagið



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

Tafla 1. Íbúðarsvæði (ÍB).

Íbúðarbyggð (ÍB)						
Nr. Heiti	Lýsing	Skilmálar	Fjöldi íbúða		Fjöldi lóða	Stærð (ha)
			Núverandi	Hámark		
Þéttbýli						
ÍB1 Hjalteyri	Íbúðarbyggð á brekkunni á Hjalteyri. Að hluta til óbyggt.	Blönduð, lágreist íbúðarbyggð á 1-2 hæðum Lóðir verða um 600-1000 m2.	28	70	36	7,3
ÍB2 Hjalteyri	Eldri byggð á Hjalteyri.	Blönduð, lágreist íbúðarbyggð á 1-2 hæðum Lóðir verða um 395-760 m2.	14	18	13	1,9
ÍB3 Skógarhlíð, Birkihlíð, Reynihlíð og Víðihlíð	Íbúðarbyggð á Lónsbakka.	Blönduð, lágreist íbúðarbyggð á 1-2 hæðum fyrir einbýli, par-, rað- og fjölbýlishús. Lóðir 1550-5200 m2.	154	154	57	12,4
ÍB4 Lónsvegur	Íbúðarbyggð á Lónsbakka. Óbyggt hverfi.	Lágreist byggð á 2-3 hæðum þar sem gert er ráð fyrir blöndun húsagerða með einbýlis- og fjölbýlishúsum.	1	30	5	0,9
Dreifbýli						
ÍB6 Glæsibær		Blönduð lágreist íbúðarbyggð á 1-2 hæðum fyrir einbýli, par- og raðhús. Lóðir 1.550-5.200 Vm2. Götulýsing sé lágstemmd til að lágmarka sjónmengun og birtumagni stýrt eftir árstíma.	18	58	46	24,4
Samtals:						46,9

4.2 FRÍSTUNDABYGGÐ (F)

Svæði fyrir frístundahús, tvö eða fleiri og nærþjónustu sem þeim tengist, þ.m.t. orlofshús og varanlega staðsett hjólhýsi. Föst búseta er óheimil í frístundabyggðum.

Frístundasvæði geta náð yfir fleiri en eina jörð. Allar framkvæmdir á frístundasvæðum skulu vera í samræmi við gildar deiliskipulagsáætlanir. Skipulagsáætlunin sýnir þau svæði þar sem gert er ráð fyrir 4 eða fleiri frístundahúsum á samfelldu svæði innan sömu jarðar. Öll veiðihús og orlofshúsabyggð eru felld undir frístundabyggð og auðkennd á sveitarfélagsupprætti. Í sveitarfélaginu eru á sjöunda tug sumarhúsa, í flestum tilvikum stök hús á jörðum í einkaeign.



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

Fyrir hvert frístundabyggðarsvæði er sett hámark á heildarbyggingarmagn, sem markar heildarramma uppbyggingar innan svæðisins. Jafnframt gilda almenn ákvæði um lóðastærðir og nýtingarhlutfall einstakra lóða. Við framfylgd skipulagsins skal tryggt að þessi ákvæði séu samræmd og að uppbygging einstakra lóða fari ekki fram úr þeim ramma sem heildarbyggingarmagn svæðisins setur.

Innan frístundabyggðar geta verið skilgreindar sérstakar lóðir, svo sem skógræktarlóðir. Um slíkar lóðir gilda almenn ákvæði frístundabyggðar nema annað sé sérstaklega tekið fram. Þar sem lóðir eru eingöngu ætlaðar til skógræktar eða landbóta skal það koma skýrt fram og byggingarheimildir þá annaðhvort takmarkaðar eða óheimilar, eftir því sem við á.

Við skipulag og uppbyggingu frístundabyggðar skal huga að öryggi og brunavörnum, m.a. með tilliti til gróðurelda. Við gerð deiliskipulags og við leyfisveitingar skal eftir atvikum taka mið af leiðbeiningum HMS um brunavarnir í frístundabyggð og gera ráð fyrir viðeigandi ráðstöfunum, svo sem flóttaleiðum, aðgengi slökkviliðs og vatnsöflun, í samræmi við aðstæður á hverju svæði.

Varðandi staðsetningu svæða fyrir frístundabyggð þarf frá upphafi að vera ljóst að eitt getur ekki yfir alla gengið og sveitarstjórn getur ekki orðið við öllum óskum um uppbyggingu svæða fyrir frístundabyggð. Val svæða er mjög háð aðstæðum á jörðunum en þar vega þýngst sjónarmið náttúruverndar, landbúnaðarlandsflokkan og byggðarmynstur. Fjallað er um stök frístundahús í kafla 6.1.2 um stakar framkvæmdir.

MARKMIÐ:

- Í sveitarfélaginu sé grundvöllur fyrir búsetu allra aldurshópa með fjölbreyttu framboði íbúðar- og frístundahúsnæðis.
- Heilnæmt umhverfi og lýðheilsa verði í fyrirrúmi með vönduðum frístunda- og útivistarsvæðum.
- Jafnvægi í þróun íbúðar- og frístundabyggðar tryggt.

Þema	Stefna	Útskýring	Heimild	Ábyrgðaraðili
Skipulag frístundabyggðar	Frístundabyggð sé í samræmi við gildandi deiliskipulag og gætt umhverfissjónarmiða	Ný og eldri svæði verði skipulögð með sjálfbærni að leiðarljósi	Stefna Hörgársveitar	Sveitarfélagið
Landbúnaðarland	Frístundabyggð verði aðeins skipulögð utan L1/L2 lands og svæða með verndar- eða útivistargildi	Tryggir vernd verðmætra jarða og útivistarsvæða	Skipulagsákvæði, LSS B.2	Sveitarfélagið
Uppbyggingarheimildir	Heimilt að byggja frístundahús samkvæmt töflu 2 í kafla 3.2.1, háð stærð landspilda	Fjögur eða fleiri hús einungis á skilgreindum svæðum í aðalskipulagi	Skipulagsákvæði, kafla 4.2.1	Sveitarfélagið
Þéttleiki og stærð lóða	Ný svæði: lóðir 0,5–2 ha, nýtingarhlutfall ≤ 0,03	Skapar jafnvægi í nýtingu lands og umhverfisvernd	Skipulagsákvæði	Sveitarfélagið
Náttúruvernd	Byggð gangi ekki að óþörfu á verðmæt svæði (votlendi, válistategundir)	Byggð verði á afmörkuðum samfelldum svæðum	Stefna Hörgársveitar, LSS A.4.5	Sveitarfélagið, Náttúruverndarstofnun



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

Innviðir	Byggð verði á samfelldum svæðum með sameiginlegum innviðum (vegir, lagnir, sorphirða)	Tryggir hagkvæmni og þjónustu	Skipulagsákvæði	Sveitarfélagið, veitur
Fornleifar	Deiliskráning fornleifa og umsögn Minjastofnunar áður en skipulag hefst	Tryggir vernd menningararfs	Skipulagsákvæði	Sveitarfélagið, Minjastofnun
Útivist og aðgengi	¼ hluti svæða til almennrar útivistar; sýna gönguleiðir og útsýnisstaði í deiliskipulagi	Forðast að lóðir loki leiðum eða svæðum almennings	Skipulagsákvæði, Heimsmarkmið 11.7	Sveitarfélagið
Umhverfi og ásýnd	Byggð taki mið af landslagi, söguslóðum, útsýni og yfirbragði sveitarinnar	Byggingar aðlagðar að staðháttum	Tillögur	Sveitarfélagið, hönnuðir
Brunavarnir og öryggi	Greina brunavarnir, vatnstökustaði og flóttaleiðir í deiliskipulagi	Viðbragðsáætlanir landeigenda/félaga sumarhúsaeigenda	Tillögur, LSS B.6.3	Sveitarfélagið, Slökkvilið Akureyrar
Gististaðir	Atvinnustarfsemi óheimil; aðeins minni háttar þjónusta og heimagisting ef í deiliskipulagi	Dregur úr truflun og álagi á innviði	Skipulagsákvæði, lög nr. 85/2007	Sveitarfélagið
Búfjárhald	Búfjárhald óheimilt innan frístundabyggðar	Tryggir öryggi og heilnæmt umhverfi	Tillögur	Sveitarfélagið
Orkuskipti	Hugað að rafhleðslutengingum fyrir bíla og hjól í frístundabyggðum	Styður kolefnishlutleysi	Tillögur, LSS B.9	Sveitarfélagið, veitur
Vatnsvernd	Allt vatnasvið Hörgár er brunn, grann, eða fjarsvæði vatnsverndar – leita álits heilbrigðiseftirlits	Tryggir öryggi vatnsverndarsvæða	Skipulagsákvæði	Sveitarfélagið, Heilbrigðiseftirlit

Tafla 2. Frístundabyggð (F).

Frístundabyggð (F)				
Nr. Heiti	Lýsing	Skilmálar	Hámarks fjöldi lóða	Stærð (ha)
Þéttbýli				
F1 Grímsstaðabyggð	Frístundabyggð á Hjalteyri.	Byggðin skal falla vel að landslagi, s.s. með staðsetningu húsa, hæðarsetningu, formi bygginga og efnis- og litavali. Í deiliskipulagi sem samþykkt var 2011 er gert ráð fyrir 10 húsum á svæðinu en fyrir eru fjögur hús. Gert	22	5,5




Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

		er ráð fyrir að fjölga megi lóðum um allt að 10 innan svæðisins. Lóðir skulu vera á bilinu 0,4-0,6 ha og nýtingarhlutfall á bilinu 0,02-0,035. Hámarks byggingarmagn innan svæðisins er 3.500 m ² .		
Dreifbýli				
F2 Hagaskógur	Deiliskipulag frá 1990. Á svæðinu eru 3 hús af 8 risin.	Hámarks byggingarmagn innan svæðisins er 600 m ² .	8	8,5
F3 Krossastaðir		Lóðir skulu vera á bilinu 0,5-2 ha og nýtingarhlutfall 0,03. Ekkert deiliskipulag í gildi. Hámarks byggingarmagn innan svæðisins er 15.000 m ² .	100	84,7
F4 Steðji	Á svæðinu eru 17 hús risin.	Samkvæmt deiliskipulagi frá 2007 er gert ráð fyrir 41 frístundahúsi, auk 12 skógræktarlóða. Hámarks byggingarmagn innan svæðisins er 4.000 m ² .	41	30,6
F5 Staðartunga	Eitt hús er risið á svæðinu.	Samkvæmt deiliskipulagi frá 1990 er gert ráð fyrir 44 húsum. Hámarks byggingarmagn innan svæðisins er 6.400 m ² .	44	22
F6 Baugasel	Fjallaskáli	Hámarks byggingarmagn innan svæðisins er 200 m ² .	1	0,4
F7 Auðnir 2		Gert er ráð fyrir 8-10 lóðum og skógrækt á svæðinu. Hámarks byggingarmagn innan svæðisins er 1.500 m ² .	10	31
F8 Hraun	Svæðið tengist frá heimreið að Hrauni um túnslóða til norðausturs.	Yfirbragð og þéttleiki verður nánar skilgreint í deiliskipulagi. Hámarks byggingarmagn innan svæðisins er 3.000 m ² .	20	10,1
F9 Þrastarhóll	Deiliskipulag frá 2010.	Hámarks byggingarmagn innan svæðisins er 1.100 m ² .	7	6,5
F10 Arnarnes	Deiliskipulag frá 2010.	Frístundabyggð í bland við skógrækt. Lóðastærð 0,5-1,7 ha. Hámarks byggingarmagn innan svæðisins er 5.500 m ² .	90	60,3
F11 Frístundabyggð í landi Arnarness	Ekkert deiliskipulag í gildi.	Hámarks byggingarmagn innan svæðisins er 1.200 m ² .	8	7,1
F12 Fagriskógur	Ekkert deiliskipulag í gildi.	Hámarks byggingarmagn innan svæðisins er 3.500 m ² .	22	14,8
Samtals:				281,5



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044



Mynd 5. Frístundabyggð í Hörgársveit.



4.3 OPIN SVÆÐI (OP)

Svæði fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningarstöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar.

Umhverfi byggðarinnar á Hjalteyri og Lónsbakka er skilgreint sem opið svæði og ætlað fyrir almenna útivist með tilheyrandi aðstöðu svo sem stígum, áningarstöðum og ræktunarsvæðum. Lýsing á starfsemi á einstökum svæðum er samkvæmt núverandi notkun.

Opin svæði í aðalskipulagi Hörgársveitar eru fyrst og fremst ætluð til útivistar, almennrar dvalar og upplifunar. Á slíkum svæðum getur skógrækt verið hluti af landnotkun, enda þjóni hún markmiðum um landslagsmótun, skjólmyndun og aukin útivistargæði.

Þar sem skógrækt er ætlað að þjóna útivist og almennri notkun teljast slík svæði opin svæði í skilningi aðalskipulagsins. Áform um skógrækt á opnum svæðum skulu taka mið af aðgengi almennings, útivistarnotkun og vernd landslags.

Þar sem meginmarkmið skógræktar eða landgræðslu er ræktun, landbætur, endurheimt vistkerfa eða önnur sértæk landnýting, og þar sem útivist og almenn notkun eru ekki í forgangi, skulu slík svæði skilgreind sem skógræktar- eða landgræðslusvæði en ekki sem opin svæði.

Við mat á áformum um skógrækt skal sveitarstjórn leggja mat á markmið framkvæmdarinnar, fyrirhugaða notkun svæðisins og tengsl við aðliggjandi landnotkun til að tryggja rétta flokkun og samræmi við markmið aðalskipulagsins.

MARKMIÐ:

- Hörgársveit verði heilsueflandi samfélag með fjölbreytta og aðgengilega aðstöðu til útivistar, hreyfingar og tómstunda.
- Opin svæði verði skipulögð í sátt við náttúru, vatnsvernd og sérkenni staðarins.
- Útivistarmöguleikar, skógrækt og uppgræðsla verði eftir í takt við lýðheilsu og sjálfbærni.

Þema	Stefna	Útskýring	Heimild	Ábyrgðaraðili
Heilsueflandi samfélag	Hörgársveit verði heilsueflandi samfélag með fjölbreytta aðstöðu til útivistar og hreyfingar	Byggir á góðu aðgengi og nýtingu náttúrunnar til hreyfingar og heilsueflingar	Skipulagsákvæði, Heimsmarkmið 3	Sveitarfélagið
Opin svæði í þéttbýli	Opin svæði við Lónsbakka og Hjalteyri verði nýtt til útivistar, stíga, áningarstaða og ræktunar	Tryggir samspil byggðar og náttúru	Skipulagsákvæði	Sveitarfélagið
Skógrækt og uppgræðsla	Áfram verði unnið að áætlunum um skógrækt og uppgræðslu í nágrenni Lónsbakka og Hjalteyrar	Skapar skjól, fegrar og eykur útivistarmöguleika	Skipulagsákvæði	Sveitarfélagið, Land og Skógur



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

Vatnsvernd	Framkvæmdir á opnum svæðum innan vatnsverndarsvæða krefjist umsagnar Heilbrigðiseftirlits	Tryggir öryggi vatnsverndarsvæða	Skipulagsákvæði	Sveitarfélagið, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
Útivistarmöguleikar	Gönguleiðarkerfi verði byggt upp, fjölgun og merking göngu-, reið- og hjólaleiða	Stuðlar að heilsu og bættri aðstöðu til hreyfingar	Skipulagsákvæði, Tillögur, Heimsmarkmið 11.7	Sveitarfélagið
Aðgengi og leiðsögn	Opin svæði verði gerð aðgengilegri með góðu skipulagi, leiðbeiningum og stikum	Aukin nýting og jafnt aðgengi fyrir alla	Skipulagsákvæði, Tillögur	Sveitarfélagið
Leik- og tómstundastarf	Fjölbreytt aðstaða verði fyrir leik- og tómstundir og það tekið inn í skipulag nýrra byggðasvæða	Tryggir að börn og unglingar hafi svigrúm til frístunda	Skipulagsákvæði, Tillögur, Heimsmarkmið 11	Sveitarfélagið
Ferðapjónusta	Starfsemi á sviði útivistar og ferðapjónustu verði eflað	Stuðlar að fjölbreyttu atvinnulífi tengdu útivist	Skipulagsákvæði	Sveitarfélagið, ferðapjónustuaðilar
Mannvirki á opnum svæðum	Heimilt að reisa lítil mannvirki tengd þjónustu við opin svæði, án þess að skerða gæði svæðisins	Skýrir afmarkaðar heimildir til stuðnings útivist	Tillögur	Sveitarfélagið
Samhengi við aðra stefnu	Um opin svæði gilda ákvæði aðalskipulags, umhverfis og loftslagsstefnu	Tryggir heildarsýn og samþættingu stefnu	Skipulagsákvæði	Sveitarfélagið
Sjálfbær nýting náttúru	Nálægð við náttúru og sérkenni verði nýtt sjálfbært til útivistar og tengsla við íbúa	T.d. bætt aðgengi að fjörum, merking leiða í fallettri náttúru	Tillögur, Heimsmarkmið 15	Sveitarfélagið

Tafla 3. Opin svæði (OP).

Opin svæði (OP)			
Nr. Heiti	Lýsing	Skilmálar	Stærð (ha)
Þéttýli			
OP1 Skógræktarsvæði	Skógrækt og útivistarsvæði innan byggðar á Hjalteyri.	Á svæðinu er gert ráð fyrir áframhaldandi skógrækt til skjóls og gerð stíga og áningarstaða.	36
OP2 Skógur	Sunnan við leikskólann Álfastein, Lónsbakka.	Heimil er stígagerð og gerð áningarstaða með borðum og bekkjum ásamt	5,2



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

OP3 Lónsbakki	Opin svæði innan byggðar á Lónsbakka.	Heimil er stígagerð og gerð áningarstaða.	5,5
Dreifbýli			
OP4 Ásláksstaðir	Skógræktarreitir sem nýttur er til útivistar.	Heimil er stígagerð og gerð áningarstaða.	48
OP5 Laugaland	Skógræktarsvæði Skógræktarfélags Eyfirðinga. Skógurinn nýttur sem útivistarsvæði.	Heimil er stígagerð og gerð áningarstaða.	39,9
OP6 Vagllir á Þelamörk	Þjóðarskógur í umsjón Skógræktar ríkisins. Svæðið nýtt til útivistar.	Heimil er stígagerð og gerð áningarstaða.	47,6
OP7 Miðhálsstaðir	Skógræktarsvæði í eigu Skógræktarfélags Eyfirðinga. Svæðið er notað sem útivistarsvæði.	Heimil er stígagerð og gerð áningarstaða.	59,3
OP8 Jónasarlundur	Skógræktarsvæði og minningarlundur. Svæðið er nýtt sem áningarstaður og útivistarsvæði.	Heimil er stígagerð og gerð áningarstaða.	3,6
OP9 Gásir	Um er að ræða þjónustuhús, salernisaðstöðu og bílastæði í tengslum við tilgátubúðir og safnasvæði við Gásir.	Heimil er stígagerð og gerð áningarstaða.	1
OP10 Hvammur	Skógræktarreitir í landi Hvamms og og Hofa. Skógræktarsvæðið er nýtt sem útivistarsvæði.	Heimil er stígagerð og gerð áningarstaða.	5
OP11 Ásláksstaðir 1	Opið svæði til almennrar útivistar.	Heimil er stígagerð og gerð áningarstaða.	36
OP12 Syðri Reistará	Opið svæði í landi Syðri Reistarár þar sem Freyjulundur er. Skógræktarreitir.	Heimil er stígagerð og gerð áningarstaða.	5
Samtals:			292,1

4.4 KIRKJUGARÐAR OG GRAFREITIR (K)

Svæði fyrir kirkjugarða og grafreiti. Trúarstofnanir falla undir landnotkunarflokkinn samfélagsþjónusta en svæði fyrir kirkjugarða og grafreiti eru skilgreind sem slík á uppdrætti.

Tveir kirkjugarður er á Möðruvöllum, sá eldri stendur við Möðruvallakirkju og nýi garðurinn sunnar.

MARKMIÐ:



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

- Tryggja að nægt grafartækt land sé til staðar innan sveitarfélagsins.
- Kirkjugarður á Möðruvöllum verði megin kirkjugarður sveitarfélagsins.
- Mannvirkjum og næsta umhverfi kirkjugarða verði vel við haldið.

Þema	Stefna	Útskýring	Heimild	Ábyrgðaraðili
Grafartækt land	Grafartækt land innan sveitarfélagsins verði tryggt	Tryggir að íbúar hafi ávallt aðgang að virðulegum grafreit og að framtíðarþörfum sé mætt	Skipulagsákvæði, LSS B.2.1, Heimsmarkmið 3	Sveitarfélagið,
Megin kirkjugarður	Kirkjugarður á Möðruvöllum verði megin kirkjugarður sveitarfélagsins	Skapar miðlæga þjónustu og samfelldan kirkjugarð fyrir sveitarfélagið	Skipulagsákvæði	Sveitarfélagið, sóknarnefnd
Menningarlandslag	Kirkjugarðar verði varðveittir sem hluti af menningarlandslagi sveitarfélagsins	Kirkjugarðar endurspeglar sögu og arfleifð byggðarinnar og hafa menningarlegt gildi	Stefna Hörgársveitar, LSS A.7, Heimsmarkmið 11.4	Sveitarfélagið, sóknarnefnd, Minjastofnun
Gæði hins byggða umhverfis	Hlúð verði að mannvirkjum og næsta umhverfi kirkjugarða	Tryggir að kirkjugarðar séu vel hirtir og til prýði í landslagi og byggð	Skipulagsákvæði, LSS B.7.1	Sveitarfélagið, sóknarnefnd
Lýðheilsa og velferð	Kirkjugarðar séu rými sem stuðla að friði, virðingu og vellíðan í samfélaginu	Kirkjugarðar eru mikilvægar minningar- og sorgarstaðir sem hafa áhrif á lýðheilsu	Heimsmarkmið 3, 11	Sveitarfélagið,

Tafla 4. Kirkjugarðar og grafreitir (K).

Kirkjugarðar og grafreitir (K)			
Nr. Heiti	Lýsing	Skilmálar	Stærð (ha)
Dreifbýli			
K1 Möðruvellir			0,1
K2 Bakkakirkjugarður			0,1
K3 Myrkáirkirkjugarður			0,1
K4 Bægisáirkirkjugarður			0,1
K5 Heimagrafreitur á Hlöðum			0,1



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

K6 Heimagrafreitur á Þúfnavöllum			0,1
K7 Glæsibæjarkirkjugarður			0,1
Samtals:			0,7

5 ATVINNA

Fjölbreytni í atvinnulífi Hörgársveitar eykst með aukinni ferðapjónustu, vaxandi heimaframleiðslu, uppbyggingu iðnaðarsvæða og þróunar í landbúnaði. Sveitarfélagið leggur áherslu á að skapa skilyrði og hvetja til aukinnar áherslu á umhverfislega ábyrgð í atvinnulífi í sveitarfélaginu.

Markmið

- Stuðla að auknum atvinnutækifærum með nýsköpun og nægu framboði lóða fyrir iðnað, ferðapjónustu og aðra fjölbreytta starfsemi.
- Byggja upp sjálfbært atvinnulíf í sátt við náttúru og samfélag.
- Standa vörð um landbúnað sem grunnstoð blómlegrar byggðar.
- Gera Hörgársveit að aðlaðandi samfélagi með fjölbreyttum störfum, einnig fjarvinnu.
- Efla ferðapjónustu byggða á sérstöðu svæðisins, með virðingu fyrir náttúru og menningu.
- Stuðla að umhverfisábyrgð og dýravelferð í atvinnulífi.

Pema	Stefna	Útskýring	Heimild	Ábyrgðaraðili
Nýsköpun og fjölbreytt atvinnulíf	Búið verði í hagin fyrir nýsköpun og fjölbreytt atvinnulíf með nægu framboði lóða	Styrkir seiglu samfélagsins og fjölgar störfum	Stefna Hörgársveitar, LSS C.6.1, Heimsmarkmið 8.2, 8.3	Sveitarfélagið, atvinnuþróunarfélög
Landbúnaður	Standa vörð um landbúnað sem grunnstoð blómlegrar byggðar	Tryggir fæðuöryggi og sjálfbærni	Stefna Hörgársveitar, LSS C.6.2	Sveitarfélagið, bændasamtök



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

Fjarvinna og dreifð störf	Aðlaðandi samfélag og traustir innviðir laði að fólki sem getur unnið störf án staðsetningar	Fjarskiptainnviðir styðji nýtt vinnumhverfi	Stefna Hörgársveitar, Heimsmarkmið 8.5	Sveitarfélagið, fjarskiptafyrirtæki
Ferðaþjónusta	Efla ferðaþjónustu á grundvelli sérstöðu og staðaranda svæðisins	Stuðla að sjálfbærri þróun, með auknum gístimöguleikum	Stefna Hörgársveitar, LSS C.7.3–C.7.6, Heimsmarkmið 8.9	Sveitarfélagið, Ferðamálastofa, ferðaþjónustuaðilar
Þolmörk og vernd	Skipulagsákvæðanir í ferðaþjónustu taki mið af gögnum um þolmörk náttúru, innviða og samfélags	Tryggir jafnvægi á milli náttúruverndar og uppbyggingar	LSS C.7.5, Heimsmarkmið 15	Sveitarfélagið, Náttúruverndarstofnun
Þjónusta og afþreying	Þjónusta verði eflað og afþreyingarmöguleikum fjölgað	Tryggir fjölbreytt lífsgæði og styrkir byggð	Stefna Hörgársveitar, LSS C.6.2	Sveitarfélagið, einkaaðilar
Sjálfbær atvinnuuppbygging	Atvinnuþróun verði í sátt við náttúru og samfélag	Fyrirtæki hvött til að starfa með umhverfislega ábyrgð og dýravelferð í huga	Stefna Hörgársveitar, LSS C.6, Heimsmarkmið 8.4 og 8.8	Sveitarfélagið, atvinnulíf
Nýting auðlinda	Bætt nýting auðlinda til framleiðslu og neyslu	Dregið úr hagvexti sem gengur á náttúruna	Heimsmarkmið 8.4	Sveitarfélagið, fyrirtæki
Jafnrétti og tækifæri	Jöfn atvinnutækifæri fyrir alla, þar á meðal ungt fólk og fatlað fólk	Sömu laun fyrir jafnverðmæt störf	Heimsmarkmið 5, 8.5	Sveitarfélagið, atvinnurekendur
Öryggi á vinnumarkaði	Réttindi á vinnumarkaði verði vernduð og stuðlað að öruggu vinnumhverfi	Tryggir mannsæmandi störf	Heimsmarkmið 8.7 og 8.8	Sveitarfélagið, Vinnueftirlitið

5.1 LANDBÚNAÐARSVÆÐI (L)

Svæði fyrir landbúnað og mannvirki sem tengjast búrekstrinum, með áherslu á búfénað, matvæla- og fóðurframleiðslu.

Í aðalskipulagi Hörgársveitar er landbúnaðarland flokkað í flokka L1–L4 samkvæmt niðurstöðu flokkunar landbúnaðarlands. Jafnframt eru skilgreindir landnotkunarreitir landbúnaðarsvæða (L1–L8) sem byggja á samanteknum eiginleikum svæðanna, svo sem landgæðum, landslagi, nýtingu og staðbundnum aðstæðum.

Við framfylgd aðalskipulagsins er flokkun landbúnaðarlands lögð til grundvallar við mat á breytingum á landnotkun, byggingarheimildum og öðrum áformum á landbúnaðarsvæðum. Í því felst að meta skal, í hverju tilviki, hvaða flokki landbúnaðarlands viðkomandi svæði tilheyrir og þar með hvaða almennu skipulagsákvæði eiga við.

Þar sem flokkun landbúnaðarlands innan landnotkunarreits er fjölbreytt getur þurft að styðjast við frekari greiningu, vettvangsathugun eða sérfræðimat við ákvarðanatöku um einstök áform. Slík greining er þá hluti af málsmeðferð sveitarfélagsins og grundvöllur ákvörðunar um hvort og með hvaða skilyrðum heimildir samkvæmt aðalskipulagi séu veittar.



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

Með þessu móti nýtist aðalskipulagið sem virkt stjórnþæki við ákvarðanatöku um ráðstöfun lands, þar sem bæði heildarstefna og staðbundið mat á landgæðum eru höfð að leiðarljósi.

Þegar óskað er eftir breytingu á landnotkun á landbúnaðarsvæðum, þar sem ráðgert er að land verði leyst úr landbúnaðarnotum eða nýting þess breytt verulega, skal sveitarstjórn taka afstöðu til ákvæða 5. gr. jarðalaga nr. 81/2004, a- og b-liðar.

Með umsóknum um slíkar breytingar skal fylgja rökstuðningur þar sem m.a. er fjallað um:

- a. hvort landið sé stærra en þörf krefur miðað við fyrirhuguð áform og hvort aðrir valkostir komi til greina, og
- b. hvaða áhrif breytingin hafi á landbúnaðarnýtingu, matvælaframleiðslu og heildarhagsmuni samfélagsins.

Rökstuðningurinn er lagður til grundvallar ákvörðun sveitarstjórnar og hluti af málsmeðferð viðkomandi skipulags- eða leyfisákvörðunar.

Heimildir aðalskipulags til íbúðaruppbyggingar á landbúnaðarsvæðum eru ætlaðar til að styðja við búsetu í dreifbýli. Heimild til fleiri en þriggja íbúðarhúsa á torfu getur komið til álita að undangengnu mati sveitarstjórnar á landstærð, flokkun landbúnaðarlands, áhrifum á landbúnaðarnýtingu og tengslum við núverandi innviði og byggð.

Uppbygging sem telst fela í sér myndun nýrrar íbúðarbyggðar eða verulega breytingu á landnotkun kallar á skilgreiningu íbúðarbyggðar í aðalskipulagi eða breytingu á skipulagi. Heimildir endurnýjast ekki sjálfkrafa við uppskiptingu lands.

Skógrækt á landbúnaðarsvæðum getur fallið undir almenna landbúnaðarnotkun, enda sé hún í samræmi við flokkun landbúnaðarlands, landgæði og markmið aðalskipulags. Slík skógrækt er almennt heimil án sérstakrar skilgreiningar landnotkunar, að því gefnu að hún sé í hóflegu umfangi og leiði ekki til verulegrar breytingar á landnotkun eða ásýnd lands.

Skógræktaráform á landbúnaðarsvæðum skulu metin með hliðsjón af flokkun landbúnaðarlands, umfangi fyrirhugaðrar skógræktar og áhrifum á landbúnað, náttúru og menningarlandslag.

Þar sem skógræktaráform eru þess eðlis eða umfangs að þau feli í sér verulega breytingu á landnotkun skal skilgreina slíka notkun í aðalskipulagi eða gera breytingu á skipulagi áður en til leyfisveitinga kemur.

Komi til áforma um umfangsmikla skógrækt sem felur í sér verulega og varanlega breytingu á landnotkun, s.s. nytjaskógrækt á stórum samfelldum svæðum eða skógrækt sem hefur veruleg áhrif á landbúnaðarnýtingu, landslag eða vistkerfi, skal slík landnýting skilgreind sérstaklega í aðalskipulagi eða með breytingu á skipulagi áður en til framkvæmda kemur.

Í greinargerð og skipulagsákvæðum aðalskipulagsins er hugtakanotkun varðandi stærð landspilda og viðmið um uppbyggingu samræmd. Með hugtakinu *landspilda* er átt við samfellda einingu lands innan jarðar, óháð því hvort land sé óskipt eða hafi verið skipt upp með landskiptum.

Viðmið um uppbyggingu sem sett eru fram eftir stærð landspilda í töflum og skipulagsákvæðum aðalskipulagsins, þar á meðal í töflu 7, gilda almennt við mat á uppbyggingaráformum á landbúnaðarsvæðum, hvort sem um er að ræða stakar framkvæmdir, landskipti eða umsóknir um byggingarleyfi, nema annað sé sérstaklega tekið fram.



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

MARKMIÐ:

- Standa vörð um landbúnað sem grunnstoð atvinnulífs og byggðar.
- Vernda gott landbúnaðarland (L1 og L2) fyrir aðra landnotkun.
- Stuðla að sjálfbærum búskap, lífrænni ræktun og fjölbreyttum búgreinum.
- Efla stoðgreinar landbúnaðar, þar á meðal mjólkurframleiðslu, skógrækt og hlunnindabúskap.
- Viðhalda gæðum lands, stuðla að endurheimt og uppgræðslu.
- Tryggja vatnsvernd og vernd náttúru- og menningarminja.

Þema	Stefna/skipulagsákvæði	Útskýring	Heimild	Ábyrgðaraðili
Vernd landbúnaðarlands	Góð landbúnaðarsvæði (L1 og L2) verði áfram nýtt til búskapar, ekki tekin undir aðra landnotkun	Tryggir fæðuöryggi og langtímahagsmuni samfélagsins	Skipulagsákvæði, LSS B.2.1, Heimsmarkmið 2.4	Sveitarfélagið, Skipulagsstofnun
Sjálfbær landnýting	Landnýting sé í samræmi við landgæði og ástand lands, í sátt við náttúru og menningarminjar	Forðast ofbeit og mengun, stuðla að náttúruvernd	Skipulagsákvæði, LSS A.7.1, Heimsmarkmið 2.4, 15	Sveitarfélagið, bændur
Hefðbundinn búskapur	Landbúnaður verði áfram stundaður á bújörðum með þróunarmöguleikum stoðgreina	Tryggir áframhaldandi atvinnu og byggð	Stefna Hörgársveitar, LSS C.6.2	Sveitarfélagið, Bændasamtök
Lífræn ræktun	Stuðlað verði að aukinni lífrænni ræktun í hefðbundnum og nýjum búgreinum	Eykur sjálfbærni og bætir ímynd landbúnaðar	Stefna Hörgársveitar, Heimsmarkmið 2.4	Sveitarfélagið, Matvælastofnun
Mjólkurframleiðsla	Stuðlað verði að eflingu mjólkurframleiðslu á svæðinu	Hefðbundin búgrein eflid sem burðarás atvinnulífs	Stefna Hörgársveitar	Sveitarfélagið, Bændasamtök, mjólkuriðnaður
Endurheimt landgæða	Landgæði verði endurheimt á landbúnaðarsvæðum	Stuðlað að uppgræðslu, jarðvegsvernd og kolefnisbindingu	Skipulagsákvæði, LSS A.1.5, Heimsmarkmið 15	Sveitarfélagið, Land og Skógur
Skógrækt og skjólbelti	Skógrækt eflid á hentugum svæðum (L3, L4) til viðarframleiðslu, útivistar og landbóta	Bætir jarðveg, vistkerfi og dregur úr landeyðingu	Skipulagsákvæði, LSS A.7.1, Heimsmarkmið 15	Sveitarfélagið, Land og Skógur
Beit og landnýting	Beit stýrt samhliða uppgræðslu ógróinna svæða	Viðheldur jafnvægi milli nýtingar og verndar	Skipulagsákvæði	Sveitarfélagið, bændur
Vatnsvernd	Framkvæmdir á landbúnaðarsvæðum innan fjarsvæðis vatnsverndar krefjast umsagnar heilbrigðiseftirlits	Tryggir neysluvatnsgæði og öryggi	Skipulagsákvæði, LSS B.1.2	Sveitarfélagið, Heilbrigðiseftirlit
Mannvirki og byggingar	Byggingar tengdar búrekstri ekki heimilar ofar en 400 m.y.s.	Verndar óbyggð víðerni og viðkvæm svæði	Skipulagsákvæði	Sveitarfélagið



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

Uppbygging á bæjartorfum	Uppbyggingu er beint á bæjartorfu; sveitarstjórn getur heimilað fleiri en 3 íbúðarhúsa á torfu.	Heimild til fleiri en þriggja íbúðarhúsa á torfu er háð mati sveitarstjórnar. Uppbygging sem felur í sér myndun nýrrar íbúðarbyggðar kallar á skilgreiningu íbúðarbyggðar í aðalskipulagi.	Skipulagsákvæði, jarðalög nr. 81/2004, ábúðarlög nr. 80/2004	Sveitarfélagið
Afturkræfar framkvæmdir	Heimilt að heimila framkvæmdir ef auðvelt er að endurheimta land til matvælaframleiðslu	Tryggir vernd ræktunarlands til framtíðar	Skipulagsákvæði	Sveitarfélagið
Lausafjármunir og stöðuleyfi	Eftir atvikum skal sækja um stöðuleyfi fyrir geymslu lausafjármuna; heimilt er að hafa einn gám tengdan búrekstri án gjaldtöku	Minnkar sjónmengun og tryggir umgengni	Skipulagsákvæði	Sveitarfélagið
Hlunninda-búskapur	Stutt verði við hlunnindabúskap með meindýraeyðingu	Stuðlar að fjölbreyttum búskap og nýtingu náttúruauðlinda	Stefna Hörgársveitar	Sveitarfélagið, bændur
Menningarminjar	Merkingar á lögbýlum, eyðibýlum og söguslóðum verði bættar	Stuðlar að vernd menningarlandslags og eykur fræðslugildi	Skipulagsákvæði, LSS A.7, Heimsmarkmið 11.4	Sveitarfélagið, Minjastofnun
Útivist og aðgengi	Opnum svæðum utan ræktarlands skal halda til hefðbundinna landnota og útivistar	Svæðin áfram opin almenningi með takmörkuðum mannvirkjum (reið- og gönguleiðir)	Skipulagsákvæði, LSS B.7.2	Sveitarfélagið

Landskipti

Markmið með landskiptum er að vernda hefðbundið byggðamynstur og yfirbragð sveitabyggðar, forðast myndun þéttar íbúðarbyggðar í dreifbýli og tryggja hagkvæmni í þjónustu sveitarfélagsins. Landskipti á landbúnaðarsvæðum skulu metin með hliðsjón af flokkun landbúnaðarlands, áhrifum á samfellu ræktunarlands og markmiðum aðalskipulags um vernd góðs landbúnaðarlands og hagkvæma landnýtingu.

Á landbúnaðarlandi í flokkum L1 og L2 samkvæmt flokkun landbúnaðarlands eru landskipti almennt óheimil, nema í undantekningartilvikum, svo sem á jaðarsvæðum í tengslum við núverandi byggð, enda sé sýnt fram á að landskipti skerði ekki samfellu, nýtingu eða vernd landbúnaðarlands.

Við skiptingu jarða verða til mismunandi stærðir landspilda:

Bújarðir: 10–25 ha

Smábýli: 3–10 ha

Íbúðarlóðir: 0,5–3 ha

Með umsókn um landskipti skal fylgja rammaskipulag bújarðar með upplýsingum um uppbyggingaráform, landkosti, flokkun landbúnaðarlands, fyrirhugað gatnakerfi, fjölda og stærðir



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

lóða og tímaáætlun framkvæmda. Með umsóknum um landskipti á landbúnaðarsvæðum skal fylgja rökstuðningur þar sem tekin er afstaða til ákvæða 5. gr. jarðalaga nr. 81/2004, a- og b-liðar. Rökstuðningurinn er hluti af málsmeðferð sveitarfélagsins og grundvöllur ákvörðunar um hvort landskipti samrýmist markmiðum aðalskipulagsins.

Við mat á landskiptum og uppbyggingaráformum skal jafnframt gæta þess að íbúðar- og frístundabyggð séu ekki í nábýli nema sérstakar aðstæður réttlæti slíkt, og skal þá leggja mat á áhrif á búsetuskilyrði, landnýtingu, innviði og heildarskipulag byggðar.

Við mat sveitarstjórnar á umsóknum er einkum horft til þess að:

- Uppbygging stuðli að hagkvæmu byggðamynstri og verði ekki íþyngjandi í rekstri sveitarfélagsins.
- Gatnakerfi sé einfalt og tengingum við þjónustu- og vegakerfi fjölgi ekki.
- Ný hús rýri ekki gæði góðs landbúnaðarlands né ásýnd og gildi umhverfisins.
- Byggingar loki ekki aðgengi að útsýnisstöðum, göngu- og reiðleiðum eða útivistarsvæðum.
- Staðsetning og útlit bygginga taki mið af hefðum og styrki búsetulandslag svæðisins.
- Íbúðarbyggð og frístundabyggð verði ekki blandað í nábýli.

5.1.1 Flokkun landbúnaðarlands

Landbúnaðarland er dýrmæt auðlind og skal nýting þess byggjast á markmiðum jarðalaga nr. 81/2004: sjálfbærni, hagsmunum komandi kynslóða, náttúruvernd og verndun góðs ræktunarlands til matvælaframleiðslu.

Við gerð aðalskipulags í dreifbýli er land flokkað í fjóra flokka:

L1 – MJÖG GOTT RÆKTUNARLAND

- Jarðvegur: góður móajarðvegur, steinefnaríkar mýrar, þykkt ≥ 75 cm
- Landgerð: vel þurrt, halli < 4 %, hæð < 100 m
- Notkun: ekki heimilt að rjúfa samfellu með mannvirkjum eða samfelldri skógrækt
- Heimildir: byggja við bæjartorfur; afturkræfar framkvæmdir (íprótta- og tjaldsvæði, golfvöllir) heimilar; veitur og vegagerð heimil; skjólbelti og trjálundir heimil

L2 – GOTT RÆKTUNARLAND

- Jarðvegur: mýrar með miklu lífrænu efni, góðir sandar og melar, þykkt ≥ 50 cm
- Landgerð: halli < 8 %, hæð < 200 m
- Notkun: forðast rask samfellu, heimild til fastrar búsetu, landbúnaðarstarfsemi og minniháttar atvinnustarfsemi
- Heimildir: skjólbelti og trjálundir, en ekki umfangsmikil skógrækt á besta landi

L3 – SÆMILEGT RÆKTUNARLAND

- Jarðvegur: lakari mýrar, móar og melar, þykkt ≥ 25 cm
- Landgerð: halli < 12 %, hæð < 300 m, sæmileg þurrkunarskilyrði
- Notkun: hentugt til beitar, skógræktar og landgræðslu; landbúnaðarstarfsemi víkjandi ef þörf er á annarri nýtingu



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

- Heimildir: heimilt að byggja upp til fastrar búsetu eða annarrar starfsemi

L4 – LÉLEGT RÆKTUNARLAND

- Land sem ekki uppfyllir skilyrði L1–L3, hentar ekki til akuryrkju
- Hentar til beitar, skógræktar eða túna
- Flokkast frekar sem beitarland í landslagsflokkun

Í aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 þá var sveitarfélagið í samvinnu við Búgarð skipt niður í tiltölulega einsleit svæði út frá núverandi landnýtingu. Tilgangurinn var að leggja mat á mögulega og æskilega landnotkun eftir svæðum og kemur hún fram í töflu hér á eftir en landbúnaðarsvæðum er flokkað eftir þessari skiptingu.

Tafla 5. Landnotkunarreitir landbúnaðarlands og flokkar landbúnaðarlands (L).

Flokkun Landbúnaðarlands				
Nr. Heiti	Lýsing	Skilmálar	Flokkun	Stærð (ha)
L1	Kræklingahlíð frá mörkum við Akureyri að Moldhaugum og Glæsibæ. Núverandi landnýting: Landbúnaðarframleiðsla, s.s. mjólkurframleiðsla, sauðfjárbúskapur og kartöflurækt. Tiltölulega þétt byggð, jarðir langar og mynda mjóar reinar frá sjó upp á fjallshryggi. Frístundabyggð er nokkur meðfram ströndinni. Skógræktarskilyrði: Skógrækt er nokkur í efri hluta hlíðarinnar en á þessu svæði eru skógræktarskilyrði mjög góð og vaxa þar allar þær tegundir sem notaðar eru í skógrækt í dag enda veðursæld mikil með frekar löngum og mildum sumrum og nálægðin við sjó minnkar frosthættu á vaxtartíma. Frekar snjóþungt er á þessu svæði.	Um þessi svæði gilda almennir skilmálar sem fram koma í kafla 5.1.1. og uppbyggingarheimildir á jörðum skv. töflu í kafla 5.1.2 sem og önnur ákvæði um stakar framkvæmdar. Fyrirséð er að á svæðinu verði samdráttur í landbúnaði vegna á stærðar og lögunar jarða og vegna ásóknar í íbúðarlóðir og nálægðar við Akureyri.	Innan svæðis eru 87,9 ha í flokki L1, 244,9 ha í flokki L2, 667,4 ha í flokki L3 og 594,7 ha í flokki L4.	1675,4
L2	Frá og með Moldhaugum og Glæsibæ að Djúpárbakka og Grjótgarði. Núverandi landnýting: Mjólkurbúskapur á öllum bæjum nema einum þar sem er sauðfjárbúskapur og jarðir eru tiltölulega stórar. Á Gásum eru merkar fornminjar um Gásakaupstað. Skógræktarskilyrði: Skógræktarskilyrði eru mjög góð og þar vaxa allar þær tegundir sem notaðar eru í skógrækt í dag en veðurfar einkennist af frekar löngum og mildum sumrum og nálægðin við sjó minnkar frosthættu á	Um þessi svæði gilda almennir skilmálar sem fram koma í kafla 5.1.1. og uppbyggingarheimildir á jörðum skv. töflu í kafla 5.1.2 sem og önnur ákvæði um stakar framkvæmdar. Vegna þess hversu jarðir eru stórar er svæðið vel fallið til landbúnaðarnota. Svæðið hefur menningarsögulegt gildi sem tengist m.a. Gásum og nágrenni þeirra, og getur slík arfleifð skapað tækifæri til menningartengdrar ferðaþjónustu, að undangengnu samráði og nánari skipulagsgerð..	Innan svæðis eru 37702 ha í flokki L1, 416,1 ha í flokki L2, 672,9 ha í flokki L3 og 245,5 ha í flokki L4.	1746,1




Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

	vaxtartíma og frekar snjóþungt. Hafáttar gætir hér meira en á hinum svæðunum.			
L3	Þelamörk frá og með Grjótgarði og Djúparbakka að Skógum. Núverandi landnýting: Hefðbundinn landbúnaður aflagður, en þó nokkur skógrækt á svæðinu. Vatnsból Akureyrar er á Vaglaeyrum. Skógræktarskilyrði: Skógrækt er mikil sem og nokkur frístundabyggð. Skógræktarskilyrði eru mjög góð og vaxa þar allar þær tegundir sem notaðar eru í skógrækt í dag en veðurfar einkennist af frekar löngum og mildum sumrum og nálægðin við sjó minnkar frosthættu á vaxtartíma.	Um þessi svæði gilda almennir skilmálar sem fram koma í kafla 5.1.1. og uppbyggingarheimildir á jörðum skv. töflu í kafla 5.1.2 sem og önnur ákvæði um stakar framkvæmdar. Möguleiki á opnum skógum á svæðinu til að auka útivistar og fræðslugildi. Efnistaka úr Hörgá mun væntanlega hafa nokkuð vægi á þessu svæði.	Innan svæðis eru 85,3 ha í flokki L1, 71,3 ha í flokki L2, 850,7 ha í flokki L3 og 1166,6 ha í flokki L4.	2303,8
L4	Þelamörk frá og með Skógum og Öxnadalur að Hraunshöfða. Núverandi landnýting: Búskapur á þessu svæði er mjólkurframleiðsla, sauðfjárbúskapur, blönduð bú, hrossarækt og ferðaþjónusta. Skógræktarskilyrði: Skógrækt er nokkur en vöxtur trjáa sennilega minni en á svæðum 1,2,3 og 6 vegna þess að landið liggur hærra yfir sjó og vaxtartími styttri. Hins vegar eru umhleyppingar minni á veturna sem getur verið jákvætt fyrir einstakar tegundir í skógrækt.	Um þessi svæði gilda almennir skilmálar sem fram koma í kafla 5.1.1. og uppbyggingarheimildir á jörðum skv. töflu í kafla 5.1.2 sem og önnur ákvæði um stakar framkvæmdar. Framtíðarsýn: Stofnaður hefur verið fólkvangur í landi Hrauns í Öxnadal vegna sögu- og náttúruvinnu. Honum er lýst í kafla xxx. Efnistaka úr Hörgá mun væntanlega hafa nokkuð vægi á þessu svæði.	Innan svæðis eru 85,7 ha í flokki L1, 343,6 ha í flokki L2, 1097,0 ha í flokki L3 og 2777,9 ha í flokki L4.	6094,4
L5	Fremsti hluti Hörgárdals framan Barkár, ásamt Staðartungu, Miðhálsstöðum og Hraunshöfða. Núverandi landnýting: Mestmegnis sauðfjárbúskapur og eitt blandað bú. Skógrækt og frístundabyggð er á afmörkuðum svæðum. Skógræktarskilyrði: Skógrækt er nokkur en skógræktarskilyrði eru nokkuð verri en á svæðum 2 og 6 þar sem það liggur hærra en hin. Vaxtartími er því styttri og vetur kaldari með meiri fjarlægð frá sjó. Víða er að finna náttúrulegt birki í giljum inn eftir Hörgárdalnum.	Um þessi svæði gilda almennir skilmálar sem fram koma í kafla 5.1.1. og uppbyggingarheimildir á jörðum skv. töflu í kafla 5.1.2 sem og önnur ákvæði um stakar framkvæmdar. Framtíðarsýn: Möguleikar á útivist, fornar leiðir yfir til Skagafjarðar.	Innan svæðis eru 32,1 ha í flokki L1, 111,1 ha í flokki L2, 522,5 ha í flokki L3 og 1599,6 ha í flokki L4.	4239,5
L6	Vesturhluti Hörgárdals neðan Barkár að Björgum. Núverandi landnýting: Mjólkurframleiðsla og sauðfjárbúskapur mestmegnis blönduð bú og einnig nokkur hrossarækt.	Um þessi svæði gilda almennir skilmálar sem fram koma í kafla 5.1.1. og uppbyggingarheimildir á jörðum skv. töflu í kafla 5.1.2 sem og önnur ákvæði um stakar framkvæmdar.	Innan svæðis eru 242,7 ha í flokki L1, 166,7 ha í flokki L2, 704,1 ha í flokki L3 og	2699,2



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

	Skógræktarskilyrði: Skógræktarskilyrði eru mjög góð og vaxa þar allar þær tegundir sem notaðar eru í skógrækt í dag enda veðursæld mikil með frekar löngum og mildum sumrum og þegar nær dregur sjó minnkar frosthættan á vaxtartíma.	Elsti varðveitti trjágarður á Íslands er í Skriðu. Fjölbreyttar minjar og áframhaldandi blandaður búskapur.	670,7 ha í flokki L4.	
L7	Frá og með Björgum til og með Hofi. Núverandi landnýting: Að mestu mjög gott landbúnaðarland og á svæðinu er stunduð mjólkurframleiðsla, hrossarækt og sauðfjárbúskapur. Skógræktarskilyrði: Skógræktarskilyrði eru sambærileg við svæði 6 og trúlega með því besta sem gerist í Eyjafirði.	Um þessi svæði gilda almennir skilmálar sem fram koma í kafla 5.1.1. og uppbyggingarheimildir á jörðum skv. töflu í kafla 5.1.2 sem og önnur ákvæði um stakar framkvæmdar. Framtíðarsýn: Góðar reiðleiðir og menningartengd ferðaþjónusta tengt Möðruvöllum.	Innan svæðis eru 444,8 ha í flokki L1, 183,2 ha í flokki L2, 717,4 ha í flokki L3 og 381,0 ha í flokki L4.	2068,2
L8	Frá Hofi að sveitarfélagamörkum. Núverandi landnýting: Mestur hluti svæðisins er gott landbúnaðarland, á vestur hluta þess er stunduð mjólkur- og nautakjötsframleiðsla og sauðfjárrækt, en á austur hlutanum þ.e. með ströndinni er ekki lengur hefðbundin búskapur, en nokkur skógrækt. Skógræktarskilyrði: Vaxandi hafgola og kæling frá hafi á vaxtartíma hefur neikvæð áhrif á skógrækt og snjóþýngsli og álag frá norðan áttinni hafa neikvæð áhrif á trjágæði. Skógræktarskilyrði eitthvað lakari en t.d. á svæði 7 eftir því sem utar dregur en samt sem áður vandræðalaust að rækta skóg á þessu svæði eins og dæmin sanna.	Innan svæðis eru 227,9 ha í flokki L1, 419,2 ha í flokki L2, 931,2 ha í flokki L3 og 525,3 ha í flokki L4. Um þessi svæði gilda almennir skilmálar sem fram koma í kafla 5.1.1. og uppbyggingarheimildir á jörðum skv. töflu í kafla 5.1.2 sem og önnur ákvæði um stakar framkvæmdar. Hafnsækin starfsemi og aukin íbúða- og frístundabyggð á Hjalteyri. Athafnasvæði og hafnsækin starfsemi í tengslum við á Dysnes.	Innan svæðis eru 227,9 ha í flokki L1, 419,2 ha í flokki L2, 931,2 ha í flokki L3 og 525,3 ha í flokki L4.	2744,7
Samtals:				23571,3



Mynd 6. Flokkun landbúnaðarlands (L).



5.1.2 Stakar framkvæmdir

Hvernig farið skuli með stakar skipulagsskyldar framkvæmdir sem ekki er talin þörf á að afmarka sérstaka landnotkun fyrir, enda sé um að ræða framkvæmdir sem ekki eru taldar líklegar til að valda verulegum áhrifum á umhverfið. Hér er átt við smávirkjanir, litlar spennistöðvar, minni háttar mannvirki, stök fjarskiptamöstur, stakar vindmyllur o.þ.h. Þetta getur einnig átt við um stök frístundahús, stök íbúðarhús og aðra mannvirkjagerð á landbúnaðarsvæðum án tengsla við búrekstur. Stefna um hvar eða við hvaða aðstæður framangreind mannvirkjagerð er heimil eða óheimil og aðrar skipulagsforsendur fyrir gerð deiliskipulags eða veitingu leyfa til framkvæmda.

Stakar framkvæmdir á landbúnaðarsvæðum skulu metnar í samhengi við flokkun landbúnaðarlands, landstærð og markmið aðalskipulags um vernd landbúnaðarlands og sjálfbæra landnýtingu.

Viðmið um hámarks byggingarmagn eftir landstærð, sbr. töflu 7, taka eingöngu til íbúðar- og frístundahúsa. Byggingar fyrir aðra atvinnustarfsemi, svo sem ferðaþjónustu, þjónustu- eða rekstrarhúsnæði tengt landbúnaði eða annarri starfsemi, koma til viðbótar og eru metnar sérstaklega með hliðsjón af eðli starfseminnar, umfangi hennar og áhrifum á landnotkun.

Ferðaþjónusta á landbúnaðarsvæðum er heimil að takmörkuðu umfangi án breytinga á aðalskipulagi, enda fari starfsemin ekki umfram skilgreind viðmið um hámarksfjölda gesta. Umfangsmeiri ferðaþjónusta krefst skilgreiningar verslunar- og þjónustusvæðis eða breytingar á skipulagi.

Uppsetning vindraftöðva er háð skýrum viðmiðum um hámarkshæð, miðað við spaða í hæstu stöðu, og heimilað afl. Slík viðmið eru sett til að tryggja fyrirsjáanleika í skipulagsákvörðunum og samræmi við markmið aðalskipulagsins.

Við mat á stökum framkvæmdum á landbúnaðarsvæðum skal jafnframt tekið mið af viðmiðum um uppbyggingu eftir stærð landspilda, sbr. töflu 7, eftir því sem við á.

Stakar framkvæmdir eru heimilar án þess að afmarka sérstaklega landnotkun í aðalskipulagi, enda sé um minni háttar mannvirki að ræða sem styrkja samfélag og atvinnulíf án þess að hafa veruleg umhverfisáhrif eða rýra verndargildi svæða.

Þetta á m.a. við um:

- Stök íbúðar- og frístundahús
- Fjarskiptamöstur
- Litlar vatnsafls- eða vindraftöðvar
- Áningarstaði í tengslum við göngu- og reiðleiðir eða útsýnisstaði

ALMENN SKILYRÐI

- Stakar framkvæmdir krefjast deiliskipulags og/eða grenndarkynningar og viðeigandi byggingar-/framkvæmdaleyfis.
- Framkvæmdir geta verið tilkynningarskyldar skv. lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlaða.
- Í hverju tilviki er metið hvort framkvæmdin er heimil með hliðsjón af áhrifum á landslag, verndarsvæði, náttúru, menningarminjar, hljóðvist, lyktarmengun, umferð og innviði.
- Stök mannvirki skulu ekki raska góðu ræktunarlandi (L1 og L2) nema í jaðri svæða eða í tengslum við núverandi byggð.
- Forðast skal stök hús á víðavangi og leitast við að staðsetja mannvirki á óbyggðum svæðum þar sem þau skerða ekki víðerni.



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

Um stakar framkvæmdir gilda jafnframt ákvæði annarra kafla um umhverfi, yfirbragð og loftslag.

HEIMILAR FRAMKVÆMDIR

- Byggingar á landbúnaðarsvæðum
- Gert er ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist búrekstri.
- Heimilt að skilgreina lóðir fyrir íbúðarhús, frístundahús og ferðaþjónustu í deiliskipulagi, með hliðsjón af töflu 7.
- Ný hús skulu reist í nálægð við núverandi byggð og innviði til að nýta þá sem best. Markmiðið er að ekki verði fjölgað tengingum við þjóðveg, að þjónusta við ný hús tengist þeirri þjónustu sem þegar er veitt og að nýjum húsum verði komið fyrir í samræmi við byggingarhefðir og yfirbragð sveitarinnar.
- Forðast skal stök hús á víðavangi. Heimilar eru byggingar sem ekki tengjast búrekstri á bújörðum, án þess að breyta þurfi aðalskipulagi, í samræmi við eftirfarandi töflu og fer fjöldi húsa eftir stærð lands.).
- Skilgreina skal í deiliskipulagi nýjar lóðir fyrir íbúðarhús, frístundahús og nýbyggingar fyrir ferðaþjónustu og aðra atvinnustarfsemi en landbúnað.

Tafla 6. Byggingar á landbúnaðarsvæðum

Landstærð	Heiti	Nýtingar- hlutfall	Heimildir	Hámarks byggingarmagn	Skilyrði
0,5–3 ha	Íbúðarlóðir	0,05	Íbúðarhús, gestahús og bílskúr.	500 m ² (samtals)	Ekki heimilt að reisa hesthús eða önnur landbúnaðarhús á lóðum < 2 ha. Ekki stofna nýjar lóðir á L1–L2 nema í jaðri svæða.
3–10 ha	Landspildur	0,05	1 íbúðarhús, 1 frístundahús og landbúnaðarbyggingar.	800 m ² (samtals)	Frístundahús má ekki vera aðalnýting. Byggingar ekki heimilar ef þær skerða samfellu á L1–L2.
10–25 ha	Smábýli	0,05	2 íbúðarhús, 2 frístundahús, auk annarra bygginga.	1.200 m ² (samtals)	Sérhæfðar byggingar fyrir aðra atvinnustarfsemi: ≤1.500 m ² . Á L1 aðeins í tengslum við bæjartorfu.
>25 ha	Bújarðir	–	3 íbúðarhús, 3 frístundahús, auk annarra bygginga.	1.500 m ² (samtals)	Sérhæfðar byggingar fyrir aðra atvinnustarfsemi: ≤1.500 m ² . Skal vera í tengslum við landbúnað eða ferðaþjónustu.

Við mat á stökum framkvæmdum á landbúnaðarsvæðum skal jafnframt tekið mið af viðmiðum um uppbyggingu eftir stærð landspilda, sbr. töflu 7, eftir því sem við á.

2. Ferðaþjónusta á landbúnaðarsvæðum

Á bújörðum ≥10 ha eru sérhæfðar byggingar fyrir aðra atvinnustarfsemi en landbúnað heimilar allt að 1.500 m² (samtals gamlar og nýjar byggingar).

Stærri uppbygging krefst breytingar á aðalskipulagi.

Meginregla: önnur atvinnustarfsemi skal vera hluti bújarða en ekki á sérlóð.



3. Fjarskiptamöstur

Heimilt allt að 20 m há, með aðstöðuhúsi $\leq 20 \text{ m}^2$.

Skilyrði: mat á hljóðvist, fjarlægð frá landamerkjum, áhrif á náttúru og landslag.

4. Vatnsaflsvirkjanir

Heimilt allt að 200 kW með aðstöðuhúsi $\leq 15 \text{ m}^2$.

Stærri virkjanir krefjast breytingar á aðalskipulagi og umhverfismats.

5. Vindraftstöðvar

Heimilar til eigin nota, $\leq 20 \text{ m}$ á hæð (spaðar í hæstu hæð), með aðstöðuhúsi $\leq 15 \text{ m}^2$.

Ekki heimilar á eða við íbúðar- eða frístundasvæði.

6. Sólarsellur

Heimilar á þökum húsa.

7. Örvirkjanir

Heimilt að reisa allt að 100 kW í tengslum við þjónustustarfsemi fjarri veitukerfum.

8. Orku- og veitukerfi

Heimilt að virkja heitt vatn (borholur) og nýta kalt vatn með borun, ef ekki er um eftirlitsskylda starfsemi að ræða.

Veitumannvirki (spennistöðvar, dælustöðvar) heimilar allt að 20 m².

9. Þjónustuhús og áningarstaðir

Heimilt við meginferðaleiðir, göngu- og reiðleiðir og útsýnisstaði.

Má fela í sér skilti og þjónustuhús $\leq 20 \text{ m}^2$ (snyrtiaðstaða, eftirlitsaðstaða, neyðarskýli).

Heimilt að setja hestahólf í tengslum við reiðleiðir.

10. Tímabundin aðstaða

Heimilt að reisa vinnubúðir/vinnuþlön vegna framkvæmda (t.d. vegagerð, efnisvinnsla) með tilskildum leyfum.

5.2 SAMFÉLAGSPJÓNUSTA (S)

Svæði fyrir stofnanir og fyrirtæki sem, óháð eignaraðild, veita almenna þjónustu við samfélagið, svo sem menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, menningarstofnanir, félagslegar stofnanir, trúarstofnanir og aðrar þjónustustofnanir ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.

Dreifbýli

Margar þjónustustofnanir í dreifbýli eru háðar sérstökum skilyrðum í lögum eða samningum, s.s. sóknarkirkjur, félagsheimili, meðferðarheimili og skólar. Notkun á landi sem tilheyrir hlutaðeigandi stofnunum er háð samþykktu deiliskipulagi.

Lónsbakki

Á Lónsbakka er ekki starfræktur grunnskóli en skólabíll ekur á milli Lónsbakka og Þelamerkurskóli þar sem grunnskóli sveitarfélagsins er starfræktur. Norðan við þéttbýlið á Lónsbakka er leikskóli fyrir 90-95 börn.



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

MARKMIÐ:

- Stuðla að öflugri samfélagsþjónustu sem styður við byggð og íbúa sveitarfélagsins.
- Tryggja aðgengi að menntun, félagsþjónustu og heilbrigðisþjónustu fyrir alla íbúa.
- Byggja upp samfélagslega innviði í nánu sambandi við íbúðarbyggð.
- Efla núverandi þjónustustofnanir og bæta nýtingu þeirra.
- Á skipulagstímabili aðalskipulagsins er gert ráð fyrir að framtíðaruppbygging og þróun leik- og grunnskóla verði á núverandi staðsetningum þessara stofnana. Ekki er gert ráð fyrir nýjum staðsetningum leik- eða grunnskóla innan sveitarfélagsins á tímabilinu.

Pema	Stefna/skipulagsákvæði	Útskýring	Heimild	Ábyrgðaraðili
Þjónusta í dreifbýli	Stuðlað verði að þjónustustarfsemi í dreifbýli til að renna styrkari stoðum undir byggð	Tryggir jöfn tækifæri og eflir dreifðar byggðir	Skipulagsákvæði, Heimsmarkmið 10	Sveitarfélagið
Þjónustustofnanir	Núverandi stofnanir geti eflst og vaxið, nánar skilgreint í deiliskipulagi.	Tryggir þróun með skýrri stefnu	Skipulagsákvæði	Sveitarfélagið, stofnanir
Skólalóðir	Skóla- eða leikskólalóðir verði í góðum tengslum við íbúðarhverfi og nýtist sem útivistarsvæði.	Tryggir öryggi barna og fjölnotagildi lóða. Þetta ákvæði á við Lónsbakkahverfið.	Skipulagsákvæði, Heimsmarkmið 4.2	Sveitarfélagið, skólastjórnendur
Félagsleg þjónusta	Félagsleg þjónusta verði miðsvæðis og aðgengileg öllum íbúum	Eykur jöfnuð og aðgengi	Skipulagsákvæði, Heimsmarkmið 5.4, 10	Sveitarfélagið
Aðgengi að stofnunum	Aðgengi verði bætt til að auka nýtingu á einstökum stofnunum.	Tryggir jafnt aðgengi að öllum stofnunum	Skipulagsákvæði, Heimsmarkmið 10	Sveitarfélagið
Íþróttamannvirki	Nýting íþróttamannvirkis á Laugalandi verði bætt með forgangi fyrir íbúa	Stuðlar að heilsu og vellíðan íbúa	Skipulagsákvæði, Heimsmarkmið 3, 11.7	Sveitarfélagið, íþróttafélög
Nýtingarhlutfall	Nýtingarhlutfall á verslunar- og þjónustusvæðum skal almennt vera 0,2–0,6	Tryggir hóflega þéttleika og samræmt skipulag	Skipulagsákvæði	Sveitarfélagið
Menntun	Jafn aðgangur að menntun verði tryggður frá leikskóla til háskólastigs	Tryggir jafnrétti í menntun og tækifærum	Heimsmarkmið 4.2, 4.3	Sveitarfélagið, ríkið, menntastofnanir
Jafnrétti	Jafnrétti kynjanna verði tryggt í allri samfélagsþjónustu	Tekur til vinnumarkaðar, fjölskyldulífs og þjónustu	Heimsmarkmið 5, 5.4	Sveitarfélagið



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

Tafla 7. Samfélagsþjónusta (S).

Samfélagsþjónusta (S)			
Nr. Heiti	Lýsing	Skilmálar	Stærð (ha)
Þéttbýli			
S1 Leikskóli	Leikskólinn Álfasteinn, Lónsbakka.	Leikskóli við Lónsbakka. Núverandi byggingarmagn 840 m ² . Hámarksbyggingarmagn 1.200 m ² .	1,2
Dreifibýli			
S2 Hlíðarbær	Félagsheimili, byggt árið 1919, byggt við 1969 og 1975.	Stærð í dag 465,3 m ² . Hámarks byggingarmagn 600 m ² .	0,1
S3 Glæsibær	Kirkja, timburhús reist 1866.	Ekki gert ráð fyrir frekari stækkun. Kirkjan er friðlýst sjá kafla 4.3.7. Hámarks byggingarmagn 100 m ² .	0,4
S4 Skjaldarvík	Skóli fyrir sér úrræði á vegum Akureyrar í Hlíðarskóla er pláss fyrir 20 nemendur.	Ekki gert ráð fyrir frekari stækkun. Hámarks byggingarmagn 400 m ² .	0,4
S5 Laugaland	Grunnskóli, byggður 1961-1978, sundlaug byggð 1943-45 og íþróttahús 1992.	Núverandi byggingarmagn Gert er ráð fyrir nýjum byggingarreitum fyrir stækkun á þelamerkurskóla, tvö íbúðarhús og vallahús. Hámarks byggingarmagn 6.000 m ² .	1,5
S6 Bægisá	Kirkja, timburhús reist 1858.	Ekki gert ráð fyrir frekari stækkun. Húsið er friðlýst sjá kafla 6.7. Hámarks byggingarmagn 100 m ² .	0,1
S7 Bakki	Kirkja, timburhús reist 1843.	Ekki gert ráð fyrir frekari stækkun. Húsið er friðlýst sjá kafla 6.7. Hámarks byggingarmagn 100 m ² .	0,1
S8 Hraun	Gestastofa að Hrauni. Fræðasetur og minningarstofa um Jónas Hallgrímsson. Gestastofa verði byggð upp í endurgerðum útihúsum, með megináherslu á þjónustu og fræðslu við þá sem staðinn sækja heim. Þar verða snyrtingar, fjölnota salur, upplýsingar, veitingar og sýning um störf Jónasar og náttúruna. Sú aðstaða verður byggð upp sem „anddyri“ að fólkvanginum og gönguleiðum um hann.	Samhliða uppbyggingu gestastofu er nauðsynlegt að huga að innviðum. Brýnt er að færa bílastæðamál innan fólkvangsins til betri vegar, áður en byggður er upp sögustaður og menningarsetur að Hrauni, svo hægt sé að tryggja öryggi og aðgengi allra gesta. Hámarks byggingarmagn 500 m ² .	0,1
S9 Melar	Félagsheimili, byggt 1924 og viðbygging 1960.	Núverandi félagsheimili er um 270 m ² að stærð. Ekki er fyrirhuguð frekari stækkun. Hámarks byggingarmagn 270 m ² .	0,3
S10 Möðruvellir	Innan svæðis er kirkja, safnaðarheimili og leikhús sem er staðsett innan safnaðarheimilisins. Um er að ræða hús sem var upphaflega leikfimiðhús og pakkhús	Ekki gert ráð fyrir frekari stækkun. Hámarks byggingarmagn 200 m ² .	0,4



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

	Möðruvallarskóla sem brann árið 1901 og eru einu eftirstandandi leifar um Möðruvallarskóla. Kirkja sú sem nú stendur á Möðruvöllum var reist á árunum 1865-1867 eftir kirkjubruna 1865. Kirkjan er friðlýst sjá kafla 6.7.		
S11 Freyjulundur	Félagsheimilið Freyjulundur	Núverandi félagsheimili er um 303 m ² að stærð. Ekki er fyrirhuguð frekari stækkun. Hámarks byggingarmagn 303 m ² .	0,3
Samtals:			4,9

5.3 VERSLUN- OG ÞJÓNUSTA (VP)

Svæði þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu, þ.m.t. hótélum, gistiheimilum, gistiskálum, veitingahúsum og skemmtistöðum.

Verslunar- og þjónustusvæði eru ætluð fyrir fjölbreytta starfsemi, þar á meðal hótél, gistiheimili, gistiskála, veitingahús og skemmtistaði. Í Hörgársveit hefur aukist að ferðaþjónusta sé rekin á bújörðum samhliða hefðbundnum búskap, sem er litið jákvæðum augum svo framarlega sem ekki sé gengið á gott landbúnaðarland eða samfellu ræktunarlands.

Víða leynast tækifæri til að þróa ferðaþjónustu, s.s. með framleiðslu og sölu afurða beint frá býli. Nálægð við Akureyri skapar einnig ný tækifæri á sviði verslunar og þjónustu. Í nýrri ferðamálástefnu 2030 er lögð áhersla á að ákvarðanir um uppbyggingu ferðaþjónustu byggist á áreiðanlegum gögnum um framboð og eftirspurn til að atvinnugreinin þróist farsælega.

Á verslunar- og þjónustusvæðum er gert ráð fyrir fjölbreyttri þjónustu og atvinnustarfsemi, enda sé umfang og eðli uppbyggingar í samræmi við markmið aðalskipulagsins og aðstæður á hverjum stað. Nánari útfærsla og skipulag slíkra svæða skal að jafnaði fara fram í deiliskipulagi.

Áður en tekin er ákvörðun um breytingu á landnotkun fyrir verslunar- og þjónustu skulu liggja fyrir áreiðanleg gögn um framboð og eftirspurn, umfang fyrirhugaðrar starfsemi og tengsl hennar við núverandi innviði og þjónustu. Slík gögn eru grundvöllur ákvörðunar sveitarstjórnar um hvort og með hvaða skilyrðum fallist verði á skipulagsáform.

Upplýsingar um byggingarmagn, fjölda gistirúma og annað umfang starfsemi skulu liggja fyrir þannig að unnt sé að meta hvort fyrirhuguð áform falli undir málsmeðferð samkvæmt lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

MARKMIÐ

- Stuðla að auknum atvinnutækifærum í verslun og þjónustu.
- Efla núverandi verslunar- og þjónustusvæði og tryggja fjölbreytt framboð.
- Leita nýrra tækifæra, einkum í ferðaþjónustu og þjónustu tengdri landbúnaði.
- Tryggja gott framboð á verslunar- og þjónustulóðum.
- Skilgreina eðli og umfang starfsemi nánar í deiliskipulagi.
- Auka gistimöguleika á svæðinu í sátt við náttúru og samfélag.



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

Þema	Stefna/ skipulagsákvæði	Útskýring	Heimild	Ábyrgðaraðili
Atvinnutækifæri	Stuðlað verði að auknum atvinnutækifærum á sviði verslunar og þjónustu	Styrkir byggð og fjölbreytt atvinnulíf	Skipulagsákvæði, Heimsmarkmið 8	Sveitarfélagið, atvinnurekendur
Efling svæða	Verslunar- og þjónustusvæði geti eflst og þannig rennt styrkari stoðum undir byggð	Tryggir sveigjanleika og þróun	Skipulagsákvæði	Sveitarfélagið
Fjölbreytni í framboði	Framboð verði fjölbreytt og komið í veg fyrir einsleitni	Bætir þjónustu og lífsgæði íbúa og ferðamanna	Skipulagsákvæði, Heimsmarkmið 10.3	Sveitarfélagið, einkaaðilar
Ný tækifæri	Nýrra tækifæra verði leitað, m.a. vegna nálægðar við Akureyri	Skapar svæðisbundna hagræna kosti	Skipulagsákvæði	Sveitarfélagið
Gistimöguleikar	Gistimöguleikum verði fjölgað á svæðinu	Styður ferðaþjónustu og atvinnuuppbyggingu	Skipulagsákvæði, Heimsmarkmið 8.9, Ferðamálastefna 2030	Sveitarfélagið, ferðaþjónustu-aðilar
Lóðaframboð	Lögð verði áhersla á gott framboð á verslunar- og þjónustulóðum	Tryggir aðgengi að hentugu landi fyrir atvinnurekstur	Skipulagsákvæði	Sveitarfélagið
Skipulag í deiliskipulagi	Umfang og eðli starfsemi skilgreint í deiliskipulagi	Tryggir vandaða útfærslu og sveigjanleika	Skipulagsákvæði	Sveitarfélagið
Þróun núverandi starfsemi	Núverandi starfsemi hafi svigrúm til að þróast	Ver og styður við núverandi fyrirtæki	Skipulagsákvæði	Sveitarfélagið
Nýtingarhlutfall	Nýtingarhlutfall á verslunar- og þjónustusvæðum 0,2–0,6 að jafnaði	Tryggir hóflega þéttleika og samræmt skipulag	Skipulagsákvæði	Sveitarfélagið
Ferðaþjónusta á bújörðum	Ferðaþjónusta á bújörðum sé jákvæð ef ekki er gengið á gott ræktunarland	Skapar auknar tekjur og fjölbreytni án þess að draga úr landbúnaði	Stefna Hörgársveitar, Heimsmarkmið 8.9	Sveitarfélagið, bændur, ferðaþjónustu-aðilar
Gögn og áætlanagerð	Skipulagsákvæðanir byggja á áreiðanlegum gögnum um framboð og eftirspurn	Tryggir sjálfbæra þróun ferðaþjónustu	Ferðamálastefna 2030, Heimsmarkmið 8.9	Sveitarfélagið, Ferðamálastofa



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

Tafla 8. Verslunar- og þjónustuvæði í dreifbýli (VP).

Verslun og þjónusta (VP)				
Nr. Heiti	Lýsing	Skilmálar	Fjöldi gistirúma:	Stærð (ha)
Þéttbýli				
Vp1 Richardshús	Gististaður án veitinga í flokki II í Richardshúsi.	Heimilt að reka gististað. Hámarks byggingarmagn: 270 m ² .	20	0,3
Vp2 Hótel Hjalteyri	Hótel Hjalteyri.	Heimilt er að reka hótél með íbúðum og herbergjum, með veitingum þó ekki áfengisveitingum, í flokki II. Hámarks byggingarmagn: 320 m ² .	20	1,3
Dreifbýli				
Vp4 Pétursborg og Fagravík	Ferðaðþjónusta með gistingu.	Heimilt er að reka ferðaðþjónustu með gistingu. Heimilt er að byggja allt að 12 frístundahúsum á svæðinu í samræmi við deiliskipulag frá 2004. Stærð einstakra frístundahúsa skal að jafnaði ekki vera meiri en 20 m ² . Hámarks byggingarmagn: 500 m ² .	88	16,9
Vp5 Engimýri	Gististaður í Engimýri í Öxnadal.	Heimilt er að reka gististað með allt að 8 herbergjum og veitingasal fyrir allt að 40 gesti. Heimilt er að reisa allt að 6 einnar hæðar gistihús, hvert um sig allt að 40 m ² , þar af eitt hús fyrir starfsmenn. Hámarks byggingarmagn: 550 m ² .	40	2,8
Samtals:			168	22,9

5.4 MIÐSVÆÐI (M)

Svæði fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýslu sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, svo sem verslanir, skrifstofur, þjónustustofnanir, hótél, veitinga- og gistihús, menningarstofnanir og önnur hreinleg atvinnustarfsemi sem talin er samræmast yfirbragði og eðli starfsemi miðsvæðis.

MARKMIÐ:

- Stuðla að blöndun verslunar, þjónustu og stjórnsýslu á miðsvæðum.



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

- Tryggja gott aðgengi að þjónustustofnunum.
- Efla fjölbreytta starfsemi sem styrkir byggð og tengingu svæða.
- Gæta að ásýnd, hönnun og frágangi svo miðsvæði verði til fyrirmyndar.
- Setja öryggi gangandi og hjólandi í forgang og styðja vistvænar samgöngur.
- Deiliskipulagsskilmálar tryggi gæði húsnæðis og heildstætt yfirbragð byggðar.

Þema	Stefna/skipulagsákvæði	Útskýring	Heimild	Ábyrgðaraðili
Blönduð starfsemi	Stuðlað verði að möguleikum á blöndun verslunar-, þjónustu- og stjórnsýslustarfsemi	Skapar sveigjanleika og styrkir byggð	Skipulagsákvæði, Heimsmarkmið 11.3	Sveitarfélagið
Aðgengi að stofnunum	Aðgengi að þjónustustofnunum verði bætt til að auka nýtingu	Tryggir jafnt aðgengi íbúa og ferðamanna	Skipulagsákvæði, Heimsmarkmið 10	Sveitarfélagið
Fjölbreytt starfsemi	Miðsvæði hýsi fjölbreytta starfsemi sem eflir líf og tengingu svæða	Stuðlar að samfélagslegri virkni og atvinnuuppbyggingu	Skipulagsákvæði, LSS C.6.1, Heimsmarkmið 8.3	Sveitarfélagið, atvinnurekendur
Samgöngur	Tryggja öruggt flæði ólíkra samgöngumáta á miðsvæðum	Forgangur gangandi og hjólandi, vistvænir ferðamátar eflir	Skipulagsákvæði, LSS B.7.2, Heimsmarkmið 11.2	Sveitarfélagið, Vegagerðin
Ásýnd og hönnun	Ásýnd og frágangur á miðsvæðum verði til fyrirmyndar	Umhverfisgæði, græn svæði og hönnun mannvirkja í sátt við umhverfi	Skipulagsákvæði, LSS B.7.1, Heimsmarkmið 11.7	Sveitarfélagið, hönnuðir
Aðgengi fyrir alla	Aðgengi allra verði tryggt við hönnun miðsvæða	Byggt á algildri hönnun og jöfnum réttindum	Skipulagsákvæði, Heimsmarkmið 10.2	Sveitarfélagið
Gæði húsnæðis	Deiliskipulagsskilmálar miði að gæðum húsnæðis og heildstæðu yfirbragði	Tryggir faglega og samræmda uppbyggingu	Skipulagsákvæði, LSS B.7.1	Sveitarfélagið

Tafla 9. Miðsvæði (M).

Miðsvæði (M)			
Nr. Heiti	Lýsing	Skilmálar	Stærð (ha)
Þéttbýli			
M1 Miðsvæði Hjalteyri	Svæði fyrir fjölbreytta verslunar- og þjónustustarfsemi auk stjórnsýslu.	Gert er ráð fyrir fjórum nýjum lóðum innan svæðisins. Þar sem heimilt er að reisa hús í eldri stíl á einni hæð með nýtanlegu risi fyrir verslun og þjónustu með íbúðir á efri hæð eða einnig stök íbúðarhús. Hámarksfjöldi íbúða 8. Einnig gert ráð fyrir nýrri lóð fyrir eingöngu verslun og þjónustu við Hjalteyraryveg 13.	0,5
Samtals:			0,5



5.5 ATHAFNASVÆÐI (AT)

Svæði fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hættu er á mengun svo sem léttur iðnaður, hreinleg verkstæði, bílasölur og umboðs- og heildverslanir. Einnig atvinnustarfsemi sem þarfnast mikils rýmis, t.d. vinnusvæði utandyra á lóðum eða starfsemi sem hefur í för með sér þungaflutninga, svo sem vörugeymslur og matvælaíðnaður.

MARKMIÐ:

- Skapa góð skilyrði fyrir fyrirtæki og fjölbreytta atvinnustarfsemi.
- Efla matvælaframleiðslu og úrvinnslu landbúnaðarafurða.
- Laða að ný fyrirtæki og skapa aðstæður fyrir flutning starfsemi úr öðrum sveitarfélögum.
- Tryggja fjölbreytt framboð athafnalóða fyrir ólíka starfsemi.
- Draga úr raforkukostnaði fyrirtækja og styðja við orkuskipti.
- Skilgreina viðmið um nýtingarhlutfall og vanda uppbyggingu á athafnasvæðum.

Þema	Stefna/skipulagsákvæði	Útskýring	Heimild	Ábyrgðaraðili
Skilyrði fyrir fyrirtæki	Fyrirtækjum verði skapað góð skilyrði og umhverfisaðstæður	Byggir upp hagkvæmt og aðlaðandi atvinnuumhverfi	Skipulagsákvæði, LSS C.6.1, HM 8.3	Sveitarfélagið, atvinnurekendur
Matvælaíðnaður	Skilyrði fyrir úrvinnslu og framleiðslu á landbúnaðarafurðum verði eflað	Styrkir tengsl landbúnaðar og atvinnuuppbyggingar	Skipulagsákvæði, Landbúnaðarkafli 4.2.1, HM 2.3	Sveitarfélagið, atvinnurekendur
Ný fyrirtæki	Átak verði gert í að skapa aðstæður fyrir ný fyrirtæki og flutning starfsemi úr öðrum sveitarfélögum	Stuðlar að fjölbreyttu atvinnulífi og nýsköpun	Skipulagsákvæði, LSS C.6.2, HM 8.3	Sveitarfélagið
Framboð lóða	Fjölbreytt framboð athafnalóða verði tryggt	Lóðir sniðnar að mismunandi stærð og þörfum fyrirtækja	Skipulagsákvæði, HM 9.2	Sveitarfélagið
Orkuskipti og kostnaður	Raforkukostnaður verði lækkaður og orkuskipti eflað	Stuðlar að samkeppnishæfni og umhverfisvænni starfsemi	Skipulagsákvæði, LSS A.1.1, HM 7.2	Sveitarfélagið, orkufyrirtæki
Nýtingarhlutfall	Nýtingarhlutfall á athafnasvæðum verði 0,3–0,6 að meðaltali	Tryggir hagkvæma og heildstæða uppbyggingu	Skipulagsákvæði	Sveitarfélagið
Staðbundin svæði	Á Lónsbakka er athafnasvæði vestan og austan Hringvegarsins	Skilgreind svæði fyrir atvinnuuppbyggingu	Skipulagsákvæði	Sveitarfélagið



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

Tafla 10. Athafnasvæði (AT).

Athafnasvæði (AT)			
Nr. Heiti	Lýsing	Skilmálar	Stærð (ha)
Þéttbýli			
AT1 Verksmiðjan á Hjalteyri	Gert er ráð fyrir athafnastarfsemi, s.s. verkstæðum, minni háttar fiskvinnslu, lagerhúsnæði, skrifstofum o.fl.	Ekki er gert ráð fyrir frekari stækkun. Hámarks byggingarmagn: 6.700 m ² .	2,5
Dreifbýli			
AT2 Moldhaugar	Innan svæðisins er gert ráð fyrir um geymslusvæði, ökugerði, efnislager og sex atvinnulóðum. Heildarflatarmál lóðanna verður um 100.000 fm og nýtingarhlutfall 0,4. Byggingar á svæðinu verði ekki hærri en þrjár hæðir ofan jarðar og mænishæð ekki meiri en 15 m. Heimilt verði að starfrækja á lóðunum atvinnurekstur sem ekki hefur í för með sér verulega mengun, s.s. vélaverkstæði, geymslu á óskaðlegum efnum, starfsemi tengda bergnámu á svæðinu, steypustöð og malbikunarstöð. Heimilt verði að reisa starfsmannabúðir og skrifstofuhúsnæði innan svæðisins auk þess sem heimilt verði að reisa skemmur allt að 2000 fm í bæði ökugerði og geymslusvæði.	Meðferð fráveitu frá byggingum og vegna annarrar starfsemi skal samræmast reglugerð um fráveitur og skolp nr. 1450/2025. Gerð er rík krafa um að ásýnd svæðisins sé góð og að snyrtilega sé gengið um svæðið. Draga skal úr innsýn á svæðið með landmótun, mönnum og skógrækt með því markmiði að ásýnd svæðisins sé ekki til lýtis fyrir umhverfið. Samræmi verði í útliti og litavali bygginga. Mön verði komið fyrir meðfram Þjóðvegi 1 og gróðursetning við jaðar svæðis og einnig innan svæðis til að milda ásýnd. Reglulega skal gengið frá vinnuvélum, tækjum og öðrum lausamunum. Búnaður og lausamundir sem ekki eru í notkun við daglega starfsemi á svæðinu skal geymdur á geymslusvæði. Gerð er krafa um að mön verði komið upp við geymslusvæði með því markmiði að svæðið sjáist ekki úr næsta nágrenni. Umgengnisreglur sem tryggja fullnægjandi ásýnd svæðisins verði settar í deiliskipulagi. Hámarks byggingarmagn: 22.000 m².	41,2
AT3 Dysnes	Athafnasvæði við Dysnes fyrir fjölbreytta starfsemi.	Athafnasvæði AT3 er skilgreint með athafnastarfsemi sem ríkjandi landnotkun, í samræmi við gr. 6.2 skipulagsreglugerðar nr. 90/2013. Á svæðinu er heimil fjölbreytt athafnastarfsemi, þar á meðal iðnaðarstarfsemi sem hefur óveruleg eða lítill umhverfisáhrif og fellur að markmiðum um sjálfbæra atvinnuuppbyggingu. Önnur starfsemi, sem er ekki ríkjandi landnotkun, er heimil að því marki sem hún samrýmist meginhlutverki svæðisins og er skilgreind nánar í sérákvæðum fyrir svæðið, m.a. með tilliti til umfanga, eðlis starfsemi og umhverfisáhrifa. Neysluvatn fyrir svæðið verður mögulega sótt í Hofsskarð eða Hörgáreyrar og svæðið mun tengjast Dalvíkurlínu með jarðstreng að spennistöð innan svæðisins. Fráveita er skilgreind í deiliskipulagi. Aðkoma er frá stofnvegi 82 Ólafsfjarðarvegi, Huga skal í deiliskipulagi hvernig	32,2



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

		minnka má sjónræn áhrif af svæðinu. Hámarks byggingarmagn m.v. nýtingarhlutfall lóða sem er 0,6: 147.600 m ² .	
AT4 Arnarholt	Vinnslusvæði hitaveitunnar á Arnarnesi. Á svæðinu er borhola Norðurorku.	Hámarks byggingarmagn: 600 m ² .	2,5
AT5 Lækjarvellir	Athafnasvæði við Lækjarvelli	Gert er ráð fyrir 21 lóð með nýtingarhlutfallinu 0,3-0,4. Innan svæðis geta m.a. risið stærri verslanir og þjónusta og einnig er gert ráð fyrir lóðum fyrir ýmiskonar athafnastarfsemi.	17,3
AT6 Lónsbakka austan Hringvegur	Athafnasvæði við Lónsbakka austan Hringvegur	Heimilt er að vera með ýmis konar rekstur fyrir léttan iðnað og skrifstofur. Hámarkshæð allt að 4 hæðir. Hámarks byggingarmagn: 10.000 m ² .	2,7
AT7 Lónsbakka vestan Hringvegur	Athafnasvæði við Lónsbakka vestan Hringvegur	Heimilt er að vera með ýmis konar rekstur fyrir léttan iðnað og skrifstofur á einni hæð. Hámarks byggingarmagn: 10.000 m ² .	0,9
Samtals:			99,3

5.6 IÐNAÐARSVÆÐI (I)

Svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, þ.m.t. vatnsfallsvirkjanir, jarðhitavirkjanir, sjávarfallavirkjanir og vindmyllur, tengivirki, veitustöðvar, skólpælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni.

MARKMIÐ:

- Tryggja svigrúm fyrir þróun núverandi iðnaðarstarfsemi og nýja starfsemi.
- Efla sjálfbæra iðnþróun og nýsköpun.
- Standa vörð um umhverfisvernd, draga úr úrgangi og efla endurnýtingu.
- Skapa gott framboð iðnaðarlóða með hagkvæmum flutnings- og orkuinnviðum.
- Halda uppi hreinleika og snyrtilegu yfirbragði sveitarfélagsins.
- Setja skýr viðmið um nýtingarhlutfall og ásjúnd á iðnaðarsvæðum.
- Úrgangur verði lágmarkaður og flokkun og endurvinnsla aðgengileg fyrir alla.

Þema	Stefna/skipulagsákvæði	Útskýring	Heimild	Ábyrgðaraðili
Þróun iðnaðar	Iðnaður verði efldur og svigrúm fyrir þróun núverandi starfsemi tryggt	Stuðlar að atvinnusköpun og stöðugleika	Skipulagsákvæði, LSS C.6.1, HM 9.2	Sveitarfélagið, atvinnurekendur



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

Úrgangsmál	Hörgársveit verði til fyrirmyndar í úrgangsmálum með áherslu á nýtingu, flokkun og fræðslu	Lágmörkun úrgangs og ábyrg meðferð	Skipulagsákvæði, HM 12.5, LSS B.10.2	Sveitarfélagið
Endurnýting og endurvinnsla	Leita hagkvæmra leiða til að draga úr úrgangi, leggja áherslu á jarðgerð lífræns úrgangs	Bætir sjálfbærni og dregur úr urðun	Tillaga, HM 12.2, 12.5	Sveitarfélagið, fyrirtæki
Iðnaðarlóðir	Gott framboð rúmra iðnaðarlóða verði tryggt	Tryggir sveigjanleika og nýtingu sérstöðu svæðisins	Skipulagsákvæði	Sveitarfélagið
Flutningskostnaður	Flutningskostnaður verði lækkaður með lægri álögum	Stuðlar að samkeppnishæfni	Skipulagsákvæði, HM 9.2	Ríkisvaldið, sveitarfélagið
Raforkukostnaður	Raforkukostnaður fyrirtækja verði lækkaður	Tryggir hagkvæmari starfsemi og eflir orkuskipti	Skipulagsákvæði, LSS A.1.1	Sveitarfélagið, orkufyrirtæki
Nýtingarhlutfall	Nýtingarhlutfall iðnaðarsvæða verði 0,2–0,5 að meðaltali	Skapar ramma um landnýtingu	Skipulagsákvæði	Sveitarfélagið
Orkuvinnsla	Skipulag gefi kost á að nýta orkuauðlindir með sjálfbærni og vernd að leiðarljósi	Vindorka, vatnsafl og jarðvarmi falli að landslagi og samfélagi	Tillaga, LSS C.2, C.3, HM 7.2	Sveitarfélagið, orkufyrirtæki
Vindorka	Skipulag og leyfisveitingar taki mið af stefnu stjórnvalda um vindorku og áhrif á landslag, samfélag og fuglalíf	Tryggir sjálfbæra uppbyggingu vindorkuvera	LSS C.3.2–C.3.4	Sveitarfélagið, Náttúruverndarstofnun
Ásýnd	Ásýnd sveitarfélagsins verði hrein og þess gætt að mengun og sorp nái ekki út í náttúruna	Tryggir jákvæð ímynd og vernd landslags	Skipulagsákvæði, LSS A.5	Sveitarfélagið



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

Tafla 11. Iðnaðarsvæði (I).

Iðnaðarsvæði (I)			
Nr. Heiti	Lýsing	Skilmálar	Stærð (ha)
Þéttbýli			
I1 Sláturhús á Lónsbakka	Sláturhús B. Jensen.	Hámarks byggingarmagn er 700 m ² .	0,3
I2 Arnarholt	Veitustöð fyrir heitt vatn.	Hámarks byggingarmagn er 200 m ² .	0,1
I3 Vatnstankur	Veitustöð fyrir kalt vatn.	Hámarks byggingarmagn er 200m ² .	0,1
Samtals:			0,5

Úrgangsstjórnun

Hörgársveit er aðili að Flokkun Eyjafjörður ehf, sem er í eigu sveitarfélaganna í Eyjafirði. Flokkaður og óflokkaður úrgangur er hirtur frá heimilum. Sérstakir gámar eru fyrir dýrahæ og annar lífrænan úrgangur frá landbúnaði. Reglulegar söfnunarferðir eru til að safna heyrúlluplasti, timburúrgangi og brotamálum. Fyrirtæki sjá sjálf um hirðingu og meðhöndlun úrgangs sem fellur til hjá þeim og greiða þann kostnað sem því fylgir. Úrgangur frá fyrirtækjum er talinn vera 60-65% af þeim úrgangi sem fellur til í sveitarfélaginu. Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs var samþykkt 15. maí 2024 og fer úrgangsstjórnun sveitarfélagsins eftir henni, ásamt viðeigandi lögum og reglum um meðhöndlun úrgangs..

Stefna um úrgangsmál er eitt stærsta og veigamesta verkefni sveitarfélaga þegar kemur að umhverfismálum. Hörgársveit leggur áherslu á að veita íbúum sínum góða þjónustu með umhverfið í fyrirrími í þessum málaflokki. Sveitarfélagið tekur þátt svæðisbundnu samstarfi og skipulagi sem lýtur að úrgangsmálum og verður áfram til fyrirmyndar í úrgangsmálum, með áherslu á nýtingu, flokkun og fræðslu.

Sveitarfélagið skapar grundvöll fyrir stöðugar framfarir í úrgangsmálum með fræðslu fyrir íbúa í samstarfi við stofnanir, félög og aðra samstarfsaðila, með áherslu á neysluvitund og ábyrgð einstaklingsins á réttri flokkun og skilum á endurvinnsluefnum. Með aukinni upplýsingagjöf, fræðslu og bættri þjónustu fyrir íbúa, stefnir Hörgársveit á að draga stórlega úr magni úrgangs sem fer til urðunar og ná landsmeðaltali í hlutfalli úrgangs sem fer til urðunar fyrir árið 2031. Unnið er út frá hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins. Sveitarfélagið leggur áherslu á að taka fullan þátt í að ná þeim sameiginlegu markmiðum sem sett verða í stefnu um meðhöndlun úrgang, *Saman gegn sóun*.



5.7 AÐPREYINGAR- OG FERÐAMANNASVÆÐI (AF)

Svæði fyrir afþreyingu og móttöku ferðafólks, þ.m.t. þjónustumiðstöðvar á hálendi og verndarsvæðum, fjallaskálar, tjald- og hjólhýsasvæði og skemmtigarðar.

Afþreyingar- og ferðamannasvæði eru skilgreind til að stýra þróun ferðaþjónustu með það að markmiði að vernda náttúru, landslag og upplifun gesta, jafnframt því að tryggja sjálfbæra nýtingu svæða og samræmi við burðargetu innviða og samfélags.

Við skilgreiningu nýrra afþreyingar- og ferðamannasvæða, sem og við verulegar breytingar eða uppbyggingu á núverandi svæðum, skal liggja fyrir greining á þolmörkum náttúru, innviða og samfélags. Slík greining er forsenda skipulagsákvörðunar og grundvöllur mats á því hvort og með hvaða skilyrðum uppbygging eða starfsemi er heimil.

Greining á þolmörkum skal unnin í samvinnu sveitarfélags og Náttúruverndarstofnunar, eftir atvikum með stuðningi annarra fagaðila. Niðurstöður hennar skulu nýttar til að stýra umferð ferðamanna, ákvarða umfang starfsemi og móta mótvægisáðgerðir eftir því sem þörf krefur.

Greining á þolmörkum skal endurskoðuð reglulega á fyrirbyggjandi afþreyingar- og ferðamannasvæðum, einkum þegar álag eykst eða forsendur breytast. Niðurstöður endurskoðunar geta leitt til breytinga á skipulagi, takmarkana á umfangi starfsemi eða annarra aðgerða til að tryggja vernd svæðanna og gæði upplifunar.

MARKMIÐ:

- Auka fjölbreytta þjónustu og afþreyingu fyrir ferðamenn.
- Byggja upp ferðamannastaði með áherslu á vernd og öryggi.
- Leita nýrra tækifæra á sviði viðskiptatengdrar ferðaþjónustu.
- Tryggja að uppbygging og frágangur svæða sé til fyrirmyndar og falli að landslagi.
- Vernda menningarminjar, fornleifar og náttúru svæðanna.
- Stýra umferð ferðamanna og skilgreina þolmörk til að vernda náttúru og upplifun.

Þema	Stefna/skipulagsákvæði	Útskýring	Heimild	Ábyrgðaraðili
Þjónusta og afþreying	Fjölbreytt þjónusta og afþreying verði augin	Miðar að því að efla ferðamennsku sem atvinnugrein	Skipulagsákvæði, LSS C.6.1, HM 8.9	Sveitarfélagið, ferðaþjónustuaðilar
Ný tækifæri	Leitað verði nýrra tækifæra á sviði viðskiptatengdrar ferðaþjónustu	Stuðlar að nýsköpun og auknum tekjum	Skipulagsákvæði, HM 8.3	Sveitarfélagið, ferðaþjónustuaðilar
Reglur og aðgengi	Settar verði almennar reglur um aðgengi og uppbyggingu á ferðamannastöðum	Tryggir samræmi og jafnt aðgengi	Tillaga, LSS A.7.4, HM 11.2	Sveitarfélagið
Uppbygging mannvirkja	Heimilt er að gera bílastæði, göngustíga og 50 m ² þjónustuhús á hverju svæði (að undangengnu deiliskipulagi)	Skilgreindir ramma fyrir mannvirkjagerð	Tillaga, LSS B.7.1	Sveitarfélagið
Öryggismál	Við skipulag ferðamannastaða verði	Tryggir öryggi ferðamanna og íbúa	Tillaga, LSS B.1.2, HM 11.2	Sveitarfélagið, Vegagerðin



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

hugað að öryggi, samgöngum og upplýsingagjöf				
Menningarminjar	Upplýsingar um gömul hús, fornleifar og önnur minjasvæði verði bættar	Efla upplifun ferðamanna og vernd menningararfs	Tillaga, LSS A.7, HM 11.4	Sveitarfélagið, Minjastofnun
Flugsamgöngur	Þyrluumferð og drónaflug trufla sem minnst – settar verklagsreglur ef þurfa þykir	Minnkar sjón- og hljóðmengun	Tillaga, HM 11.6	Sveitarfélagið, Samgöngustofa
Ásýnd og frágangur	Vandað verði til uppbyggingar og frágangs m.a. með samræmi í útliti bygginga og mannvirki falli að landslagi	Stuðlar að landslagsvernd og fagurfræðilegum gæðum	Tillaga, LSS B.7.1, HM 11.7	Sveitarfélagið, hönnuðir
Vegtengingar	Á ferðamannastöðum verði hugað að öryggi við tengingu við fjölfarna vegi	Lágmarkar slysaheittu	Tillaga, LSS B.1.2	Sveitarfélagið, Vegagerðin
Þolmörk og stýring	Þolmörk svæða verði skilgreind og umferð stýrt ef þörf krefur	Verndar viðkvæma náttúru og tryggir sjálfbærni	Tillaga, LSS A.5, HM 15.1	Sveitarfélagið, Náttúruverndarstofnun

Tafla 12. Afþreyingar- og ferðamannasvæði í dreifbýli (AF).

Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)			
Nr. Heiti	Lýsing	Skilmálar	Stærð (ha)
Þéttbýli			
AF1 Brekka	Afþreyingar- og ferðamannasvæði á Hjalteyri. Á svæðinu er fyrirhugað tjald- og hjólhýsasvæði ásamt möguleika á að vera með torgsöluhús og léttu afþreyingu á sumrin.	Nánari ákvæði verða sett í deiliskipulagi. Hámarks byggingarmagn: 500 m ² .	3,0
Dreifibýli			
AF2 Melar	Tjaldsvæði.	Nánari ákvæði verða sett í deiliskipulagi. Hámarks byggingarmagn: 500 m ² .	0,3



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

AF3 Moldhaugaháls	Innan svæðisins er heimilað að vera með markaðstorg, aðstöðu til móttöku ferðamanna, mötuneyti og húsnæði fyrir vinnuvélasafn og aðra safnastarfsemi. Heildarbyggingarmagn 10.000 m ² . Ein til þrjár neðanjarðarhvelvingar upp á alls 21.000 m ² sem munu nýtast til móttöku, kynninga og sýninga í tengslum við safnastarfsemi. Á framkvæmdatíma verða útgröftur úr hvelvingunum ráðstafað í bergvinnslu sem fyrir er á svæðinu en að framkvæmdum liðnum munu þær verða hluti af afþreyingar- og ferðamannasvæðinu. Hámarks byggingarmagn: 31.000 m ²	12,6
Samtals:		15,9

5.8 HAFNIR (H)

Svæði fyrir hafnir og hafnarmannvirki þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjum og tækjum til móttöku skipa og báta, losunar og lestunar þeirra, geymslu vöru, móttöku og afgreiðslu þessarar vöru til áframhaldandi sjó- eða landflutninga, til móttöku og brottfarar farþega og smábátahafnir.

Innan hafnarsvæða er unnt að gera óverulegar breytingar á hafnarbakka, bryggjum og landfyllingum án þess að breyta þurfi aðalskipulagi svo fremi að það rúmist innan viðkomandi landnotkunarafmörkunar fyrir hafnarsvæði, en gera skal grein fyrir slíkum breytingum í deiliskipulagi. Slíkar heimildir aðalskipulagsins leysa þó ekki framkvæmdir undan annarri lögbundinni málsmeðferð. Framkvæmdir á hafnarsvæðum, þar á meðal breytingar á hafnarbökkum, bryggjum og landfyllingum, kunna að vera háðar málsmeðferð samkvæmt lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, eftir eðli, umfangi og áhrifum þeirra.

Við skipulagsgerð og leyfisveitingar skal því ávallt leggja mat á hvort fyrirhuguð framkvæmd falli undir ákvæði laga um umhverfismat og tryggja að viðeigandi málsmeðferð fari fram áður en til framkvæmda kemur.

MARKMIÐ:

- Tryggja svigrúm fyrir þróun smábátahafna.
- Byggja upp hafnaraðstöðu á Dysnesi með fjölbreyttri hafnsækinni starfsemi.
- Tryggja gott framboð lóða fyrir hafnsækna starfsemi og verbúðir.
- Styðja orkuskipti í höfnum og draga úr loftmengun.
- Tryggja gott siglingaöryggi og greiðar samgöngur á haf- og strandsvæðum.
- Skilgreina nýtingarhlutfall til að tryggja hagkvæma landnýtingu.



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

Þema	Stefna/skipulagsákvæði	Útskýring	Heimild	Ábyrgðaraðili
Þróun smábátahafna	Svigrúm fyrir þróun smábátahafna verði tryggt	Tryggir framtíðarþróun og stöðugleika fyrir sjávarútveg	Skipulagsákvæði	Sveitarfélagið, hafnaryfirvöld
Uppbygging á Dysnesi	Áhersla á uppbyggingu hafnar á Dysnesi með rúmu upplandi fyrir fjölbreytta starfsemi	Styður atvinnuuppbyggingu og fjölbreytt nýtingu	Skipulagsákvæði	Sveitarfélagið, hafnaryfirvöld
Framboð lóða	Framboð af lóðum undir hafnsækna starfsemi sé gott, áhersla á uppbyggingu verbúða	Skapar aðstæður fyrir útgerð og þjónustu	Skipulagsákvæði	Sveitarfélagið
Nýtingarhlutfall	Nýtingarhlutfall á hafnarsvæðum verði 0,2–0,6 að jafnaði	Tryggir hagkvæma nýtingu lands og innviða	Skipulagsákvæði	Sveitarfélagið
Orkuskipti	Gert ráð fyrir innviðum fyrir orkuskipti, s.s. hleðslustöðvum á hafnarsvæðum	Lækkar kolefnisspor og bætir loftgæði	LSS A.2.4, HM 7.2, 13.2	Sveitarfélagið, orkufyrirtæki
Samgöngur og öryggi	Á haf- og strandsvæðum verði tryggðar öruggar og greiðar samgöngur og gott aðgengi að höfnum	Byggt á mati á siglingaöryggi	LSS B.4.13, HM 9.1	Sveitarfélagið, Samgöngustofa
Loftgæði	Skipulag strandsvæða stuðli að bættum loftgæðum í höfnum með áherslu á orkuskipti	Draga úr mengun og bæta aðstæður í nærumhverfi	LSS B.10.7, HM 3.9, 11.6	Sveitarfélagið

Tafla 13. Hafnir (H).

Hafnarsvæði (H)			
Nr. Heiti	Lýsing	Skilmálar	Stærð (ha)
Þéttbýli			
H1 Höfnin á Hjalteyri	Smábátahöfn. Svigrúm verði fyrir nýbyggingar sem falla að nýtingu svæðisins fyrir hafnsækna starfsemi. Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd mannvirkja og vönduðum umhverfisfrágangi.	Til stendur að endurgera Kveldúlfsbryggju í svipaðri mynd og áður með tveimur landgöngum og um 30 m viðlegukanti. Hámarks byggingarmagn 700 m ² .	1,5
Dreifbýli			
H2 Dysnes	Mörk hafnarsvæðis á landi liggi samsíða strandleinu, u.þ.b. 250 m frá henni. Starfsemi þar hefur ekki mengun í för með sér. Þar fyrir ofan verði blönduð landnotkun (60/40%) fyrir athafna- og iðnaðarstarfsemi. Hafnarsvæðið er um 52 ha og	Neysluvatn fyrir svæðið verður mögulega sótt í Hofsskarð eða Hörgáreyrar og svæðið mun tengjast Dalvíkurlínu með jarðstreng að spennistöð innan svæðisins. Fráveita verður skilgreind í deiliskipulagi. Í deiliskipulagi skal huga að sjónrænum áhrif af svæðinu. Nánari uppbygging verði skilgreind í deiliskipulagi. Hámarks byggingarmagn: 143.000 m ² .	53,3



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

	athafna- og iðnaðarsvæði um 34 ha að stærð.		
Samtals:			54,8

5.9 EFNISTÖKU- OG EFNISLOSUNARSVÆÐI (E)

Svæði þar sem ráðgert er að taka, vinna eða losa jarðefni. Efnistökusvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka eða efnisvinsla, svo sem malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. Efnislosunarsvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er landfylling eða losun jarðefna, sem eru hrein og ómengduð, svo sem jarðefni sem til falla vegna byggingarframkvæmda.

MARKMIÐ

- Tryggja nægilegt framboð efnistökusvæða fyrir framkvæmdir í sveitarfélaginu.
- Miða við sem fæst, en stærri og hagkvæmari námusvæði til að minnka dreifingu raskaðra svæða.
- Tryggja að efnistaka fari ekki fram á verndarsvæðum eða nálægt friðlýstum fornminjum.
- Samræma efnistöku við vatnaáætlun og vatnsvernd.
- Tryggja að öll efnislosun sé með rekjanleika og eingöngu taki við hreinum efnum.
- Tryggja snyrtilegan frágang og endurheimt lands eftir lok námu eða efnislosunarsvæðis.

Í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021 og reglugerðar um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 1381/2021, er kveðið á um matsskyldu framkvæmda, m.a. námuiðnað.

Ávallt skal meta umhverfisáhrif efnistöku þar sem áætlað er að raska **25 ha svæði eða stærra** eða efnismagn **er 500.000 m³ eða meira**.

Eftirfarandi framkvæmdir kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skal Skipulagsstofnun meta í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli umhverfismati samkvæmt lögum:

Efnistaka, utan þess sem ávallt er háð umhverfismati, þar sem áætlað er að raska 2,5 ha svæði eða stærra eða efnismagn er 50.000 m³ eða meira, einnig efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir 2,5 ha svæði eða stærra. Sama á við um framkvæmdir sem eru að umfangi undir þessum viðmiðunarmörkum ef þær eru fyrirhugaðar á verndarsvæði. Fyrir útgáfu framkvæmdarleyfa fyrir efnistökusvæði innan vatnshlota á vatnasviði Hörgár verður nauðsynlegt að framkvæma áhrifamat framkvæmdar á vatnshlot á áhrifasvæði framkvæmdarinnar í takti við lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Á þetta við efnistöku á efnistökusvæðum sem mögulega geta haft áhrif á ástand vatnshlota á áhrifasvæði efnistökkunnar og viðkomandi gæðapætti vatnshlots sem skilgreindir hafa verið reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra og vöktun.

Hörgársveit vinnur að skilgreiningu á grunnástandi vatnshlota innan vatnasviðs Hörgár. Auk mats á grunnástandi verður unninn almennur grunnur að mati á áhrifum efnistöku á gæðapætti



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

straumvatns- og grunnvatnshlota innan vatnasviðs Hörgár. Komið verður á fót vöktun sem mun hafa það að markmiði að vakta möguleg áhrif efnistöku á vatnsformfræðilega og líffræðilega gæðabætti straumvatnshlotanna. Lýsing á grunnástandi, grunnmat á áhrifum efnistöku og vöktun mun leggja grunninn að áhrifamati efnistöku á hverju efnistökusvæði. Almennu grunnáhrifamati er ætlað að tryggja samræmt, staðlað og skilvirkt ferli við áhrifamat efnistöku fyrir hvert efnistökusvæði og tryggja að nýjustu upplýsingar úr vöktun um ástand vatnshlotanna liggi ávallt til grundvallar áhrifamati hverju sinni. Þannig verður reynt að tryggja að efnistaka leiði ekki til neikvæðra áhrifa á vatnafar og lífríki á vatnasviði Hörgár.

Ráðgert er að umsóknir til sveitarfélagsins um framkvæmdaleyfi vegna efnistöku á vatnasviði Hörgár skuli auk annara gagna grundvallast á gögnum og upplýsingum sem verða til við þessa vinnu, til að tryggja samfellu og heildaryfirsýn yfir vatnshlotið og efnistökusvæði við Hörgá. Með þessu fyrirkomulagi er leitast við að tiltækar séu rannsóknir og uppfærð gögn hverju sinni bæði fyrir leyfisveitanda og umsækjendur framkvæmdaleyfis. Áréttað er að efnistaka og aðrar framkvæmdir í eða við veiðivötn, allt að 100 m frá bakka, sem kunna að hafa áhrif á fiskistofna, lífríki eða veiði, eru leyfis skyldar samkvæmt gildandi lögum og háðar umsögn og/eða leyfi Fiskistofu eftir því sem við á.

Efnistaka innan brunnsvæða er óheimil. Efnistaka innan grann- og/eða fjarsvæða vatnsverndar getur aðeins komið til álita að uppfylltum skilyrðum reglugerðar nr. 796/1999, og að fengnu framkvæmdaleyfi og eftir atvikum starfsleyfi og umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra. Engin efnistökusvæði eru innan brunnsvæða.

Við mótun stefnu um efnistöku hefur verið horft til heildaráhrifa efnistöku á landslag, vatnafar og vistkerfi, þar með talið mögulegra samlegðaráhrifa margra efnistökusvæða til lengri tíma. Efnistökusvæði eru að mestu staðsett á svæðum sem þegar hafa orðið fyrir raski eða þar sem náttúruferlar telst síður viðkvæmt. Við framkvæmd efnistöku er gert ráð fyrir að jaðaráhrif verði metin sérstaklega, m.a. gagnvart vatnsverndarsvæðum, votlendi, ósasvæðum og öðrum viðkvæmum náttúruþáttum, eftir því sem við á.

Áætlað umfang efnistöku miðast ekki eingöngu við þarfir Hörgársveitar, heldur einnig við eftirspurn eftir byggingarefnum á Eyjafjarðarsvæðinu í heild, þar sem efnistökusvæði sveitarfélagsins gegna mikilvægu hlutverki í svæðisbundinni innviðaupbyggingu.

Þema	Stefna/ákvæði	Útskýring	Heimild	Ábyrgðaraðili
Fjöldi náma	Gert ráð fyrir sem fæstum en stórum efnistökusvæðum	Hagkvæmni og minni dreifing raskaðra svæða	Skipulagsákvæði	Sveitarfélagið
Sjálfbær nýting	Áhersla á námur sem náttúran getur viðhaldið, t.d. á áreyrum	Endurnýjanleg nálgun í efnistöku	Skipulagsákvæði	Sveitarfélagið
Umhverfisvernd	Efnistaka má ekki rýra ástand vatnshlota né spilla náttúruinjunum	Vernd lífríkis og vatna	Vatnaáætlun, LSS A.5	Náttúruverndarstofnun, Heilbrigðiseftirlit
Frágangur	Skylt að ganga frá námum og efnislosunarsvæðum snyrtilega, græða upp og laga að landslagi	Betri ásýnd og samþætting við náttúru	Skipulagsákvæði, LSS A.7.4	Námuréttarhafar, sveitarfélagið



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

Friðun og vernd	Engin efnistaka á verndarsvæðum eða nær en 100 m frá friðlýstum fornminjum	Menningar- og náttúruvernd	Náttúruverndarlög nr. 60/2013, Menningarmínjalög nr. 80/2012	Minjastofnun, Náttúruverndarstofnun
Náttúruminjaskrá	Forðast skal efnistöku á svæðum sem skráð eru á C-hluta náttúruminjaskrár. Þar sem efnistaka er talin nauðsynleg skal gera sérstakt mat á áhrifum á náttúruverðmæti svæðisins í samræmi við 37. gr. laga um náttúruvernd.	Vernd náttúruminja sem eru á náttúruminjaskrá	Náttúruverndarlög nr. 60/2013	Náttúrufræðistofnun
Vatnsvernd	Efnistaka og efnislosun innan vatnsverndarsvæða aðeins með umsögn heilbrigðiseftirlits	Tryggir vatnsöryggi	Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra	Sveitarfélagið, eftirlitsaðilar
Efnislosun – efnisgæði	Aðeins hreint, ómengað jarðefni heimilt	Bannað að losa úrgang eða mengað efni	Lög um úrgang nr. 55/2003	Sveitarfélagið, Heilbrigðiseftirlit
Rekjanleiki	Krafa um upprunalýsingu og skráningu á magni og efnisflokki	Tryggir rekjanleika og öryggi	Reglugerð um úrgang, leiðbeiningar Náttúruverndarstofnunar	Verkkaupi, verktakar
Leyfisveiting	Allar námur og efnislosunarsvæði skulu hafa framkvæmdaleyfi og eftir atvikum starfsleyfi HNE ef um efnistöku innan vatnsverndarsvæða er að ræða.	Tryggir lögmæti og samræmi við aðalskipulag	Skipulagslög nr. 123/2010	Sveitarfélagið Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
Mat á umhverfisáhrifum	Efnistaka yfir 25 ha eða 500.000 m ³ alltaf matsskyld; smærri framkvæmdir geta verið matsskyldar ef á verndarsvæðum	Tryggir faglegt mat á áhrifum	Lög nr. 111/2021	Skipulagsstofnun

Mat á umhverfisáhrifum

Víða í sveitarfélaginu er efnistaka innan grann- og fjarsvæði vatnsverndar og er skylt að leita umsagnar Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra áður en í fyrirhugaðar efnistökuframkvæmdir er ráðist, til þess að tryggja öryggi vatnsverndarsvæða.

Eftirfarandi er yfirlit núverandi og áætlaðra efnistökusvæða í Hörgársveit..

Fyrir öll efnistökusvæði í töflu hér á eftir gilda almennir skilmálar og til viðbótar eru skilgreindir skilmálar fyrir einstök svæði:

- Öll efnistaka er háð framkvæmdaleyfi sveitarfélagsins.
- Framkvæmdaráætlun skal liggja fyrir (umfang, magn, frágangur, aðkoma).
- Við lok efnistöku skal ganga snyrtilega frá svæðinu, jafna út og græða upp með viðeigandi gróðri.



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

- Vernda skal nálæg vatnsföll og gróðursvæði; efnistaka er óheimil innan vatnsverndarsvæða nema með sérstöku leyfi.
- Efnistaka má ekki fara fram innan 100 m frá friðlýstum fornminjum eða 15 m frá ófriðlýstum minjum.
- Mengunarvarnir skulu tryggðar (viðhald vinnuvéla, meðferð olíu og spilliefna).
- Sé efnistaka eða nýting annarra jarðefna fyrirhuguð innan þjóðlendu er hún jafnframt háð samþykki ráðuneytisins samkvæmt lögum um þjóðlendur, óháð tímalengd nýtingar. Við undirbúning slíkra áforma skal haft samráð við Forsætisráðuneytið eftir því sem við á.
- Framkvæmdaraðili skal sinna vöktun í samræmi við ákvæði kafla 9.3 í umhverfismatsskýrslu, m.a. varðandi áhrif á vatn, jarðveg og nærliggjandi umhverfi.

Tafla 14. Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E).

Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)				
Nr. Heiti	Lýsing	Skilmálar	≤ m3	Stærð (ha)
Dreifbýli				
E1 Hörgá 1*	Árfarvegur og bakkar neðan við brú á Dalvíkurvegi.	Malarnáma.	45.000	10,2
E2 Björg	Sethjalli frá Ísaldarlokum.	Setnáma.	3.000.000	33,5
E3 Hörgá 2*	Árfarvegur milli Djúparbakka og Laugalands.	Malarnáma í Hörgá.	65.000	14,4
E4 Moldhaugaháls	Náma á Moldhaugahálsi.	Grjótnáma ásamt lagersvæði.	5.000.000	18,6
E5 Hörgá 3*	Árfarvegur á mótis við Auðbrekku.	Malarnáma í Hörgá.	85.000	10,2
E6 Hörgá 4*	Árfarvegur á mótis við Brakanda.	Malarnáma í Hörgá.	15.000	8,0
E7 Hörgá 5 *	Malarkeilur og árfarvegur Syðri-Tunguár og Ytri-Tunguár.	Malarnáma í Hörgá.	75.000	9,3
E8 Hörgá 6 *	Árfarvegur frá Steðja að vesturmörkum Lönguhlíðar.	Malarnáma í Hörgá.	400.000	27,2
E9	Árfarvegur frá Neðstalandi og Hraunshöfða.	Malarnáma í Öxnadalssá.	55.000	11,7



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

Öxnadalsá 1*				
E10 Öxnadalsá 2*	Árfarvegur á móts við Efstaland.	Malarnáma í Öxnadalsá.	55.000	12,3
E11 Glæsibær	Eldra efnistökusvæði í landi Glæsibæjar.	Í tengslum við uppbyggingu á svæðinu er áætlað að opna gamalt malarnám á svæðinu þar sem fyrirhugað er að taka efni til notkunar í vegagerð og lóðaframkvæmdir. Í leiðinni á að ganga frá námunni, laga hana að landi og loka með bættum umhverfisfrágangi. Í lok efnistökutímabils verður jafnað úr brekkum og þær græddar upp. Einungis er heimilt að nýta efni sem tekið er úr efnistökusvæði E12 til gatnagerðar og viðlíka framkvæmda á íbúðarsvæði ÍB2 í landi Glæsibæjar. Ekki liggur fyrir hver efnisþörf er vegna ofannefndra framkvæmda en þó skal efnistaka ekki verða svo mikið að framkvæmdin falli í b flokk 2. viðauka laga 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Efnistökusvæðið er alls um 1 ha að flatarmáli og afmærkast af því sem eftir stendur af malarkambi sem tekið var úr á árum áður. Við efnistöku skal ekki grafið dýpra en að núverandi landyfirborði í eldri hluta efnistökusvæðisins.	<50.000	1,0
E12 Hlaðir/Tréstaðir	Sethjallar í landi Hlaða/Tréstaða.	Malarnám úr sethjölum frá ísaldarlokum. Að mestu í landi Hlaða. Eftir að efnistöku lýkur skal gengið frá námunni og sáð í svæðið. Æskilegt er að nýta grenndargróður í sáningu til þess að endurheimta að mestu fyrri gróðurfar. Þess skal gætt að efnistaka fari ekki nær árbökkum Hörgár en 50 metrar og að gengið verði frá svæðinu að efnistöku lokinni og svæðið lagað að núverandi landslagi.	50.000	5,7
E13 Öxnadalur (Varmavatnshólar)	Áreyrar Öxnadalsár.	Malarnám úr áreyrum vegna framkvæmdar við Blöndulínu 3. Eyrin stendur lágt yfir ánni.	55.000	5,1



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

		Skráðar sem lokaðar og frágengnar í námuskrá Vegagerðarinnar. Áður en til efnistöku kemur skal því endurmeta ástand þeirra. Þá skal tryggt að virkum farvegum árinna verði ekki raskað og gengið verði sérstaklega frá námunum að lokinni töku til að draga úr ásynðaráhrifum.		
E14 Vaskáreyrar	Malarnám úr aurkeilu við Vaskáreyrar.	Malarnám úr aurkeilu við Vaskáreyrar. vegna framkvæmdar við Blöndulínu 3. Samkvæmt námuskrá Vegagerðarinnar skráðar sem lokaðar og frágengnar. Áður en til efnistöku kemur skal því endurmeta ástand þeirra. Þá skal tryggt að virkum farvegum árinna verði ekki raskað og gengið verði sérstaklega frá námunum að lokinni töku til að draga úr ásynðaráhrifum.	96.000	8
E17 Gásir	Sandnáma í landi Gása.	Sandnáma þar sem efni er tekið úr fjöru. Svæðið er utan skilgreinds verndarsvæðis Hörgárósa.	49.500	2,5
E18 Garðshorn/Ytri-Bægisá	Malarnáma í landi Garðshorns og Ytri-Bægisár.	Malarnáma	45.000	5,0
E19 Spónsgerði	Malarnáma.	Malarnáma	49.500	1,0
E20 Litli Dunhagi 2	Malarnáma.	Malarnám í landi Litla-Dunhaga 2. Ekki : ekki heimiluð efnistaka úr efrassvæði fyrr enn búið er að loka neðrasvæði. Á efrassvæði verður heimild fyrir 10000m3	15.000	5,0
Samtals:				228,7

*Sérákvæði vegna efnistöku úr Hörgá og þverám hennar. Við veitingu framkvæmdaleyfis til efnistöku í Hörgá og þverám hennar (efnistökusvæði E2, E4, E6, E7, E8, E9, E10 og E11) skal liggja fyrir umsögn Fiskistofu um framkvæmdina þar sem tillit er tekið til annarra gildandi framkvæmdaleyfa vegna efnistöku í Hörgá. Við efnistöku skal setja ströng skilyrði til varnar umhverfisspjöllum s.s. um viðhald vinnuvéla og meðferð olíu og spilliefna til að koma í veg fyrir mengun við framkvæmdir. Við efnistöku úr Hörgá og þverám hennar skal þannig gengið frá efnislager á geymslusræðum á bökkum ána að ekki skolist efni úr þeim aftur út í árnar við háa vatnsstöðu í þeim.



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

Efnistaka einungis heimil á einum efnistökuastað í einu.


Efnistaka aðeins heimil utan veiðitíma.

Tafla 15. Efnislosunarsvæði (E).

Efnislosunarsvæði (E)				
Nr. Heiti	Lýsing	Skilmálar	≤ m3	Stærð (ha)
Dreifbýli				
E16 Blómsturvellir	Framkvæmdaleyfi 1. nóv. 2024 til 1. nóv. 2025	Viðbótar framkvæmdaleyfi 14. júní 2024 til 1. nóv. 2025		1,0
Samtals:				1,0



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044



Mynd 7. Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E) í Hörgársveit.



6 NÁTTÚRA OG VERNDARSVÆÐI

6.1 ÓBYGGÐ SVÆÐI (ÓB)

Svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir búsetu né atvinnustarfsemi, svo sem hálendi, heiðar og afréttir, að mestu án mannvirkja annarra en þeirra sem þjóna útivist, afréttarnotum, öryggismálum og fjarskiptum.

Markmið

- Landnotkun stuðli að heilnæmu og öruggu umhverfi og verndun og varðveislu sögu-, náttúru- og menningarminja og annarra umhverfislegra gæða. Jafnframt er tekið mið af því að aðrar jarðminjar en þær sem sérstaklega eru tilgreindar í 61. gr. laga um náttúruvernd geti haft hátt verndargildi, svo sem berghlaup, skriðuföll og samfelldar landslagsheildir, og skal við skipulagsákvæðanir leitast við að forðast rask á slíkum minjum.
- Stuðla skal að verndun lítt raskaðra landsvæða og óbyggðra víðerna og staðinn vörður um verndarsvæði og líffræðilegan fjölbreytileika náttúrunnar.
- Stuðlað verði að varðveislu og endurheimt votlendis þar sem því verður við komið.
- Íbúar og gestir hafi öruggt aðgengi að fjölbreyttri náttúru og náttúruminum svæðisins án þess að umhverfið bíði skaða af.
- Öryggi allra íbúa og gesta sveitarfélagsins verði ávallt tryggt og uppfærðar viðbragðsáætlanir séu ávallt í gildi.

MARKMIÐ

- Tryggja að mannvirkjagerð á óbyggðum svæðum sé í lágmarki og falli að náttúrulegu umhverfi.
- Tryggja vernd vistkerfa, landslagsheilda og líffræðilegrar fjölbreytni.
- Stuðla að sjálfbærri nýtingu beitolanda.
- Tryggja öryggi íbúa og ferðafólks.
- Gera óbyggð svæði aðgengileg fyrir útivist á sjálfbæran hátt, m.a. með merkingu gönguleiða.

Þema	Stefna/ákvæði	Útskýring	Heimild	Ábyrgðaraðili
Mannvirkja-gerð	Mannvirkjagerð skal haldið í lágmarki	Einungis stök mannvirki heimil (örvirkjanir, farsímasendar, upplýsingaskilti, salerni, borð, bekkir, hestagerði). Heimilt að byggja ≤20 m ² þjónustuhús.	Skipulagsákvæði, kafli 6.1.2; LSS A.7.4	Hörgársveit, Umhverfis- og Umhverfis- og orkustofnun
Umhverfis-vernd	Taka skal fyllsta tillit til náttúru- og	Áhersla á vistkerfi, jarðminjar,	Náttúruverndarlög nr. 60/2013; LSS A.5, A.7	Hörgársveit, Náttúruverndarstofnun Íslands (NÍ)



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

umhverfis-
verndar
vatnsvernd,
landslag og
líffræðilega
fjölbreytni

Útivist	Lögð áhersla á uppbyggingu þjónustukerfa sem styðja ferðaþjónustu Gönguleiðir eru skilgreindar á óbyggðum svæðum	Merkingar á gönguleiðum, útsýnisstaðir, áningarstaðir Markviss skipulag gönguleiða til að tryggja vernd lands og greiðan aðgang	Skipulagsákvæði; LSS B.7.2, B.7.10 Skiplagsákvæði; LSS A.7.5	Hörgársveit, Ferðamálastofa
Beitilönd	Stuðlað verði að sjálfbærri nýtingu beitolanda	Samræming beitarnotkunar og landgræðslu	Landgræðslulög nr. 17/1965; LSS B.2.1	Hörgársveit, Bændasamtök Íslands
Öryggi	Stuðlað verði að öryggi íbúa og ferðafólks	Öryggi tryggt með merkingum, hönnun á áningarstöðum og aðkomuleiðum	Skiplagsákvæði; LSS B.1.2, B.4.13	Hörgársveit, Almannavarnir, Vegagerðin
Landgræðsla og skógrækt	Heimil er uppgræðsla í smáum stíl	Skógrækt til skjóls og þróði, landgræðsla og bakkavarnir	Landgræðslulög nr. 17/1965; LSS A.1.5, A.7.2	Hörgársveit, Land og Skógur, Land og Skógur
Umhverfisáhrif og frágang	Umhverfisáhrif framkvæmda skulu lágmörkuð og frágangur til fyrirmyndar	Framkvæmdir skulu valda sem minnstu raski; frágangur snyrtilegur, endurheimt lands og gróður	LSS B.9, B.10.2; lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000	Hörgársveit, NáttúruverndarstofnunNáttúruverndarstofnun

Við skipulagsákvæðanir sem varða þjóðlendur innan sveitarfélagsins skal taka mið af leiðbeinandi sjónarmiðum um nýtingu lands og landsréttinda í þjóðlendum, þar á meðal um vernd óbyggðra víðerna og að umfangsmeiri ferðamannaaðstaða og þjónusta sé eftir atvikum staðsett utan skilgreindra víðerna, á jaðri svæða og við meginleiðir, eða þannig að rask og sjónræn áhrif verði sem minnst. Jafnframt skal haft samráð við Forsætisráðuneytið þegar unnið er áfram með áform í þjóðlendum.

Meirihluti sveitarfélagsins er í flokknum óbyggð svæði en allt land ofan 400 m er skilgreint sem óbyggð svæði. Á þessum svæðum eru helstu vatnsverndarsvæðin í sveitarfélaginu.



6.1.1 Ósnortin víðerni

Stefna Hörgársveitar varðandi ósnortin víðerni tekur mið af markmiðum náttúruverndarlaga og almennri stefnumótun um vernd landslags og óbyggðra svæða. Víðerni eru mikilvæg náttúrugæði með verndargildi vegna fágætis, upplifunar og vísindalegs gildis og veita tækifæri til að njóta kyrrðar og náttúru með litlum áhrifum mannvirkja.

Ekki liggja fyrir fullmótuð viðmið um afmörkun víðerna samkvæmt náttúruverndarlögum, sem getur skapað ákveðna óvissu í skipulagsvinnu. Þrátt fyrir það er ljóst að innan Hörgársveitar eru víðáttumikil svæði þar sem lítil röskun hefur orðið og landslag einkennist af náttúrulegum ferlum og víðsýni. Mikilvægt er að landnýting og skipulagsákvæðanir taki mið af þessari sérstöðu og að mannvirkjagerð og innviðauppbýgging raski sem minnst upplifun víðerna og heildstæðu landslagi.

Við áframhaldandi skipulagsvinnu skal lögð áhersla á að meta áhrif framkvæmda á náttúrufar, landslag og sjónræna upplifun eftir því sem við á. Stefnt er að því að finna jafnvægi milli verndar og nýtingar, þar sem sjálfbær þróun, atvinnuuppbygging og nauðsynlegir innviðir samræmast vernd náttúrugæða og landslags.

Hörgársveit leggur áherslu á að vernd ósnortinna svæða komi ekki alfarið í veg fyrir eðlilega þróun samfélags og innviða, en að við allar framkvæmdir sé gætt sérstakrar varfærni. Leita skal leiða til að lágmarka rask, viðhalda landslagsheildum og tryggja að nýting lands fari fram með virðingu fyrir náttúru, umhverfi og samfélagi. Landslag og óbyggð svæði eru mikilvægur þáttur í sjálfsmynd sveitarfélagsins, lífsgæðum íbúa og möguleikum til útivistar og ferðamennsku, og eru lykilþættir í sjálfbærri þróun Hörgársveitar.



74



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

Tafla 16. Óbyggð svæði (ÓB).

Óbyggð svæði (ÓB)			
Nr. Heiti	Lýsing	Skilmálar	Stærð (ha)
ÓB1 Óbyggð svæði í Hörgársveit	Allt land yfir 400 m h.y.s. er skilgreint sem óbyggð svæði.		65275,8
Samtals:			65275,8

6.2 VÖTN, ÁR OG SJÓR (V).

Vatnsfletir núverandi og fyrirhugaðra vatna, fallvatna og sjávar, þar með talið legu þeirra vegna stífla, breytingu á árfarvegum og landfyllinga.

Vötn, ár og sjór eru sýnd á skipulagsuppdraetti innan netlaga, þ.e. innan við 115 m frá stórstraumsfjöruborði.

MARKMIÐ

- Tryggja ásættanleg vatnsgæði og vernd lífríkis í vötnum, ám og strandsjó.
- Tryggja öruggt og eðlilegt aðgengi almennings að vatnsbökkum og strandsvæðum þar sem við á.
- Stýra framkvæmdum þannig að röskun á vistkerfum, bakkagróðri og farvegum sé í lágmarki.
- Samræma ákvarðanir við vatnaáætlun og náttúruverndarlög og efla mengunarvarnir.
- Tryggja samráð og leyfi þar sem við á (t.d. Fiskistofa við veiðivötn, heilbrigðiseftirlit á vatnsvernd).

Þema	Stefna/ákvæði	Útskýring	Heimild	Ábyrgðaraðili
Vatnsgæði	Vatnsgæði skulu ávallt vera til fyrirmyndar	Gæta þarf að umgengni, vatnsvernd og sjálfbærri nýtingu; tryggja að gæði vatns rýrni ekki.	Lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála; LSS A.1.5; Heimsmarkmið 6.6	Hörgársveit, Náttúruverndarstofnun
Aðgengi almennings	Í þéttbýli skal almenningi tryggt aðgengi að og meðfram vötnum, ám og sjó	Utan þéttbýlis skal við afmörkun lóða vera rými fyrir aðkomu; ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m nema undantekningar skipulagsreglugerðar eigi við.	Skipulagslög nr. 123/2010, gr. 5.3.2.5 skipulagsreglugerðar; LSS B.7.10	Hörgársveit, Skipulagsstofnun
Veiðivötn	Framkvæmdir í eða við veiðivatn allt að 100 m frá bakka háðar leyfi Fiskistofu	Umsókn skal fylgja áliti veiðifélags og sérfræðings í veiðimálum; meta áhrif á lífríki og fiskgengd áður en framkvæmdaleyfi er veitt.	Lög nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði, 33. gr.; LSS B.1.2	Fiskistofa, Hörgársveit
Lífríki og vistkerfi	Stuðlað skal að verndun	Áhersla á vernd fiskgengdar, náttúrulegs	Náttúruverndarlög nr. 60/2013, 56. gr.; LSS A.5, A.7;	Náttúruverndarstofnun Íslands (NÍ), Hörgársveit



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

	umhverfis og lífríkis fallvatna	bakkagróðurs og vistkerfa vatna og sjávar.	Heimsmarkmið 6.6, 14.1, 14.2	
Mengunarvarnir	Draga skal úr mengun í vötnum og sjó	Sérstök áhersla á að koma í veg fyrir mengun frá starfsemi á landi (úrgangur, áburður, næringarefni, úrgangsvatn).	Heimsmarkmið 14.1; Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir	Náttúruverndarstofnun, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
Strand- og sjávarsvæði	A.m.k. 10% af strandlengjum og hafsvæðum verði vernduð	Verndun byggð á bestu tiltæku vísindalegu gögnum; stuðlað að endurheimt vistkerfa sjávar og stranda.	Heimsmarkmið 14.5; LSS A.5; LSS B.7.9	Náttúruverndarstofnun Íslands (NÍ), Hörgársveit
Framkvæmdir	Hugað verði að áhrifum mannvirkja á vatnaumhverfi	Virkjanir, vegagerð, fráveitur, efnistaka og aðrar framkvæmdir geta haft áhrif á vatn; mannvirki skulu hönnuð með hliðsjón af náttúruvernd og lágmarks röskun á bökkum og vistkerfi.	Skipulagsákvæði; Lög nr. 60/2013, 56. gr.; LSS A.1.5, B.9	Hörgársveit, Náttúruverndarstofnun, Umhverfis- og orkustofnun

Tafla 17. Vötn, ár og sjór (V).

Vötn, ár og sjór (V)			
Nr. Heiti	Lýsing	Skilmálar	Stærð (ha)
V1 Vötn	Vötn innan Hörgársveitar.	Aðeins er sett auðkenni á stærstu vötnin. Um þau gilda almenn skipulagsákvæði.	4328,4
Samtals:			4328,4

Áréttað er að allar framkvæmdir í eða við veiðivötn, allt að 100 m frá bakka, sem kunna að hafa áhrif á fiskistofna, lífríki eða veiði, eru leyfissskyldar samkvæmt gildandi lögum og háðar umsögn og/eða leyfi Fiskistofu eftir því sem við á.

6.3 VATNSVERND Á STRANDSVÆÐUM, VIÐ ÁR, VÖTN OG SJÓ (VS)

Svæði þar sem langtíamarkmið um ástand vatns hefur verið skilgreint samkvæmt reglugerð um varnir gegn mengun vatns og svæði sem njóta heildstæðrar verndar samkvæmt sérlögum.

Vötn njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 ef þau eru 1.000 m² eða stærri. Mörk aðalskipulags ná 115 m út fyrir stórstraumsfjöru (netlög).

MARKMIÐ

- Að vatnsgæði verði ávallt til fyrirmyndar.
- Að strandlengja sveitarfélagsins og öll vötn, ár og lækir verði í flokki A, ósnortið vatn.



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

- Að tryggt sé að starfsemi og framkvæmdir rýri ekki vistfræðilegt eða efnafræðilegt ástand vatnshlota.
- Að samráð og vöktun fari fram í samræmi við lög um stjórn vatnamála og vatnatilskipun ESB.

Pema	Stefna/ákvæði	Útskýring	Heimild	Ábyrgðaraðili
Vatnsgæði	Vatnsgæði verði til fyrirmyndar	Markmið um að strandlengja og öll vötn, ár, lækir og tjarnir verði í flokki A (ósnotið vatn)	Reglugerð nr. 796/1999, Náttúruverndarlög nr. 60/2013, Vatnaáætlun 2022–2027, LSS A.5, A.7, B.10.7	Sveitarfélagið, Heilbrigðiseftirlit NE, Náttúruverndarstofnun
Flokkun vatns	Flokkun vatnshlota í fimm flokka A–E	Heilbrigðisnefndir skuli flokka vatn í samræmi við reglugerð nr. 796/1999. Í Hörgársveit eru 31 vatnshlot, 27 í mjög góðu vistfræðilegu ástandi, 4 í góðu. Efnafræðilegt ástand óþekkt í flestum tilvikum	Reglugerð nr. 935/2011, Lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, Vatnatilskipun ESB	Náttúruverndarstofnun, Heilbrigðiseftirlit NE, sveitarfélagið
Rotprær og fráveita	Allar rotprær skulu vera tveggja þrepa	Skýlt að nota viðurkenndar rotprær í dreifbýli. Skólp og fráveita skulu ekki menga grunn- eða yfirborðsvatn	Reglugerð nr. 1450/2025 um fráveitur, Skipulagsákvæði	Sveitarfélagið, Heilbrigðiseftirlit NE
Vöktun og viðmið	Setja viðmiðunarmörk vegna gerlamengunar og áburðarefna	Heilbrigðiseftirlit NE, í samráði við sveitarstjórn, flokki vatnasvæði og setji viðmiðunarmörk	Lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, Reglugerð nr. 935/2011	Heilbrigðiseftirlit NE, sveitarfélagið
Vistkerfi og lífríki	Vernd fuglalífs, gróðurfars og útivistargilda	Ár, lækir, vötn og tjarnir hafa sérstakt verndargildi, ekki síst vegna líffræðilegrar fjölbreytni og útivistarmöguleika	Náttúruverndarlög nr. 60/2013, LSS A.5, A.7, B.7.10	Sveitarfélagið, Náttúruverndarstofnun
Strandsvæði	Sjálfbær nýting strandsvæða	Stefnt að flokki A á strandsvæðum, með fyrirvara um þynningarsvæði þar sem skolpi er veitt til sjávar. Þynningarsvæði skulu ekki ná að strönd	Reglugerð nr. 796/1999, Reglugerð nr. 1450/2025, LSS B.10.7	Sveitarfélagið, Heilbrigðiseftirlit NE
Vatnshlot	Vernd vatnshlota skv. vatnatilskipun ESB og Vatnaáætlun	Öll vatnshlot skulu vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu og efnafræðilegu ástandi. Framkvæmdir og starfsemi mega ekki valda því að markmið náist ekki	Lög nr. 36/2011, Vatnaáætlun 2022–2027, LSS A.5, A.7	Náttúruverndarstofnun, sveitarfélagið



Vatnshlot innan Hörgársveitar

Flokkar vatnasvæða		
A	Ósnortið vatn	Til þess að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns og til þess að vernda það gegn mengun frá mannlegri starfsemi skulu heilbrigðisnefndir flokka vatn í samræmi við 9. og 10. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Vatnasvæðum á að skipta í fimm flokka, A-E, í samræmi við reglugerð um varnir gegn mengun vatns.
B	Lítið snortið vatn	Framangreind flokkun á vatnasvæðum í sveitarfélaginu hefur ekki farið fram fyrir sveitarfélagið í heild sinni, en skv. úttekt sem gerð hefur verið á Hörgá ¹ uppfyllir hún skilyrði um flokk A í 12 atriðum af 13, í einu tilviki er um að ræða flokk B.
C	Nokkuð snortið vatn	
D	Verulega snortið vatn	Sjór við strandlengju Hörgársveitar telst síður viðkvæmur viðtaki miðað við skilgreiningu reglugerðar um fráveitur og skólp. ² Í samræmi við ákvæði reglugerðar um varnir gegn mengun vatns og skipulagsreglugerðar eru sett langtímamarkmið um ástand strandsvæða.
E	Ófullnægjandi vatn	

Vatnshlot eru grunneiningar og forsenda allrar stjórnunar vatnamála. Öllu vatni (yfirborðs- og grunnvatni) er skipt upp í vatnshlot á landfræðilegum og vatnafræðilegum forsendum. Skiptingin er óháð stjórnsýslumörkum því vatn getur t.d. runnið í gegnum fleiri en eitt sveitarfélag á leið sinni til sjávar. Í samræmi við vatnatilskipun og lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011 skal yfirborðs- og grunnvatn flokkað í svokölluð vatnshlot og eiginleikar og ástand þeirra metið með það að markmiði að tryggja verndun vatns og vistkerfa þess innan sveitarfélagsins, sbr. reglugerð 935/2011 um stjórn vatnamála og Vatnaáætlun 2022-2027. Samkvæmt lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011, skulu öll vatnshlot vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi (yfirborðsvatn), góðu efnafræðilegu ástandi (yfirborðsvatn og grunnvatn) og hafa góða magnstöðu (grunnvatn) og gerð er krafa um að athafnir mannsins rýri ekki vatnsgæði vatnshlota. Manngerð og mikið breytt yfirborðsvatnshlot skulu hafa gott vistmegin og efnafræðilegt ástand þeirra skal vera gott. Öll vatnshlot skulu uppfylla þessi umhverfismarkmið og starfsemi eða framkvæmdir mega ekki valda því að vatnshlot nái þeim ekki.

Í Hörgársveiti eru 31 vatnshlot. Vistfræðilegt umhverfismarkmið fyrir 27 þeirra er *mjög gott* og *gott* fyrir 4 og efnafræðilegt umhverfismarkmið er gott fyrir öll vatnshlot. Vistfræðilegt ástand 22 vatnshlota er mjög gott en efnafræðilegt ástand þeirra er óþekkt, sbr. töflu. (Umhverfisstofnun, 2025).

Vatnshlot í Hörgársveit			
Vatnshlotanr. (ID)	Heiti	Vistfræðilegt ástand	Efnafræðilegt ástand
102-1631-R	Hraunsá	Mjög gott	Óþekkt
102-1638-R	Hörgá 5	Mjög gott	Óþekkt
102-1646-R	Myrká	Mjög gott	Óþekkt
102-1677-R	Barká	Mjög gott	Óþekkt

¹ Flokkun vatna á Norðurlandi eystra, Eyjafjarðará, Glerá, Hörgá og Svarfaðardalsá. 2004.

² Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024, drög september 2011.



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

102-1679-R	Bægisá	Mjög gott	Óþekkt
102-1691-R	Krossastaðá	Mjög gott	Óþekkt
102-1692-R	Syðri-Tunguá	Mjög gott	Óþekkt
102-1698-R	Ytri-Tunguá	Mjög gott	Óþekkt
102-1702-R	Hörgá 2	Mjög gott	Óþekkt
102-1705-R	Fossá	Mjög gott	Óþekkt
102-1738-R	Pálmholtslækur	Mjög gott	Óþekkt
102-1748-R	Gálmastrandarlækur?	Mjög gott	Óþekkt
102-1791-R	Þverá/Húsá	Mjög gott	Óþekkt
102-1792-R	Hörgá 4	Mjög gott	Óþekkt
102-1793-R	Öxnadalsá 1	Mjög gott	Óþekkt
102-1795-R	Hörgá 3	Mjög gott	Óþekkt
102-1801-R	Hörgá 1	Mjög gott	Óþekkt
102-1802-R	Hofsá/Þrastarhólsá	Mjög gott	Óþekkt

6.4 STRANDSVÆÐI (ST)

Svæði innan netlaga og meðfram sjó, ám eða vötnum þar sem aðgengi almennings er tryggt og mannvirkjagerð er haldið í lágmarki.

MARKMIÐ:

- Tryggja vernd og sjálfbæra nýtingu strandsvæða.
- Viðhalda líffræðilegri fjölbreytni og vistkerfum.
- Gera fjörur aðgengilegar og hreinar fyrir almenning.
- Halda mannvirkjagerð í lágmarki og tryggja að hún falli vel að umhverfi.
- Taka mið af náttúruvá, s.s. hækkun sjávarstöðu, við allar skipulagsákvæðanir.

Þema	Stefna/ákvæði	Útskýring	Heimild	Ábyrgðaraðili
Nýting auðlinda	Nýting haf- og strandsvæða byggi á vistkerfisnálgun	Byggt á varúðarreglunni, sjálfbærri nýtingu og heildarsýn á hafsvæði	LSS 2024–2038 C.5, Náttúruverndarlög nr. 60/2013	Sveitarfélagið, Náttúruverndar-stofnun, ráðuneyti
Ákvarðanatataka	Skipulag byggi á rannsóknnum og samráði	Tekið tillit til rannsókna á vistkerfum, náttúruvá og	Skipulagslög nr. 123/2010, LSS C.5	Sveitarfélagið, Umhverfis- og orkumálaráðuneyti



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

samráðs við
hagsmunaaðila

Mannvirkjagerð	Mannvirkjagerð í lágmarki	Heimilt er að gera göngustíga, bílastæði, salerni, áningarstaði og þjónustuhús ≤20 m² sem falla vel að umhverfi	Skipulagsákvæði, kafli 6.1.2 Stakar framkvæmdir	Sveitarfélagið
Umhverfisvernd	Verndun strandlengjunnar, hreinar og aðgengilegar fjörur	Fjörur eru vistkerfisauðlind, mikilvægar fyrir fuglalíf og útivist	LSS A.5, B.7.9, Náttúruminjaskrá, Náttúruverndarlög nr. 60/2013	Sveitarfélagið, Náttúruverndarstofnun, landeigendur
Útivist og aðgengi	Strandsvæði nýtt til útivistar	Fjörur aðgengilegar almenningi, aðstaða fyrir gönguleiðir, upplýsingaskilti og merkingar	LSS B.7.2, B.7.10, Heimsmarkmið 3 og 15	Sveitarfélagið, Ferðamálastofa, landeigendur
Öryggi	Taka mið af náttúruvá og siglingaöryggi	Áhersla á hækkun sjávarstöðu, flóðahættu, siglingaöryggi	LSS B.1.2 og B.4.13	Sveitarfélagið, Veðurstofa Íslands, Vegagerðin
Fiskeldi	Laxeldi í sjókvíum óheimilt í Eyjafirði	Til að vernda lífríki Laxár og villta laxastofna	Landbúnaðarráðuneytið 2004, LSS C.5	Sveitarfélagið, Matvælaráðuneyti, Fiskistofa
Fræðsla og reglur	Upplýsingaskilti og reglur sett á viðkvæmum strandsvæðum	Fræðsla um náttúrugildi, vistkerfi og umgengnis-reglur	Skipulagsákvæði, LSS A.7, B.7.10	Sveitarfélagið, Ferðamálayfirvöld

Tafla 18. Strandsvæði (ST).

Strandsvæði (ST)			
Nr. Heiti	Lýsing	Skilmálar	Stærð (ha)
ST1 Strandsvæði utan Hörgárósa			197,6
ST2 Strandsvæði norðan Hjalteyrar að Arnarnesi			68,8
Samtals:			266,4

6.5 FRIDLÝST SVÆÐI (FS)

Svæði á landi og í sjó sem eru friðlýst eða njóta verndar samkvæmt lögum, þ.e. náttúruvætti (sérstæðar náttúrumyndanir), friðlönd, þjóðgarðar og fólkvangar.



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

MARKMIÐ:

- Tryggja að friðlýst svæði séu varðveitt óspillt til framtíðar.
- Gæta þess að framkvæmdir og mannvirkjagerð rýri ekki náttúru- og menningargildi svæðanna.
- Auka fræðslu og vitund almennings um gildi friðlýstra svæða.
- Tryggja að útivist og aðgengi sé í sátt við verndargildi.

Þema	Stefna/ákvæði	Útskýring	Heimild	Ábyrgðaraðili
Vernd friðlýstra svæða	Stuðlað verði að varðveislu friðlýstra svæða	Friðlýst svæði skulu varðveitt í núverandi eða endurbættu ástandi og njóta sérstakrar verndar í skipulagi.	Náttúruverndarlög nr. 60/2013, LSS A.5, A.7	Náttúruverndarstofnun, sveitarfélagið
Mannvirkjagerð	Framkvæmdir háðar ströngum skilyrðum	Allar framkvæmdir á friðlýstum svæðum þurfa sérstakt leyfi, auk umsagna fagaðila. Mannvirkjagerð skal haldið í algjöru lágmarki.	Náttúruverndarlög nr. 60/2013, Skipulagslög nr. 123/2010	Sveitarfélagið, Náttúruverndarstofnun
Umhverfisgæði	Vernd umhverfislegra gæða almennt	Tryggja skal að líffræðileg fjölbreytni, jarðminjar og menningarlandslag haldist óspillt.	LSS A.5, B.7.1, Heimsmarkmið 15	Sveitarfélagið, Náttúruverndarstofnun
Fræðsla	Fræðsla og miðlun upplýsinga verði eflað	Skilti, fræðslugögn og leiðsögn um gildi friðlýstra svæða stuðla að vitundarvakningu og vernd.	Skipulagsákvæði, LSS A.7.4, Heimsmarkmið 4 og 15	Sveitarfélagið, Náttúruverndarstofnun, skólar
Útivist og aðgengi	Útivist í sátt við verndargildi	Aðgangur almennings að svæðunum verði tryggður án þess að raska verndargildi þeirra.	Náttúruverndarlög nr. 60/2013, LSS B.7.2, B.7.10	Sveitarfélagið, Ferðamálastofa, landeigendur
Eftirlit	Reglubundið eftirlit með ástandi friðlýstra svæða	Nýting og aðgangur skulu vera í samræmi við verndaráætlanir og reglugerðir, með reglubundnu eftirliti.	Náttúruverndarlög nr. 60/2013, reglugerðir um friðlönd	Náttúruverndarstofnun, sveitarfélagið

Tafla 19. Friðlýst svæði (FS).

Friðlýst svæði (FS)		
Nr. Heiti	Lýsing	Stærð (ha)
FS1 Hraun í Öxnadal	Hinn 10. maí 2007 var að tillögu Hrauns í Öxnadal ehf., eigenda jarðarinnar Hrauns, með samþykki sveitarstjórnar Hörgárbyggðar og að fengnu álit Nátúruverndarstofnunar, ákveðið að friðlýsa megin hluta jarðarinnar Hrauns í Öxnadal sem fólkvang í samræmi við 55. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.	2.286



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

	Fólkvangurinn nær yfir 2.286 hektara jarðarinnar, en 77 hektarar af heimalandi jarðarinnar eru undanskildir friðlýsingunni. Markmiðið með friðlýsingu hluta jarðarinnar Hrauns í Öxnadal er að vernda svæðið til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu. Verndargildi svæðisins byggir á því að landslag og náttúrufar, sérstaklega jarðmyndanir, eru mjög fjölbreytt og eru þar m.a. mikilvægar minjar um horfna búskaparhætti. Markmið friðlýsingarinnar er jafnframt að auðvelda umgengni og kynni af menningarminjum og bókmenntaafi þjóðarinnar, en þar fæddist skáldið og náttúrufræðingurinn Jónas Hallgrímsson. Mörk fólkvangsins eru sýnd á landnotkunarupprætti.	
FS2 Hverastrytur, á botni Eyjafjarðar norður af Arnarnesnöfum	Friðlýst sem náttúruvætti hinn 10. maí 2007. Markmið friðlýsingarinnar er að vernda sérstæðar jarðmyndanir og lífríki, líffræðilega fjölbreytni og einstök náttúrufrýrbrigði sem felst í myndun hverastrytanna, efnasamsetningu, útliti og lögun, þ.m.t. örveruvistkerfi sem þar þrífst við óvenjulegar aðstæður. Hverastryturnar eru allt að 10 metra háar og standa á 25 - 45 metra dýpi. Verndargildi strýtanna felst einnig í fjölbreytileika þeirra og sérlega miklu lífríki sem hefur hátt vísinda-, fræðslu- og verndargildi. Mörk náttúruvættisins eru sýnd á landnotkunarupprætti.	
Samtals:		2,286

6.6 ÖNNUR NÁTTÚRUVERND (ÖN)

Svæði svo sem jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Jafnframt svæði sem skilgreind eru í verndarflokki í verndar- og orkunýtingaráætlun.

MARKMIÐ

- Vernda vistkerfi og jarðmyndanir sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga.
- Gera grein fyrir þessum svæðum í skipulagi með kortlagningu og verndarskilgreiningum.
- Forðast röskun nema brýna nauðsyn beri til og almannahagsmunir krefjast.
- Efla vitund almennings um gildi þessara svæða.

Jarðmyndanir og vistgerðir

Við skipulagsákvæðanir skal einnig taka tillit til annarra jarðminja sem kunna að hafa verndargildi, þótt þær séu ekki sérstaklega friðlýstar eða skráðar á náttúru-minjaskrá. Hér getur verið um að ræða jarðfræðileg fyrirbæri eða landslagsheildir, svo sem berghlaup, skriðusvæði, rof- og setmyndun eða virk náttúrufrýrberi, þar sem leitast skal við að forðast óþarfa rask eftir því sem við á.

Samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 njóta tiltekin vistkerfi og jarðminjar sérstakrar verndar:

vistgerðirnar votlendi (s.s. hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar), stöðuvötn og tjarnir ($\geq 1000\text{m}^2$), sjávarfitjar og leirur.

- Sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leyfar þeirra.
- Jarðminjar á borð við eldvörp, eldhraun, gervígga og hraunhella sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma.



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

- c. Fossar og nánasta umhverfi þeirra að því leyti að sýn að þeim spillist ekki, hverir og aðrar heitar uppsprettur ásamt lífríki sem tengist þeim og virkri ummyndun og útfellingum, þar á meðal hrúðri og hrúðurbreiðum.

Þema	Stefna/ákvæði	Útskýring	Heimild	Ábyrgðaraðili
Votlendi	Vernd votlendis og flóa ≥3 ha	Votlendi gegna mikilvægu hlutverki í kolefnisbindingu, vatnsbúskap og sem búsvæði. Efnistaka og uppgæðsla skal ekki hafa í för með sér röskun nema með leyfi.	Náttúruverndarlög nr. 60/2013, gr. 61; LSS A.5, A.7.2	Náttúruverndarstofnun, sveitarfélagið, Land og Skógur
Stöðuvötn	Stöðuvötn ≥1.000 m² njóta verndar	Óheimilt að raska stöðuvötnum nema brýna nauðsyn beri til. Aðgengi almennings að bökkum skal tryggt.	Náttúruverndarlög nr. 60/2013, gr. 61; Skipulagsreglugerð	Sveitarfélagið, Náttúruverndarstofnun
Sjávarfitjar og leirur	Vernd sjávarfitja, leira og tjarnna við sjó	Mikilvægt fyrir fuglalíf, líffræðilega fjölbreytni og sem hluti af strandvistkerfum.	Náttúruverndarlög nr. 60/2013, gr. 61; LSS A.5, B.7.9	Náttúruverndarstofnun, sveitarfélagið
Jarð-myndanir	Vernd hrauna, eldvörpa, gervigiga, hraunhella, fossa og hvera og annarra jarðmyndana sem kunna að hafa verndargildi	Sérstæðar jarðmyndanir hafa hátt verndargildi; framkvæmdir sem hafa í för með sér röskun eru almennt óheimilar.	Náttúruverndarlög nr. 60/2013, gr. 61	Náttúruverndarstofnun, sveitarfélagið
Skógar	Vernd sérstakra birkiskóga	Sérstæðir birkiskógar og aðrir náttúrulegir trjálundir falla undir 61. gr. og njóta sérstakrar verndar.	Náttúruverndarlög nr. 60/2013, gr. 61; LSS A.7	Land og Skógur, Náttúruverndarstofnun, sveitarfélagið
Skipulags-ákvæðanir	Kortlagning og sýnileiki í skipulagi	Öll svæði sem falla undir 61. gr. skulu sýnd á skipulagsupprætti. Ósamræmi milli uppdráttar og texta skal leiðrétt í samráði við viðkomandi stofnanir.	Náttúruverndarlög nr. 60/2013, LSS A.7.5	Sveitarfélagið, Náttúruverndarstofnun
Fræðsla	Auka vitund almennings um gildi náttúruverndar	Upplýsingaskilti og fræðsluefni við valin svæði stuðla að aukinni vitund og vernd.	Heimsmarkmið 4 og 15, LSS A.7.4	Sveitarfélagið, skólar, Náttúruverndarstofnun
Röskun	Forðast ber röskun nema brýna nauðsyn og almannahagsmunir krefjist	Röskun náttúruyfyrirbæra skv. 61. gr. er aðeins heimil ef aðrir kostir eru ekki fyrir hendi og brýnir almannahagsmunir liggja að baki.	Náttúruverndarlög nr. 60/2013, gr. 61; Skipulagslög nr. 123/2010; Mannvirkjalög nr. 160/2010	Sveitarfélagið, Náttúruverndarstofnun



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

Umsagnir stofnan	Leita skal umsagna áður en leyfi er veitt	Leita þarf umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands; ef um röskun birkiskóga er að ræða.	Náttúruverndarlög nr. 60/2013, gr. 61	Sveitarfélagið, Náttúrufræðistofnun, Land og Skógur
-------------------------	---	--	---------------------------------------	---

Svæði á náttúruminjaskrá


Á náttúruminjaskrá eru svæði sem að mati Náttúruverndarstofnunar er æskilegt að friðlýsa skv. náttúruverndarlögum. Í töflu hér að neðan eru svæði á náttúruminjaskrá lýst nánar eins og þau birtast orðrétt í henni.

Tafla 20. Önnur náttúruvernd (ÖN).

Önnur náttúruvernd (ÖN)		
Nr. Heiti	Lýsing	Stærð (ha)
ÖN1 501. Fjalllendið milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar	„Fjalllendið milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar. (1) Hálendi milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar norðan þjóðvegur nr. 1 á Öxnadalshéiði. Á vestanverðum skaganum eru mörk miðuð við 200 m h.y.s. mörk ná víðast í sjó fram á norðanverðum skaganum og á austanverðum skaganum eru mörk í 150-250 m h.y.s. (2) Hálendur og hrikalegur skagi með djúpum dölum, stórbrotið land. Á hæstu fjöllum eru jöklar. Um hálendið liggja fornar leiðir milli byggða.“	46723,5
ÖN2 506. Hörgárósar	„Hörgárósar, Glæsibæjarhreppi, Arnarneshreppi, Eyjafjarðarsýslu. (1) Ósasvæði Hörgár ásamt Gáseyri neðan bæjanna Óss og Skipalóns með fjörum og grunnsævi. (2) Tjarnir, flæðimýrar og strandgróður. Mikið fuglalíf. Rústir forns verslunarstaðar. “. Stærð svæðisins og afmörkun á aðalskipulagsupprætti er röng en unnið er að réttri afmörkun. Breyting á afmörkun verndarsvæðis er unnin í samráð við alla sem varðar málið, bæði heima fyrir og í stjórnsýslunni. Meðan ný mörk hafa ekki verið staðfest er afmörkun sbr. náttúruminjaskrá UST sýnd.	460,1
ÖN3 507. Krossanesborgir	„Krossanesborgir, Akureyri, Glæsibæjarhreppi, Eyjafjarðarsýslu. (1) Krossanesborgir, Krossaneshagi, Brávellir, Blómsturvellir, Pétursborg og Sílastaðatangi. Að sunnan afmarkast svæðið af útjaðri túna í Ytra-Krossanesi, að vestan af þjóðvegi og túnum í Dvergasteini, en Teigalæk og Efra-Lóni að norðan. (2) Sérkennilegt landslag, jökulminjar og votlendi. Hentugt útivistarsvæði í nágrenni þéttbýlis. Hluti af svæðinu var friðlýst sem fólkvangur árið 2005, sjá FS3 Krossanesborgir.	466,9
Samtals:		50818,7



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044



Mynd 8. Skýringaruppdráttur yfir aðrar náttúruinjar skv. náttúruinjaskrá í Hörgársveit..



6.7 MINJAVERNÐ (MV)

Svæði þar sem eru friðlýstar fornleifar og friðaðar fornminjar, hús og mannvirki sem njóta sjálfkrafa verndar á grundvelli aldurs þeirra samkvæmt lögum um menningarminjar.

Gásir eða Gásakaupstaður var forn verslunarstaður á Gáseyri við mynni Hörgár. Staðurinn er einstakur, óvíða á Íslandi eru varðveittar jafnmiklar mannvistarleifar frá verslunarstað frá miðöldum. Gásir voru helsti verslunarstaður á Norðurlandi á miðöldum og er staðarins víða getið í fornritum frá 13. og 14. öld. Fornleifarannsóknir hafa leitt í ljós að verslun á staðnum hafi staðið allt fram á 16. öld og jafnvel þar til verslun hófst á Akureyri, en um sumarverslunarstað var að ræða eins og þá tíðkaðist. Gásasvæðið er á náttúruvinnjaskrá. Svæðið hefur alþjóðlegt náttúruverndargildi vegna fuglalífs og þar eru plöntur á valista. Auk þess skartar það einni af fáum leirum í Eyjafirði. Mikið graslendi er á Gásasvæðinu, flæðimýrar, strandgróður og grunnsævi við ósa Hörgár. Við Hörgárósana vaxa, auk sjaldgæfra tegunda eins og flæðalófóts og maríulykils, flestar tegundir sem einkenna sjávarfitjar á Íslandi. Um 30 tegundir vatnafugla verpa á Gásum og þar má sjá fugla eins og grágæs, brandönd og stormmáf. Hvergi á landinu er að finna jafn miklar minjar um verslun til forna eins og á Gásum. Árin 1907 og 1986 voru gerðar könnunarrannsóknir á svæðinu sem leiddu í ljós að þar eru djúp og flókin mannvistarlög frá miðöldum. Á árunum 2001-2006 fóru fram umfangsmiklar fornleifarannsóknir og staðfestu þær niðurstöður fyrri rannsókna um starfsemi á Gásum á miðöldum.

Við skipulagsgerð og leyfisveitingar skal ávallt taka tillit til verndar fornleifa og annarra menningarminja í samræmi við gildandi lög. Í þeim tilvikum þar sem fyrirhuguð framkvæmd er ekki háð deiliskipulagi skal, áður en til leyfisveitingar kemur, liggja fyrir upplýsingar um hvort fornleifar séu á svæðinu. Þegar þörf er á skal krafist fornleifaskráningar eða annarrar viðeigandi athugunar í samræmi við lög um menningarminjar. Niðurstöður slíkra athugana skulu lagðar til grundvallar ákvörðun sveitarstjórnar um leyfisveitingu og eftir atvikum leitt til skilyrða eða breytinga á framkvæmdaráformum til að tryggja vernd menningarminja.

Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal fornleifaskráning fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Fornleifar, hús og mannvirki á svæðum þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir sem kunna að valda jarðraski á skipulagstímanum skulu skráðar á vettvangi áður en aðalskipulag tekur gildi, í samræmi við reglur Minjastofnunar Íslands nr. 620/2019 um skráningu jarðfastra menningarminja.

Skilgreining svæða þar sem slík skráning er nauðsynleg skal fara fram í samráði við Minjastofnun Íslands eða minjavörð viðkomandi landshluta. Þetta á einnig við um framkvæmdir í sjó og vötnum.

Við uppbyggingu á bæjartorfum og öðrum svæðum þar sem menningarminjar kunna að vera til staðar skal, óháð því hvort deiliskipulag liggja fyrir, leita umsagnar Minjastofnunar Íslands áður en byggingarframkvæmdir hefjast.

MARKMIÐ:

- Að vernda menningararf og tryggja að íslenskum menningarminjum verði skilað óspilltum til komandi kynslóða.
- Að stuðla að fræðslu, miðlun og merkingu fornleifa og menningarminja.
- Að nýta menningarminjar sem hluta af ferðaþjónustu með sjálfbærum hætti.
- Að samræma nýtingu lands við verndun fornleifa, m.a. í skógrækt og landnýtingu.



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

Þema	Stefna/ákvæði	Útskýring	Heimild	Ábyrgðaraðili
Friðaðar fornleifar	Taka skal tillit til friðaðra og friðlýstra fornleifa við framkvæmdir	Fornleifar eru sjálfkrafa friðaðar ef þær eru 100 ára og eldri; óheimilt að raska þeim nema með leyfi og umsögnum stofnana	Lög um menningarminjar nr. 80/2012	Minjastofnun Íslands, sveitarfélagið
Friðuð mannvirki	Hús og mannvirki frá 1923 eða fyrr njóta friðunar	Allar framkvæmdir við slík hús þurfa samþykki Minjastofnunar	Lög um menningarminjar nr. 80/2012	Minjastofnun Íslands, sveitarfélagið
Gásir	Svæðið verði nýtt til fræðslu og kynningar	Svæðið hefur mikið menningarsögulegt gildi. Möguleg fræðsla og kynning á menningararfi svæðisins er háð nánari útfærslu, skipulagsgerð og samráði við landeiganda og Minjastofnun Íslands..	Aðalskipulag Hörgársveitar, lög um menningarminjar	Sveitarfélagið, Minjastofnun, ferðaþjónustuaðilar
Skógrækt og landnýting	Tillit tekið til fornminja í skógræktaráætlunum	Ekki má planta nær skráðum fornminjum en 20 m	Aðalskipulag Hörgársveitar, kafli 7.10	Land og Skógur, sveitarfélagið
Merkingar	Merkingar á minjum í sveitarfélaginu verði bættar	T.d. með skiltum við þjóðveg sem vísa á merkilega staði, til fræðslu og verndar	Aðalskipulag Hörgársveitar	Sveitarfélagið, Vegagerðin, Minjastofnun
Rannsóknir og nýting	Nýta rannsóknir á Gásum og öðrum svæðum til kynningar og fræðslu	Markvisst unnið að því að gera rannsóknir aðgengilegar almenningi og nýta þær í kynningu og ferðaþjónustu	Aðalskipulag Hörgársveitar, lög um menningarminjar	Sveitarfélagið, Minjastofnun, fræðsluaðilar
Ferðaþjónusta	Ferðaþjónusta byggð á menningarminjum verði efld	Menningarminjar verða nýttar með sjálfbærum hætti sem hluti af atvinnuuppbyggingu	Aðalskipulag Hörgársveitar, LSS B.2.1	Sveitarfélagið, ferðaþjónustuaðilar, Minjastofnun
Örnefnaskrár	Örnefnaskrár verði endurskoðaðar	Mikilvægt til að varðveita staðbundinn menningararf	Lög um menningarminjar nr. 80/2012	Sveitarfélagið, Árnastofnun, Þjóðskrár Íslands

6.7.1 Friðlýstar fornleifar

Í sveitarfélaginu er fjöldi friðlýstra fornleifa. Fornleifarnar eru taldar upp í töflu og auðkenndar á skipulagsuppdrætti, eins og nákvæmni uppdráttar leyfir. Auk þeirra er fjöldi annarra fornminja á svæðinu sem ekki eru staðsettar eða metnar á þessu skipulagsstigi, en vakin er athygli á þeim helstu og þær verndaðar í flokki hverfisverndar sbr. kafla 6.8 *Hverfisverndarsvæði*.

MARKMIÐ:

- Að tryggja vernd friðlýstra fornleifa og annarra menningarminja í sveitarfélaginu.
- Að tryggja að skráning og mat á fornleifum fari fram áður en framkvæmdir eru heimilaðar.
- Að samþætta vernd fornleifa við aðra landnotkun, m.a. skógrækt og stórframkvæmdir.
- Að gera friðlýstar fornleifar sýnilegar á skipulagsuppdrætti og í skipulagsgögnum.



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

Þema	Stefna/ákvæði	Útskýring	Heimild	Ábyrgðaraðili
Friðlýstar fornleifar	Friðlýstar fornleifar eru fornleifar sem hafa verið sérstaklega friðlýstar með ákvörðun ráðherra.	Fornleifar á landi, í jörðu, jökli, sjó eða vatni eru verndaðar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun.	Lög um menningarminjar nr. 80/2012, gr. 3	Minjastofnun Íslands, sveitarfélagið
Fornleifaskráning	Fornleifaskráning skal fara fram á vettvangi áður en deiliskipulag er samþykkt	Gildir um öll svæði þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir, t.d. heilsársbyggð, frístundabyggð eða iðnaðarsvæði.	Lög um menningarminjar nr. 80/2012	Minjastofnun Íslands, sveitarfélagið
Sérstakar aðstæður	Sérstök fornleifaskráning og kortlagning á að fara fram þar sem sérstakar aðstæður krefjast þess	Yfirleitt vegna umfangsmikilla framkvæmda eða svæða með mikinn þéttleika minja.	Skipulagsákvæði; Lög nr. 80/2012	Minjastofnun Íslands, sveitarfélagið
Skógrækt og landnýting	Skógræktaráætlanir skulu gera grein fyrir fornleifum	Fornleifar skulu sýndar og verndaðar við skógrækt og landnýtingu; óheimilt að planta nær friðlýstum minjum en 100 m og aldursfriðuðum ekki nær en 15 m..	Aðalskipulag, kafli 7.10; Lög nr. 80/2012	Land og Skógur, sveitarfélagið, Minjastofnun
Stórfamkvæmdir	Stórfamkvæmdir eru umhverfismatsskyldar	Vegagerð, háspennulínur, virkjanir, efnisnámur o.fl. krefjast mats á umhverfisáhrifum með sérstakri áherslu á fornleifar og friðuð hús.	Lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana	Skipulagsstofnun, sveitarfélagið, Minjastofnun
Friðlýst og friðuð hús	Hús og mannvirki frá 1923 eða fyrr njóta friðunar	Allar breytingar, viðhald eða endurbygging krefst leyfis Minjastofnunar. Nýbyggingar í grennd skulu taka mið af varðveislugildi.	Lög um menningarminjar nr. 80/2012, gr. 29–32	Minjastofnun Íslands, sveitarfélagið
Viðhald mannvirkja	Viðhald friðlýstra húsa skal vera í samræmi við verndarákvæði	Eigendur hafa skyldur um viðhald; sveitarfélag og Minjastofnun geta veitt leiðbeiningar og styrki til varðveislu.	Lög um menningarminjar nr. 80/2012	Eigendur, Minjastofnun Íslands, sveitarfélagið
Sýnileiki í skipulagi	Friðlýstar fornleifar og hús skulu sýnd á skipulagsupprætti eins og mælikvarði leyfir	Skapar gagnsæi fyrir sveitarfélag, íbúa og framkvæmdaaðila um staðsetningu friðlýstra minja og húsa.	Skipulagslög nr. 123/2010; Aðalskipulag Hörgársveitar	Sveitarfélagið, Minjastofnun Íslands
Ferðaþjónusta og fræðsla	Minjar og hús nýtt til fræðslu og kynningar á ábyrgan hátt	Með upplýsingaskiltum, sýningum og kynningu má auka vitund almennings án þess að	Aðalskipulag Hörgársveitar; Heimsmarkmið	Sveitarfélagið, Minjastofnun, ferðaþjónustuaðilar



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

ganga á verndargildi
minjanna.

11.4 (vernd
menningararfs)

Í töflu hér á eftir er samantekt úr friðlýsingartexta. Númer minja eru skráningarnúmer í fornleifaskrá Minjastofnunar Íslands. Minjarnar eru taldar upp hér að neðan eftir býlum eða afréttum og eru orðréttar tilvísanir í skrána skáletraðar. Tilgreint er ef minjarnar eru þinglýstar. Friðlýstar fornminjar eru sýndar á landnotkunarupprætti, svo langt sem þær hafa verið staðsettar og mælikvarði korts leyfir.

Tafla 21. Minjavernd (MV).

Minjavernd (MV)	
Nr. Heiti	Lýsing
MV1 Gæsir/Gásir	a. Allar hinar fornu búðartóftir á Gáseyri. Sbr. Árb. 1901: 18; Árb. 1908: 3-8. b. Kirkjutóft og kirkjugarður, á dálítilli brún fyrir vestan grundina, sem búðartóftirnar eru á. Sbr. Árb. 1908: 5-8. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932.
MV2 Auðbrekka	Steinker gamalt, stórt; höggvið út úr rauðleitu móbergi. Sbr. Árb. 1924: 51. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932.
MV3 Fornhagi	"Kirkjutóft", er svo kallast, laut mikil í hól þann, er Kirkjuhóll heitir, niðri í túninu. Sbr. Árb. 1906: 20. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932.
MV4 Staðartunga	Forntóftir þrjár, sem eru á móanum vestan megin við Yxnadalsbrúna. Sbr. Árb. 1906: 22. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932.
MV5 Öxnhóll	"Lögrjetta", er svo heitir, dálítill girðing nálægt landamærum Öxnhóls og Barkár. Sbr. Árb. 1906: 21. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932.
MV6 Búðarnes	Búðartóftir þrjár fornar; þær eru í nesinu, sem Hörgá myndar þar. Sbr. Árb. 1906: 21. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932.
MV7 Myrkárdalur	Rústarbrot forn, útundan gamalli uppgróinni skriðu. Sbr. Víga-Glúms sögu, 26. kap.; 68 Árb. 1906: 21. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932.
MV8 Bakki	Leifar hins forna eyðibýlis Hofgerðis. Sbr. Árb. 1906: 22. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932.
MV9 Gloppa	a. "Kofarúst skógarmanns", norðanmegin við Vaskárgljúfrið, og b. "dys skógarmannsins", sunnanmegin við það gljúfur. Sbr. Árb. 1906: 23. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932.
MV10 Syðri-Bakki	1. Rústir eyðibýlisins Mið-Bakka svo og leifar af túngarði umhverfis. 2. Tættur tvær sunnan undir Bjarnarhól á Bakkaásum. Skjal undirritað af PM 21.12.1983. Þinglýst 05.01.1984.

6.7.2 Friðlýst hús

Eftirfarandi hús í sveitarfélaginu eru friðlýst skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

Tafla 22. Friðlýst hús.

Friðlýst hús



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

Nr. Heiti	Lýsing
MV11 Glæsibæjarkirkja í Kræklingahlíð	Timburhús reist 1866. Höfundur Þorsteinn Daníelsson forsmiður á Skipalóni. Kirkjan byggð upp úr Ósstofu í Hörgárdal sem Þorsteinn reisti 1858. Turn reistur 1929. Höfundur ókunnur.
MV12 Lónsstofa á Skipalóni	Stokkbyggt timburhús reist 1824. Höfundur Þorsteinn Daníelsson forsmiður á Skipalóni. Í vörslu Þjóðminjasafns Íslands frá 1985.
MV13 Smíðahús á Skipalóni	Timburhús reist 1843. Höfundur Þorsteinn Daníelsson forsmiður á Skipalóni. Í vörslu Þjóðminjasafns Íslands frá 1985.
MV14 Ytri-Bægisáarkirkja	Timburhús reist 1858. Höfundur Sigurður Pétursson timburmaður á Akureyri.
MV15 Bakkakirkja í Öxnadal	Timburhús reist 1843. Höfundur Þorsteinn Daníelsson forsmiður á Skipalóni. Forkirkja reist 1910. Höfundur ókunnur.
MV16 Hofsstofa	Hof í Hörgárdal. Byggingarár: 1828. Tegund friðunar: Aldursákvæði. Timburhús. Hönnuður: Þorsteinn Daníelsson forsmiður á Skipalóni.
MV17 Möðruvallakirkja (Möðruvallaklausturs-kirkja)	Byggingarár:1865. Timburhús. Hönnuður Jón Christinn Stephánsson forsmiður.

6.7.3 Friðuð hús

Samkvæmt 1. mgr. 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru öll hús og mannvirki sem byggð voru árið 1923 eða fyrr friðuð. Eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1940 eða fyrr, og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.

Tafla 22. Friðuð hús.

Friðuð hús			
Heiti	Notkun	Byggingarefni	Byggingarár
Þúfnaveilir II	einbýli	timbur	1895
Öxnhóll	skúr	st/timbur	1920
Bakkakirkja	kirkja	timbur	1843
Hraun	hesthús	timbur	1884
Syðri-Bægisá	íbúð	hlaðið	1923
Berghóll II	íbúðareign	timbur	1908



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

Berghóll II	íbúðareign	timbur	1908
Berghóll II	íbúðareign	timbur	1908
Bægisárkirkja	kirkja	timbur	1857
Efri-Rauðilækur	geymsla	timbur	1882
Glæsibæjarkirkja	kirkja	timbur	1866
Grjótgarður	fjárhús		1860
Hlíðarbær	samkomustaður	steypt	1919
Hraukbæjarkot	geymsla	timbur	1890
Hraukbæjarkot	geymsla	timbur	1900
Krossastaðir	hlaða	st/timbur	1920
Krossastaðir	einbýli	timbur	1895
Krossastaðir	íbúð/viðbygging	timbur	1920
Skipalón	safn	timbur	1843
Skipalón	einbýli	timbur	1824
Hjalteyri	hjalteyrarviti/skúr	timbur	1920
Hjalteyri hótél	einbýlishús	timbur	1912
Hjalteyri/Bræðraborg	bræðraborg	steypt	1918
Hjalteyri/Templarinn	sumarbústaður	timbur	1905
Knútshús	íbúð	st/timbur	1885
Knútshús	íbúð	st/timbur	1885
Möllershús	einbýlishús	timbur	1908
Sigurðarhús	einbýlishús	timbur	1907
Verlunarlóðin	sumarbústaður	timbur	1918
Verslunarlóðin	íbúð	st/timbur	1900
Verslunarlóðin	friðrikshús	timbur	1901
Bragholt	geymsla	timbur	1906
Freyjulundur	einbýlishús	steypt	1912
Hof land	geymsla	timbur	1820
Hofteigur	geymsla	steypt	1917



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

Hvammur	hlaða	st/timbur	1910
Möðruvallakirkja	kirkja	timbur	1867
Möðruvellir 2	hesthús	st/timbur	1897
Möðruvellir lóð	leikhús	timbur	1880
Þrastarhóll land	geymsla	timbur	1900

6.8 HVERFISVERNDARSVÆÐI (HV)

Svæði þar sem sveitarstjórn hefur sett ákvæði um hverfisvernd til að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruvinnur, landslag eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum.

Hverfisverndarsvæði eru af tvennum toga: hverfisverndarsvæði vegna náttúruverndar og hverfisverndarsvæði vegna menningarminja

MARKMIÐ:

- Stuðla að varðveislu náttúruvinnur, fornleifa og annarra söguminnja.
- Efla ferðaþjónustu sem byggir á menningarminjum sveitarfélagsins.
- Nýta rannsóknir, m.a. á Gásum, til fræðslu og kynningar.
- Endurskoða og uppfæra örnefnaskrár til að tryggja varðveislu staðbundins menningararfs.
- Bæta merkingar á minjum, m.a. með vegvísunum við þjóðveg.
- Varðveita ræktunarminjar, s.s. áveituskurði, beðasléttur og túngarða.
- Stuðla að samtengingu svæða á náttúruvinnuaskrá með tillögum að hverfisvernd.

Svæði / Þema	Stefna/ákvæði	Útskýring	Heimild	Ábyrgðaraðili
Almenn stefna	Stuðlað verði að varðveislu náttúru- og söguminnja	Skapar grunn að vernd, fræðslu og sjálfbærri nýtingu minja í ferðaþjónustu.	Aðalskipulag Hörgársveitar; Lög nr. 80/2012; LSS A.5, A.7	Sveitarfélagið, Minjastofnun, NÍ
Ferðaþjónusta	Ferðaþjónusta sem byggir á menningarminjum verði eflað	Byggir á rannsóknum, vernd og kynningu; styrkir samfélag og efnahag.	Aðalskipulag; Heimsmarkmið 11.4	Sveitarfélagið, Minjastofnun, ferðaþjónusta
Gásir	Rannsóknir nýttar til fræðslu og kynningar	Fornleifarannsóknir á Gásum nýttar markvisst til að kynna staðinn og efla ferðaþjónustu.	Aðalskipulag; Lög nr. 80/2012	Minjastofnun, sveitarfélagið, fræðsluaðilar
Skriða (Trjágarður)	Verndað sem elsti trjágarður Íslands	Gróðursettur um 1825, tengist sögu íslenskrar garð- og trjáættar; hefur mikið menningarlegt og náttúrulegt gildi.	Lög nr. 80/2012; Aðalskipulag Hörgársveitar	Minjastofnun, Land og Skógur, sveitarfélagið



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

Merkingar	Merkingar á minjum verði bættar	Skilti og vegvísar settir upp við þjóðveg og á svæðum til að auka fræðslu og vitund almennings.	Aðalskipulag; Lög nr. 80/2012	Sveitarfélagið, Vegagerðin, Minjastofnun
Örnefnaskrár	Örnefnaskrár endurskoðaðar	Tryggir varðveislu staðbundins menningararfs og samhengi við byggðarsögu og landslag.	Lög nr. 80/2012; Þjóðskrá Íslands	Sveitarfélagið, Árnastofnun, Þjóðskrá
Ræktunarminjar	Ræktunarminjum verði haldið til haga	Áveituskurðir, beðasléttur og túngarðar verndaðir sem hluti af menningarlandslagi sveitarfélagsins.	Aðalskipulag; Lög nr. 80/2012	Sveitarfélagið, Minjastofnun
Samtenging svæða	Stuðla að samtengingu svæða á náttúruminjaskrá með hverfisvernd	Byggir á því að efla samhengi og vernd heildstæðra svæða með náttúru- og menningarvernd að leiðarljósi.	Náttúruverndarlög nr. 60/2013; Aðalskipulag Hörgársveitar	Náttúruverndarstofnun, sveitarfélagið

6.8.1 Hverfisvernd vegna náttúruverndar

Tafla 22. Hverfisvernd vegna náttúruminja (HV).

Hverfisvernd vegna náttúruminja			
Nr. Heiti	Lýsing	Skilmálar	Stærð (ha)
Þéttbýli			
HV1 Hjalteyri og Hjalteyartjörn	Hjalteyartjörn er sjávarlón sem lokast hefur frá sjónum með malarriði, sem sjórinn hefur myndað með tilfærslu efnis úr nöfunum rétt fyrir utan. Síðan hefur lón lokast inni á bak við rífið, þ.e. Hjalteyartjörn. Tjörnin mun vera alldjúp og þar var áður fyrr nokkur silungsveiði. Fjölbreytt fuglalíf er í tengslum við svæðið. Innan hverfisverndarsvæðisins eru einnig minjar.	Halda skal byggingaframkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er. Tilgangur friðunnar Hjalteyartjarnar er að friða þar fuglalíf. Hjalteyartjörnin er varpstaður margra tegunda fugla og því er hún ákjósanlegur staður til fuglaskoðunar. • Allt dýralíf á og við tjörnina er almennt friðað. Þó má eyða þar varg svo sem mink en þó aldrei nema með fengnu leyfi sveitarstjóra Hörgársveitar. • Öll umferð vélknúinna báta er bönnuð um tjörnina. • Umferð róðrabáta er leyfð utan varptíma og	10,5



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

		telst hann vera frá 15. apríl til 1. júlí ár hvert. • Umferð ökutækja um fuglastíginn er bönnuð. • Heimilt er að opna ós til sjávar í gegn um grandann austan tjarnarinnar. Stefnt er að því að endurheimta flæði milli sjávar og tjarnar eins og það var mest alla 20. öldina t.d. með steiptum stokk eða rennu í gegn um grandann. Með framkvæmdinni verður dregið úr hættu á að tjörnin flæði yfir bakka sína og valdi tjóni á nærliggjandi húsum. Stokkurinn verður ekki djúpur, þ.e. hann verður á þurru á fjöru eins og stokkurinn sem þarna var áður. Miðað er við að einfaldur stígur/brú verði yfir stokkinn sem ekki verður fær/opinn almennri umferð ökutækja. Útfærsla stokksins skal unnin í samráði við siglingasvið Vegagerðarinnar. Líklegt er að sinna þurfi reglulegu viðhaldi vegna þess að sjávarstraumar geta fyllt stokkinn af sandi og mól.	
Dreifbýli			
HV38 Krossanesborgir og strandlengjan	Svæðið er í beinu framhaldi af fólkvanginum í Krossanesborgum og meðfram Lóninu, frá landamerkjum Dvergasteins að strandlengjunni frá Bjargi að syðri hluta Skjaldarvíkur.	Hefðbundnar landbúnaðarnytjar geta haldist eins og verið hefur. Halda skal byggingarframkvæmdum og raski af þeirra völdum í lágmarki eins og kostur er. Almennt er reiknað með að gönguleiðir séu einungis merktar með staurum eða vörðum. Yfir læki og votlendi er reiknað með einföldum trébrúm og yfir girðingar verða settar prílur.	19,3
Samtals:			29,8

6.8.2 Hverfisvernd vegna fornleifa

Auk friðlýstra fornleifa er fjöldi annarra fornminja á svæðinu. Skráning fornleifa í þeim sveitarfélögum sem í dag mynda Hörgársveit lauk sumarið 2006, en sú skráning samræmist ekki stöðlum Minjastofnunar Íslands um fornleifaskráningu, skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Skráningin gefur engu að síður góða mynd af þeim minjum sem finnast í sveitarfélaginu. Skrá skal fornleifar í tengslum við deiliskipulagsgerð og veitingu byggingar- og framkvæmdaleyfa. Samtals voru fornleifar skráðar á 59 jörðum og um 1000 minjastaðir í fyrrum Skriðuhreppi og Öxnadal. Í Glæsibæjarhreppi eru minjarnar um 750 og í Arnarneshreppi 691 minjar. Samtals eru þannig skráðir



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

2.441 minjastaðir í sveitarfélaginu og njóta þeir allir friðhelgi samkvæmt lögum. Á grundvelli fornleifaskráningar hafa verið valin 17 minjasvæði/staðir í sveitarfélaginu sem taldir eru sérlega áhugaverðir og gætu hentað til kynningar. Fjöldi annarra áhugaverðra minjastaða er þó að finna í sveitarfélaginu og í raun alltaf háð persónulegu mati hvaða minjar teljast áhugaverðari en aðrar.

Fyrir utan átta staka minjastaði er áhersla lögð á minjabyrpingar og menningarlandslag enda gildi þeirra fornleifa sem varðveist hafa í samhengi við lítt raskað landslag og aðrar fornleifar að jafnaði meira, sér í lagi til kynningar, heldur en stakstæðar fornleifar sem varðveist hafa úr samhengi við það landslag sem þær voru getnar í.

Góð leið til að varðveita minjastaði getur verið að kynna þá og gera aðgengilega almenningi og því getur vel farið saman kynning og fornleifavernd.

Hverfisverndarsvæðin eru merkt með hringlaga tákni sem er staðsett þar sem merkir minjastaðir og/eða margar minjar eru í þyrpingu. Þar sem menningarlandslag er samfelld verður að hafa í huga að í nágrenni táknanna og á milli þeirra geta verið merkar minjar sem taka þarf tillit til og þar sem mikið er um minjar væri oftast best að vernda svæðin sem heild.

Almennir skilmálar hverfisverndar eru þessi:

- Halda skal byggingarframkvæmdum og raski af þeirra völdum í lágmarki eins og kostur er.
- Deiliskráning fornleifa skal fara fram áður en ráðist er í byggingar- eða framkvæmdaleyfisskyldar framkvæmdir.
- Fylgjast þarf vel með skógrækt í námunda við fornleifar og gæta þess að skógrækt fari aldrei nær minjum en 20 m. Einnig ber að forðast skógrækt í gömlum túnum þó að fornleifar séu ekki sýnilegar á yfirborði.
- Hefðbundnar landbúnaðarnytjar geta haldist eins og verið hefur.
- Hverfisverndarsvæðin verða merkt og fræðsluefni um þau komið á framfæri.
- Að öðru leyti gilda ákvæði laga um menningarminjar varðandi þekktar þjóðminjar.

Minjasvæði

Eyðibyggið í Hörgársveit er sá flokkur minja sem er hvað forvitnilegastur og fellur vel til kynningar. Stór hluti þeirra áhugaverðu minjastaða/minjastæða sem fjallað er um hér er hluti af slíkri eyðibyggið. Hér verða fyrst nefnd 12 minjasvæði í sveitarfélaginu sem teljast hafa sérlega gott minjagildi og gætu hentað til kynningar fyrir almenning. Númer í svigum eru úr skrá Minjastofnunar Íslands.

Tafla 23. Hverfisvernd (HV).

Hverfisvernd vegna fornleifa			
Nr. Heiti	Lýsing	Skilmálar	Stærð(ha)
HV2 Rústir selja á Þorvaldsdal	Sunnarlega í Þorvaldsdal er að finna óraskaðar rústir tveggja selja, annars vegar eru rústir Fornhagasels (190:022) vestan megin í dalnum og hins vegar Auðbrekkusels (184:016) austanmegin. Þessar rústir eru sérlega áhugaverðar í ljósi annarra minja í norðanverðum Þorvaldsdal.	Almennir skilmálar.	
HV3 Eyðibyggið á Barkárdal	Eyðibyggið á Barkárdal hefur varðveist vel og þar leynast fallegar og fjölbreytilegar minjar bæja, útihúsa, stekkja, selja, beitarhúsa, smalakofa, gamalla leiða og í raun flestar þær tegundir minja sem vænta má að finna í búlegri dalabyggið frá fyrri öldum. Kringlugerði (201:009) Hálskot (201:010) Bæjarhóllinn í Sörlatungu (198:001), Féeggstaðir, Baugasel og nánasta umhverfi.	Almennir skilmálar.	



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

HV4 Hörgárdalsbotn	Í botni Hörgárdals eru talsverðar leifar eyðibygðar. Ásgerðarstaðasel (208:001). Eyðibýlin Nýibær (211:001), Einhamar (212:001) og Bás (213:001) Flögusel (209:001-011) og Framland (210:001-008).	Almennir skilmálar.	
HV5 Minjar í úthögum Staðartungu	Staðartunga hefur að líkindum byggst snemma enda fannst þar kuml frá fyrstu öldum. Sunnan við bæinn er auðugt minjasvæði. Þar er býlið Skuggi (215:009), sunnar er Klausturhús (215:022), leifar býlisins Sandhóla (215:010), Saurbæjarsel (215:011) og Staðartungubeitarhús 215:029).	Almennir skilmálar.	
HV6 Fornleifar á Myrkárdal	Fornleifar á Myrkárdal eru heillegar og skemmtilegar. Kerlingastekkur (205:012), ýmsar minjar í heimatúni á Myrkárdalsbænum (205:001), tóft á Kofavelli (205:006). Á Stóragerði (204:001) sjást tóftir síðasta bæjarins ásamt fjölda útihúsatófta í túni (204:002, 204:003 og 204:009-012) og túngarði (204:004). Innar á Myrkárdal er Myrkársel (203b:001 og 002) ásamt leifum af seli frá Hallgerðarstöðum (203b:003), smalakofarústir (203b:004).	Almennir skilmálar.	
HV7 Rústir í utanverðum Öxnadal	Í utanverðum Öxnadal er enn talsverð byggð en þar leynist þó einnig umfangsmikil eyðibygð sem lítið hefur verið raskað. Rústir bæjarhúsa, útihúsa og vallargarðs á Hraunshöfða (218:001-007), minjar í heimatúni Neðstlands (233:001-006). Rústir bæjarhúsa, útihúsa og vallargarðs á Miðhálsstöðum (216:001-003 og 007) sjást enn. Um allar þessar minjar gildir að þær eru mjög sjónrænar og aðgengilegar.	Almennir skilmálar.	
HV8 Eyðibygð í innanverðum Öxnadal og ofan við Háls	Eyðibygð í innanverðum Öxnadal er blómleg og hefur lítið verið raskað. Heimatún Bessahlaða er með vel varðveittum fornleifum (224:001-004, 009, 011, 013-016). Sel frá Varmavatnshólum (225:005) eru umfangsmiklar selleifar. Heimatún Fagraness (228:001, 003, 009, 011-015) er að talsverðu leyti ósléttað. Þar sjást tóftir síðasta bæjarins auk útihúsa og vallargarðs. Þá eru selrústir frá Hálsi á gönguleið upp að Hraunsvatni s.s seltófta í hlíðinni ofan við Háls (222:007 og 010) við Selás. Þar eru tvær tóftapyrpingar sem báðar eru fornlegar á að líta.	Almennir skilmálar.	
HV9 Bakkasel	Jörðin Bakkasel er fyrir margra hluta sakir sérstæð jörð. Gamli bærinn og útihús (219B:001-006, 009-010, 015-017, 027, 029-030), Lurkasteinn (219b:011) er minnisvarði um þjóðtrú, skammt utan við Bakkaselsbæinn er smalabyrgi á Seldal (219b:019). Sunnan við Bakkasel eru mjög fornlegar rústir (219B:022). Útlit rústanna bendir helst til að þær séu mjög gamlar.	Almennir skilmálar.	
HV10 Hraun	Sem dæmi um áhugaverða minjastaði í landi Hrauns má nefna Melagerði (221:012) og nokkuð áhugavert garðlag er við Hraunsvatn (221:030) þar sem Hraunsá fellur úr Hraunsvatni.	Almennir skilmálar.	
HV11 Möðruvellir	1. Bæjarhóll og öskuhaugur á Möðruvöllum (068:001 og 068:025) eru merkir minjastaðir og þar leynast merkileg mannvistarlög undir sverði. 2. Gamla kirkjan og kirkjugarðurinn á Möðruvöllum (068:002). Garðurinn er að mestu ósléttaður og eru ekki mörg tré í eldri hluta hans. Garðurinn er einn örfárar við sóknarkirkjur landsins sem ekki hefur verið sléttaður og er mikilvægt að hann fái að halda sér. 3. Á Möðruvöllum eru þrjár gamlar og merkar byggingar: kirkjan frá 1868 (068:002), stór og vönduð, svokallað Leikhús (068:007) frá 1881 og Stefánsfjós (068:006) frá 1902. Þær tvær síðastnefndu	Almennir skilmálar.	26,9



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

	hafa tvímælalaust varðveislu- og kynningargildi, enda eru þær hvort tveggja sérstæðar og nátengdar sögu staðarins. 4. Túnið í kringum Möðruvelli hefur verið nokkuð slétt frá náttúrunnar hendi og hefur aðeins lítill hluti þess verið sléttaður með vinnuvélum. 5. Fornar býlisrústir Jaðars (068:022) sjást enn suðvestan við kirkjugarðinn á Möðruvöllum. Jaðar er talin meðal eyðikota sem voru í kringum Möðruvallaklaustur. 6. Tóftir Neskots (068:018) eru suðvestan undir Neskotshólum, sem er þyrping af malarhólum norðvestan við Möðruvallaengi. Þar eru fjórir rústahólar, fjórar tóftir og tvö garðlög. 7. Rjórnabú (068:024) var stofnað á Möðruvöllum 1903 og starfaði það til 1915. Grunnur búsins sést enn vel og hefur tvímælalaust varðveislugildi.		
--	--	--	--

Minjastaðir

Auk minjasvæðanna í Hörgársveit sem þegar eru upp talin má nefna 22 stakstæðar minjar á svæðinu sem teljast af ýmsum sökum sérlega merkar og ástæða er til að huga að sérstaklega.

Hverfisvernd vegna fornleifa			
Nr. Heiti	Lýsing	Skilmálar	Stærð (ha)
Þéttbýli			
HV15 Bæjarstæði Skipalóns	Við Skipalón standa tvö friðuð timburhús frá 20. öld. (250:001-002). Auk þessa eru í nánunda við bæinn leifar brunns, útihúsa, myndarlegs túngarðs og fleiri tóftir. Húsin eru nú í vörslu Þjóðminjasafns Íslands.	Almennir skilmálar.	
HV16 Seltóftir í landi Tréstaða	Tóftir (252:007) þessar eru mjög greinilegar og í lítilli fjarlægð frá bæ og þjóðvegi.	Almennir skilmálar.	
HV17 Vindheimaborg	Hringlaga fjárborg hátt upp í fjalli sem sést víða að. Borgin er hæglega hlaðin úr þungum bergplötum. Er sú eina á þessu svæði og hefur því sérlega hátt varðveislu- og kynningargildi.	Almennir skilmálar.	
HV18 Skilaréttir í landi Fornhaga	Hlaðnar skilaréttir hafa gjarnan vikið á síðustu áratugum en þrátt fyrir það eru nokkrar stæðilegar skilaréttir eftir í Hörgársveit. Þverárrétt eldri (231:009) og Þorvaldsdalsrétt (190:010) í landi Fornhaga eru dæmi um stórar og fallegar réttir sem hafa mikið varðveislu- og jafnvel kynningargildi.	Almennir skilmálar.	
HV19 Stekkjartóftir í landi Dagverðartungu og Ásgerðarstaða	Á skráningarsvæðinu voru fjölmargar skemmtilegar stekkjartóftir. Sem dæmi um slíkar tóftir má nefna Stekk í Stekkjarhvammi í landi Dagverðartungu (191:009) og stekkur í landi Ásgerðarstaða (207:009). Báðar stekkjartóftirnar eru dæmigerðar og skemmtilegt umhverfi þeirra hefur gott varðveislu- og kynningargildi og gætu auðveldlega þjónað því hlutverki að kynna forna búskaparhætti fyrir almenningi.	Almennir skilmálar.	



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

HV20 Selrústir Bægisárdal	Við Bægisársel (238:008) eru 4-5 tóftir í dalsmynni Bægisárdal og á leiðinni upp að selinu frá Syðri-Bægisá eru nokkrar fornleifar sem vel mætti kynna gestum s.s. forn stekkjarrúst 022 og náttthagi 023.	Almennir skilmálar.	
HV21 Djákna- steinninn á Myrká	Djárnasteinninn (203:028) á Myrká er samkvæmt munnmælum tengdur einni af frægustu þjóðsögum þessa lands, Djákninn á Myrká. Djárnasteinn er nú fast utan við kirkjugarð, neðan við sálhliðið. Vegna þjóðsögunnar hefur steinninn ótvírætt varðveislu- og kynningargildi.	Almennir skilmálar.	
HV22 Kuml eða smalabyrgi í landi Flögu	Í Flöguhóli (212:005) á að vera heygður bóndi frá Staðartungu, sem Þórólfur sterki Skólmsson í Flögu á að hafa drepíð. Frásögnin er þjóðsagnakennd en á hólum fundust hins vegar leifar sem ekki er hægt að útiloka að gætu verið kuml. Á báðum hóltoppunum eru ferhyrningslaga grjóthleðslur og ekki hægt að útiloka að þær séu grónar leifar af löngu útflöttum smalabyrgjum.	Almennir skilmálar.	
HV23 Túngarður í Arnarnesi	Túngarðurinn í Arnarnesi (074:029) er mjög misgreinilegur. Umfang garðlagsins og þær leifar sem sjá má af loftmynd og á jörðu benda til að hluti garðlagsins kunni að vera talsvert forn en að túngarði hafi verið haldið við mjög lengi. Hann hefur mikið varðveislugildi.	Almennir skilmálar.	
HV24 Tóftir og mannvirki við heimatúnið í Torfnasi	Heimatúnið í Torfnasi og þær tóftir og mannvirki sem þar leynast (079:022). Þessar leifar eru ungar, bærinn komst í byggð 1911. Þrátt fyrir þetta er minjasvæðið skemmtilegt og óhætt að mæla með varðveislu þess, sér í lagi þar sem saga bæjarins og ábúenda er þekkt og áhugaverð. Í túninu eru fimm tóftir ásamt lendingu í Byttuvík.	Almennir skilmálar.	
HV25 Tóft í landi Ytri- Reistarár	Athyglisverð tóft fannst inni í skógarreit við Freyjulund, í landi Ytri-Reistarár (085:020). Tóftarinnar er ekki getið í heimildum. Hún er nærri landamerkjum Ytri- og Syðri-Reistarár. Tóftin er nokkuð sigin og fornleg með skálalagi en alveg er óvíst hvort hún var mannabústaður.	Almennir skilmálar.	
HV26 Kartöflugarður í landi Syðri- Reistará	Stæðilegir og vel varðveittir kartöflugarðar í Garðakinn á Syðri-Reistará (086:007). Mjög gott og vel varðveitt dæmi um kálgarða frá 19. og 20. öld.	Almennir skilmálar.	
HV27 Tóft og túngarður á landamerkjum Hvamms og Syðri-Reistarár	Skiptagerði (086:015) á landamerkjum Hvamms og Syðri-Reistarár var komið í eyði þegar Árni og Páll rita jarðabók sína 1712. Þar sjást enn vel varðveittar minjar, sex tóftir og túngarður.	Almennir skilmálar.	
HV28 Hofstofan á Hofi	Hofstofan á Hofi (090:001) var byggð 1828 en hún er að mestu nýtt sem sumarhús. Húsið er járnlætt timburhús sem byggt var af þorsteini Daníelssyni og er friðað.	Almennir skilmálar.	
HV29 Tóftir Hofsels	Tóftir Hofsels (090:011) eru um 1300 m VNV við Hof. Á þessum stað eru tvær signar og fornlegar tóftir sem hafa varðveislu- og kynningargildi.	Almennir skilmálar.	



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

HV30 Malargryfjuhóll og stekkir í landi Hofs	Malargryfjuhóll (090:022). Um 350 m frá bæ á Hofi er hóll og hafa tvisvar sinnum fundist svínshauskúpur sem samkvæmt örnefnaskrá voru með stórum vígtönnum. Aðeins hafa komið upp hauskúpur en ekki önnur bein, athyglisverður staður og bendir allt til að hann sé mjög forn. Nokkrir skemmtilegir stekkir og einn þeirra 090:032 er skammt frá þjóðvegi í Hofslandi, um 650 m norðan við bæ. Stekkurinn er fornleg tóft og að mörgu leyti dæmigerð stekkjartóft.	Almennir skilmálar.	
HV31 Tóftir (094:006) í hvammi sunnan við Arnbjargarhól	Nokkrar fornlegar tóftir (094:006) eru í hvammi sunnan við Arnbjargarhól. Voru skráðar sem býlirústir en ekki er ljóst um hlutverki þeirra, enda eru þær aðeins þekktar úr örnefnaskrá. Rústirnar eru engu að síður áhugaverðar en minna meira á skepnuhús og aðhöld.	Almennir skilmálar.	
HV32 Heimilisrétt á Þrastarhóli	Leifar af heimilisrétt (095:029) sjást enn á Þrastarhóli, við Þrastarhólsá. Hún er einföld og hlaðin úr grjóti en á margan hátt dæmigerð fyrir réttir sem flestar eru horfnar á þessu svæði.	Almennir skilmálar.	
HV33 Bæjarhóllinn á Hallgilsstöðum	Bæjarhóllinn á Hallgilsstöðum (096:001) er stór og mikill. Íbúðarhúsið á jörðinni brann 1928 og var þá byggt steinhús en föst búseta lagðist af 1976 og brann steinhúsið árið 1980. Engar byggingar eru því eftir á bæjarhólnum en þar eru nokkur stæðileg tré.	Almennir skilmálar.	
HV34 Herminjar í Skreiðsmel	Um 40 m austan við þjóðveg, í Skeiðsmel stendur stakur braggi og átta braggagrunnar eru umhverfis (097:006). Kampurinn hét því skemmtilega nafni Pity-me-camp.	Almennir skilmálar.	
HV35 Róðukot í landi Bjarga	Á Björgum eru leifar af koti sem nefnt er Róðukot (098:007). Leiddar hafa verið að því getur að Róðukot séu Akrar hinir fornu. Bæjarins Akra í Hörgárdal er getið í Ljósveitningasögu og býli með því nafni er skráð meðal eigna Möðruvallaklausturs árið 1477	Almennir skilmálar.	
HV36 Hlaðinn skilarétt, Þorvaldsdalsrétt	Hlaðnar skilaréttir hafa gjarnan vikið á síðustu áratugum, ýmist vegna bygginga nýrra rétta, niðurrifs eða annars ágangs. Í Arnarneshreppi er hins vegar ein stæðileg skilarétt sem hefur því mikið varðveislugildi. Það er Þorvaldsdalsrétt (633:004). Gildi réttarinnar er gott eitt og sér en staðsetning hennar, í miðjum Þorvaldsdal sem er í heild sinni einstakt minjasvæði, gerir það að verkum að hiklaust ber að varðveita hana og hún hefur talsvert kynningargildi í tengslum við aðrar minjar á svæðinu, bæði í Hörgársveit og í Dalvíkurbyggð. Þorvaldsdalur er allur undir hverfisvernd í Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 vegna sögu- og náttúruminja.	Almennir skilmálar.	
HV37 Skriða	Elsti trjágarðurinn á Íslandi, gróðursettur um 1825 af Þorláki Hallgrímssyni og sonum hans, Birni og Jóni Kærnested.	Almennir skilmálar. Halda skal í upphaflegt form og uppbyggingu garðsins. Breytingar eru mjög varasamar og skulu nauðsynlegar breytingar gerðar í samráði við fagaðila.	




Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

		Hefðbundnar landbúnaðarnytjar geta haldist eins og verið hefur. Hverfisverndarsvæðið verði merkt og fræðsluefni um það komið á framfæri. Að öðru leyti gilda ákvæði laga um menningarminjar varðandi þekktar þjóðminjar.	
--	--	---	--



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044



Mynd 9. Hverfisvernd (HV) í Hörgársveit.



6.9 SKÓGRÆKTAR- OG LANDGRÆÐSLUSVÆÐI (SL)

Svæði fyrir skógrækt og landgræðslu, svo sem nytjaskógrækt, fjölnytjaskógrækt, landbótaskógrækt, skjólbelti, landgræðsluskógrækt, skipulagða landgræðslu og aðra uppgræðslu.

MARKMIÐ:

- Efling skógræktar til viðarframleiðslu, útivistar, skjóls og landbóta.
- Skógrækt falli að landslagi og efli gæði mannlífs og vistkerfa.
- Gæta að vernd ræktunarlands, náttúru, fornleifa og menningarminja.
- Stuðla að sjálfbærri nýtingu lands og tryggja að land skili sér í jafn góðu eða betra ásigkomulagi til komandi kynslóða.
- Skógrækt ekki á besta ræktunarlandi (L1, L2) nema sem skjólbelti.

Skógrækt er liður í fjölbreyttri og sjálfbærri landnýtingu og getur stuðlað að landbótum, kolefnisbindingu og eflingu byggðar, enda sé hún skipulögð með hliðsjón af náttúru- og menningarvernd. Skógrækt skal fyrst og fremst beint að svæðum sem teljast hentug samkvæmt flokkun landbúnaðarlands, einkum á landbúnaðarsvæðum í flokkum L3 og L4. Skógrækt er ekki heimil á úrvals ræktunarlandi né á svæðum þar sem hún getur valdið skaða á vernduðum vistkerfum, fornleifum eða menningarlandslagi. Við mat á skógræktaráformum skal sveitarstjórn leggja til grundvallar flokkun landbúnaðarlands og jafnframt meta áhrif á vistkerfi, gróðurfar og búsvæði fugla, einkum mófugla. Þegar þörf er á skal slíkt mat byggja á vettvangsathugunum, fyrirbyggjandi gögnum eða sérfræðiráðgjöf. Skógræktaráform sem eru þess eðlis eða umfangs að þau feli í sér verulega breytingu á landnotkun skulu skilgreind í aðalskipulagi eða háð breytingu á skipulagi áður en til leyfisveitinga kemur.

Skógrækt í Hörgársveit skal samræmast Landsáætlun í skógrækt 2022–2032 og alþjóðlegum skuldbindingum Íslands um loftslagsmál, líffræðilega fjölbreytni og varnir gegn jarðvegseyðingu. Áhersla er lögð á sjálfbæra nýtingu skóga, endurheimt vistkerfa og kolefnisbindingu, í samræmi við lög nr. 33/2019 um skóga og skógrækt og lög nr. 155/2018 um landgræðslu.

Við skipulagsgerð er sérstaklega horft til þriggja meginþátta:

- Vernd og endurheimt birkiskóga og vistkerfa,
- fjölnytjaskógrækt og útivistarþjónustu
- jarðvegsverndar og kolefnisbindingar.

Þessi viðmið hafa áhrif á val á skógræktarsvæðum, tegundaval, forgangs röðun landbóta og mat á umhverfisáhrifum. Skógræktarverkefni innan sveitarfélagsins skulu að auki samræmast markmiðum Landsáætlunar í skógrækt 2022–2032 um endurheimt vistkerfa, sjálfbæra nýtingu skóga, fjölbreytt tegundaval og vernd jarðvegs og vatns. Áhersla er lögð á að styðja við sjálfbæra byggðapróun, útivist og kolefnisbindingu til framtíða.



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

Þema	Stefna/ákvæði	Útskýring	Heimild	Ábyrgðaraðili
Almenn stefna	Skógrækt bæði í atvinnuskyni og til útivistar og samfélagsnota	Skógræktarsvæði skilgreind fyrir Lands og skóg, skógræktarfélag og almenning	Aðalskipulag	Sveitarfélagið, Land og Skógur
Aðlögun landslagi	Skógrækt falli að landslagi með lundum, rjóðrum og birkiskógum	Útsýnisstaðir, gljúfur og gil skulu njóta sín, sjónlínur ekki raskaðar	Aðalskipulag, LSS A.7.4	Sveitarfélagið, Land og Skógur
Landbúnaðarland	Skógrækt fyrst og fremst á L3 og L4; á L1 og L2 aðeins skjólbeltarækt	Gott ræktunarland nýtt áfram fyrir matvælaframleiðslu	Flokkun ræktunarlands, Aðalskipulag, HM 15.1	Sveitarfélagið
Skógrækt yfir 400 m	Skógrækt heimil en bannað að rækta erlendar tegundir yfir 400 m	Samkvæmt reglugerð nr. 583/2000 um innflutning og ræktun plantna	Reglugerð nr. 583/2000	Sveitarfélagið, Land og Skógur
Fjármögnun	Leitað verði ríkisframlaga til skógræktar	Stuðningur ríkisins lykilatriði	LSS A.4.5	Sveitarfélagið, ríkið
Hvatning landeigenda	Landeigendur hvattir til skógræktar á landi sem hentar illa til annarra nota	Einkum dalir og vangróin svæði	Skipulagsákvæði, HM 15.3	Sveitarfélagið, Skógræktarfélag
Takmarkanir	Skógrækt ekki heimil þar sem hún skaðar náttúru, fornleifar eða menningarlandslag	Forðast að skógrækt hylji fossa, fjöll, kennileiti eða skerði sjónlínur	LSS A.5, A.7; náttúruverndarlög nr. 60/2013, HM 15.5	Sveitarfélagið, Náttúruverndarstofnun, Land og Skógur
Skipulags-áætlanir	Skógrækt >3 ha krefst samþykkis sveitarstjórnar	Áætlanir fela í sér afmörkun, tegundaval, tímaáætlanir og fornleifaskráningu	Skipulagslög nr. 123/2010, LSS A.7.5, HM 15.9	Sveitarfélagið, Minjastofnun, Land og Skógur
Umsagnir stofnana	Leita skal umsagnar Náttúruverndarstofnunar um skógrækt á verndarsvæðum	Tryggir samræmi við náttúruvernd	Náttúruverndarlög nr. 60/2013, HM 15.9	Náttúruverndarstofnun
Umhverfis-áhrif	Skógræktaráætlanir >200 ha eða á verndarsvæðum tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar	Skipulagsstofnun metur matskyldu framkvæmda	Lög nr. 111/2021, HM 15.9	Skipulagsstofnun, sveitarfélagið
Endurheimt landgæða	Stefnt að endurheimt landgæða á landbúnaðarsvæðum	Með beitarstýringu, uppgæðslu og skjólbeltum	Aðalskipulag, LSS A.4.5, HM 15.3	Land og Skógur, sveitarfélagið
Búsetu-landslag	Búsetulandslagi verði haldið til haga	T.d. áveituskurðir, beðasléttur, túngarðar	Aðalskipulag	Sveitarfélagið, Minjastofnun
Fornleifar	Skógrækt ekki nær friðlýstum fornminjum en 100 m og aldursfriðuðum	Tryggja vernd menningararfs	Lög nr. 80/2012, HM 15.8	Minjastofnun, sveitarfélagið



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

	ekki nær en 15. Áður en skógrækt hefst skal liggja fyrir fornleifaskráning eða mat á því hvort menningarminjar séu til staðar, í samræmi við lög um menningarminjar.			
Jarðmyndir og vistkerfi	Skógrækt taki mið af jarðmyndum og vistkerfum sem njóta verndar	Forðast rask á jarðmyndum og vistkerfum	Náttúruverndarlög nr. 60/2013, gr. 61, HM 15.5	Náttúruverndarstofnun, sveitarfélagið
Samnings-svæði	Útlínur frá Land og skógur senda sveitarfélagi sem getur gert athugasemdir	Nákvæm vettvangsskoðun og samráð við skógarbændur	Samningsferli Land og skógar, HM 15.6	Land og skógur, sveitarfélagið
Fræðsla	Hörgársveit bjóði upp á fræðslu um landnýtingu og sjálfbærni	Stuðlar að aukinni vitund íbúa	Aðalskipulag, HM 15.9	Sveitarfélagið
Brunavarnir og öryggi	Greina brunavarnir og aðgengi að vatnsökusvæðum í umsóknum um framkvæmdaleyfi	Viðbragðsáætlanir landeigenda.	Tillögur, LSS B.6.3	Sveitarfélagið, Slökkvilið Akureyrar
Sjálfbær skógrækt	Skógrækt og landgræðsla byggja á sjálfbærri nýtingu og endurheimt vistkerfa Við skipulag skógræktar skal leggja mat á áhrif á vistkerfi, líffræðilega fjölbreytni, jarðminjar og landslag. Sérstaklega skal huga að samlegðaráhrifum skógræktar á stærri svæðum, m.a. með tilliti til mófugla og annarra vistkerfa sem kunna að verða fyrir röskun. Við skógrækt skal fara varlega í notkun framandi trjátegunda sem geta reynst ágengar og dreift sér út fyrir skilgreind skógræktarsvæði. Við framkvæmd skógræktar skal fylgja gildandi skilyrðum um að ábyrgð á fjarlægingu sjálfsáðnar plantna utan skógræktarsvæða hvíli á skógræktaraðila.	Litið er til langtíma-verndar skóga, jarðvegsverndar, kolefnisbindingar og vistkerfa, í samræmi við Landsáætlun í skógrækt 2022–2032	Landsáætlun í skógrækt 2022–2032; lög nr. 33/2019; HM 15.1, 15.2, 15.3	Sveitarfélagið, Land og skógur, Náttúrufræðistofnun
Endurheimt birkiskóga	Endurheimt náttúrulegra birkiskóga verði forgangsverkefni	Áhersla á endurheimt rofins og vangróins lands í birkiskóg þar sem landgæði og líffræðileg fjölbreytni eflast samhliða kolefnisbindingu	Landsáætlun í skógrækt 2022–2032; HM 15.1, 15.5	Sveitarfélagið, Land og skógur



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

Gæðaviðmið skógræktar	Ný gæðaviðmið Skógræktarinnar um skógrækt í sátt við umhverfi verði höfð til hliðsjónar	Val á landi, tegundavali og skipulagi skóga taki mið af landslagi, fornleifum, vatnsvernd og verndun vistkerfa	Landsáætlun í skógrækt 2022– 2032; LSS A.5, A.7; HM 15.8	Sveitarfélagið, Land og skógur, Minjastofnun
------------------------------	--	--	---	---

Skógrækt á landbúnaðarsvæðum

Skógræktarsvæði í skipulagsáætlun eru annars vegar atvinnuskógrækt á vegum Lands og skógar og hins vegar útivistarsvæði á vegum skógræktarfélaga eða sveitarfélags. Skógræktarreitir sem sýndir eru á uppdrætti miðast við samningsbundin mörk en endurspeglar ekki endanlegt form svæðanna. Mikilvægt er að skógrækt falli að landslagi, að lundir, rjóður og útsýnisstaðir njóti sín og að gil, gljúfur og helstu sjónlínur verði vernduð. Áhersla er einnig á fjölbreytta skógrækt með blöndu birkis, víðikjarrs og ræktuðum trjátegundum.

Skipulagsáætlunin gerir ráð fyrir skógrækt bæði sem atvinnugrein og til landbóta, skjóls og útivistar. Á góðu ræktunarlandi (L1 og L2) skal þó halda áfram hefðbundnum landbúnaði og matvælaframleiðslu. Þar er skógrækt eingöngu heimil í formi skjólbelta. Skógrækt yfir 400 m hæð yfir sjávarmáli er bundin sömu takmörkunum og á landbúnaðarsvæðum, en samkvæmt reglugerð nr. 583/2000 er óheimilt að rækta erlendar tegundir ofan við 400 m yfir sjávarmáli.

Skógræktaráætlanir fyrir einstakar jarðir skulu unnar samkvæmt kröfum Lands og skógar, með áherslu á fjölbreytni trjátegunda og umhverfissjónarmið. Ef áform ná yfir 200 ha eða ná til verndarsvæða skal tilkynna þau til Skipulagsstofnunar samkvæmt lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sem ákveður hvort framkvæmdir séu mats- eða framkvæmdaleyfisskyldar. Sveitarstjórn veitir framkvæmdaleyfi samkvæmt skipulagslögum.

Land og skógur sendir reglulega sveitarstjórn tillögur að nýjum skógræktarsvæðum. Að lokinni vettvangsskoðun og yfirferð á gögnum um forn- og náttúruminjar er unnin endanleg skógræktaráætlun í samráði við skógarbændur, þar sem sveitarstjórn getur gert athugasemdir.

ALMENNIR SKILMÁLAR

- Stefnt er að því að vinna að endurheimt landgæða á landbúnaðarsvæðum. Beita skal beitarstýringu samhliða uppgræðslu ógróinna og vangróinna svæða sem og gróðurbótum með skógrækt og skjólbeltarækt eftir því sem við á.
- Landgræðslu- og skógræktaráætlanir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og taka mið af þeim verndarákvæðum sem þar eru sett fram, s.s. vegna hverfisverndar, svæða á náttúru-minjaskrá, friðlýstra svæða skv. náttúruverndarlögum og friðlýstra fornminja skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012.
- Taka skal tillit til þekktra fornminja, sbr. einnig kafla 6.7 *Minjavernd*. Skógrækt skal ekki fara nær friðlýstum fornminjum og öðrum merkum minjum en 20 m.
- Taka skal tillit til jarðmyndana og vistkerfa sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Hafa skal í huga að kennileitum í landslagi og jarðmyndunum verði ekki spilt.
- Leita skal umsagnar Náttúruverndarstofnunar áður en farið er í skógrækt eða landgræðslu á þeim svæðum sem kveðið er á um í náttúruverndarlögum.
- Minni stök skógræktarsvæði skuli fara í umhverfismat þegar samfella þeirra nær 200 ha.



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

Tafla 24. Skógræktarsvæði (SL).

Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)			
Nr. Heiti	Lýsing	Skilmálar	Stærð (ha)
Dreifbýli			
SL1 Ásláksstaðir 1	Blönduð skógrækt.	Almennir skilmálar.	22
SL2 Hraukbæjarkot	Blönduð skógrækt.	Almennir skilmálar.	22,8
SL3 Moldhaugar	Blönduð skógrækt.	Almennir skilmálar.	15,7
SL4 Glæsibær	Blönduð skógrækt.	Almennir skilmálar.	230,6
SL5 Dagverðareyri	Blönduð skógrækt.	Almennir skilmálar.	70
SL6 Dagverðartunga	Blönduð skógrækt.	Almennir skilmálar.	21,7
SL7 Steðji	Blönduð skógrækt.	Almennir skilmálar.	24,7
SL8 Skjaldarstaðir	Blönduð skógrækt.	Almennir skilmálar.	41
SL9 Gerði	Blönduð skógrækt.	Almennir skilmálar.	34,5
SL10 Myrkárbakki	Blönduð skógrækt.	Almennir skilmálar.	23
SL11 Flaga	Blönduð skógrækt.	Almennir skilmálar.	39,8
SL12 Hólar	Blönduð skógrækt.	Almennir skilmálar.	90
SL13 Syðri-Reistará	Blönduð skógrækt.	Almennir skilmálar.	20,1
SL14 Ásláksstaðir	Blönduð skógrækt.	Almennir skilmálar.	56,6




Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

SL15 Engimýri	Blönduð skógrækt.	Almennir skilmálar.	121,3
SL16 Geirhildargarðar	Blönduð skógrækt.	Almennir skilmálar.	45,6
SL17 Grjótgarður	Blönduð skógrækt.	Almennir skilmálar.	36,6
SL18 Ytri-Bægisá	Blönduð skógrækt.	Almennir skilmálar.	31
SL19 Háls	Blönduð skógrækt.	Almennir skilmálar.	36,6
SL20 Fagranes	Blönduð skógrækt.	Almennir skilmálar.	165,8
SL21 Brakandi	Blönduð skógrækt.	Almennir skilmálar.	43,7
SL22 Bárulundur	Blönduð skógrækt.	Almennir skilmálar.	18
Samtals:			1210,6



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044



Mynd 10. Skógræktar- og landgræðslusvæði í Hörgársveit.



6.10 NÁTTÚRUVÁ (NV)

Svæði þar sem hættu er talin stafa af náttúruhamförum, svo sem snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni eða veðurfari (ofviðri).

Í Hörgársveit er hættan einkum tengd sjávarflóðum við láglend strandsvæði (t.d. Gásar og Hjalteyri), árflóðum við Hörgá og Öxnadalsá, skriðum og snjóflóðum í Hörgárdal og Öxnadal. Sveitarfélagið er ekki á virkum skjálfta- eða eldgosasvæðum en getur fundið fyrir áhrifum stærri jarðskjálfta á Norðurlandi. Með hlýnandi loftslagi aukast áskoranir vegna hækkandi sjávarstöðu, aukinnar úrkomu og tíðari veðuratburða.

MARKMIÐ

- Tryggja öryggi íbúa og gesta með vönduðu skipulagi sem tekur mið af hættu af náttúruvá.
- Forðast íbúðar- og frístundabyggð á hættusvæðum.
- Lágmarka tjón á mannvirkjum og innviðum með fyrirbyggjandi aðgerðum og hættumati.
- Stuðla að vistvænum lausnum í varnaraðgerðum og tryggja að mat á náttúruvá sé hluti af allri skipulagsgerð.
- Styðja við aðlögun sveitarfélagsins að loftslagsbreytingum með markvissum aðgerðum og stefnu í samræmi við alþjóðleg markmið (Heimsmarkmið nr. 13).

Þema	Stefna/ákvæði	Útskýring	Heimild	Ábyrgðaraðili
Skipulag byggðar	Íbúðar- og frístundabyggð verði ekki skipulögð á hættusvæðum	Engin byggð á skriðu-, snjóflóða-, árflóða- eða sjávarflóðasvæðum. Byggð aðeins heimil eftir staðbundið hættumat.	Skipulagslög nr. 123/2010, Lög nr. 49/1997, Reglugerð nr. 505/2000	Sveitarfélagið, Skipulagsstofnun, Veðurstofa Íslands
Vegakerfi og landbrot	Metin verði þörf á endurbótum vegakerfis og aðgerðum vegna landbrots	Hugsanlegur flutningur vegstæða á ofanflóðasvæðum. Skoða þarf lausnir vegna landbrots á Gásum og öðrum láglendum strandsvæðum. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum og mati á náttúruvá er ekki gert ráð fyrir sjóvarnargarði á svæðinu í aðalskipulaginu. Ákvörðun um hugsanlegar varnir eða framkvæmdir er háð nánari athugun, leyfisveitingum og samráði við landeiganda og viðeigandi stofnanir.	Vegalög nr. 80/2007, Skipulagsákvæði	Vegagerðin, sveitarfélagið
Flóðasvæði	Þekkt hættusvæði vegna sjávarflóða og árflóða skráð og kortlögð	Kortlagning og mat á flóðahættu við Eyjafjörð (100 ára flóð), Hörgá og Öxnadalsá. Sérstaklega nefnt landbrot á Gásum og virkni Öxnadalsár.	Björnsson o.fl. 2022, Skipulagsákvæði	Sveitarfélagið, Náttúruverndarstofnun, Vegagerðin
Ofanflóð	Gerð staðbundins hættumats við deiliskipulag og	Könnun 2016 og 2020 sýndi skriðu- og snjóflóðasvæði í Hörgár- og Öxnadal. Viðkvæmustu svæðin: Bakkasel–Fagranes,	Brynjólfsen o.fl. 2016; Brynjólfsen 2020; Lög nr. 49/1997;	Veðurstofa Íslands, sveitarfélagið



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

umsókn um byggingarleyfi Landafjall–Miðland, Myrkárdalur, Barká–Lönguhlíð, Skriða–Brakandi. Á svæðum 1, 3 og 4 eru ofanflóð mun tíðari en á svæðum 2 og 5.

Reglugerð nr. 505/2000

Snjóflóð	Tryggja viðbúnað og greina snjóflóðahættu	Snjóflóðahætta skapast helst við NV–N átt með úrkomu, en einnig við asahláku og vorleysingar. Sérstaklega þarf að fylgjast með bæjum í Hörgárdal með undirlendi ofan við.	Skipulagsákvæði, Veðurstofa Íslands	Veðurstofa Íslands, sveitarfélagið
Jarðskjálftar	Hönnun mannvirkja miði við hönnunarhröðun svæðis	Hörgársveit er í 0,10–0,15g áhættuflokki (næstlægsti/lægsti). Hönnun mannvirkja skal taka mið af þessu.	ÍST staðlar (Staðlaráð Íslands), Skipulagsákvæði	Verkfræðingar, byggingarfulltrúi, sveitarfélagið
Sjávarflóð og sjávarstaða	Tryggja að skipulagsákvæðanir taki mið af hækkandi sjávarstöðu	Hækkun sjávarstöðu á Íslandi 30–40% af hnattrænni hækkun. Sjóvarnir byggðar á Hjalteyri 1999–2011. Þörf á að skoða varnir áfram á verðmætum strandsvæðum.	Björnsson o.fl. 2023; Skýrsla vísindanefndar um loftslagsmál; Skipulagslög	Sveitarfélagið, Vegagerðin, Náttúruverndarstofnun
Forvarnir	Skráning og kortlagning hættusvæða	Byggt á jarðfræðikortum og hættumatsgögnum. Markmið að fyrirbyggja áhættu við skipulagsgerð.	Skipulagslög nr. 123/2010, Lög nr. 49/1997	Sveitarfélagið, Skipulagsstofnun, Veðurstofa Íslands
Loftslagsmál	Náttúruvá metin í samhengi loftslagsbreytinga	Auknar úrkomur, hækkandi sjávarstaða, tíðari ofviðri og gróðureldar eru líkleg áhrif.	Heimsmarkmið nr. 13.1, 13.2; Vísindanefnd um loftslagsmál	Sveitarfélagið, ríkið (Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti)

Flokkun svæða eftir náttúruvá í töflunni endurspeglar **þekktar aðstæður og söguleg gögn**, en útilokar ekki að hætta geti skapast við aðrar aðstæður eða utan skilgreindra svæða. Áhrif náttúruvá eru að jafnaði staðbundin og breytileg og skulu því ávallt metin sérstaklega við nánari skipulagsgerð og framkvæmdir.

Samkvæmt könnun Brynjólfssonar o.fl. (2016) voru ofanflóðaaðstæður kannaðar við yfir 70 íbúðarhús og býli í Hörgárdal og Öxnadal. Þar kom fram að veruleg ofanflóðahætta væri til staðar á afmörkuðum stöðum, m.a. vegna snjóflóða, krapaflóða og skriðufalla, á meðan aðstæður voru taldar viðunandi á öðrum stöðum. Niðurstöðurnar undirstrika mikilvægi þess að byggð, vegir og aðrir innviðir taki mið af staðbundnu hættumati fremur en almennri svæðisskiptingu einni og sér.




Flóðasvæði

Ágangur af völdum sjávar er einkum á svæðum sem standa lágt við sjó t.a.m. Gásar þar sem nokkuð er um landbrot.

Ekki er gert ráð fyrir að reistur verði sjóvarnargarður til að verjast landbroti við Gása en skoða þarf úrlausnir vandlega ef ágangur sjávar fer að ógna minjasvæði. Engin íbúðarbyggð er á hættusvæði vegna sjávarflóða. Hættusvæði vegna árflóða eru svæði við Hörgá, en helstu erfiðleikar eru vegna flutnings á árfarveginum, nánast árlega. Öxnadalsá er einnig nokkuð virk við efnisflutninga, áin brýtur úr bökkum og má sérstaklega nefna Neðstalandshólma og víðar austanvert í bökkum.

Mynd 11 . Kort af hæð 100 ára viðmiðunarflóðs við Eyjafjörð. Þau svæði sem liggja lægra en 100 ára flóð eru blá, litakvarðinn sýnir dýpt flóðsins (Björnsson, Jóhannsdóttir, Angulo, Dubois, & Árnason, b, 2022).




Mynd 12. Skýringarmynd af þekktum ofanflóðasvæðum í Hörgársveit.

Jarðskjálftar og eldvirkni

Skjálftasvæðum Íslands hefur verið skipt í fimm hönnunarhröðunarsvæði þar sem taldar eru 10% líkur á jarðskjálfta af ákveðinni stærðargráðu á 50 ára tímabili. Hæsti áhættuflokkurinn hefur hönnunarhröðunina $g = 0,4$ (0,4g) en það er 40% af þyngdarhröðuninni. Næsti áhættuflokkur hefur hönnunarhröðunina 0,3g. Síðan koma 0,2g, 0,15g og að lokum 0,1g. Við hönnun á mannvirkjum er því notast við fyrrnefnda hönnunarhröðun hvers svæðis. Hörgársveit flokkast í næstlægsta og lægsta áhættuflokk og ber að miða við hönnunarhröðunina 0,15g - 0,10g og skal hönnun mannvirkja í sveitarfélaginu miðast við fyrrnefnda staðla.

Af stærstu skjálftum sem hafa orðið á svæðinu má nefna Dalvíkurskjálftann 1934 og skjálftann sem átti upptök í mynni Skagafjarðar árið 1963. Skjálftahrinan sem kennd er við Dalvík (1934) var mjög mikil. Verulegar skemmdir urðu á mannvirkjum við norðanverðan Eyjafjörð en dró úr áhrifum skjálftans eftir því sem sunnar dró á Eyjafjarðarsvæðinu.

Ekki er talin sérstök hættu á öðrum náttúruhamförum en áður er getið.



Mynd 13. Skipting Íslands í hönnunarhröðunarsvæði miðað við 50 ára meðalendurkomutíma. Heimild: Staðlaráð Íslands, Íslenskur staðall.



7 SAMGÖNGUR OG VEITUR

Markmið

- Stuðlað verði að góðum samgöngum og umferðar- og rekstraröryggi.
- Innviðir samfélagsins verði traustir, sjálfbærir og standist kröfur nútímans.
- Allir vegfarendur komist leiðar sinnar á öruggan og greiðan hátt.
- Samgöngur og orkunýting taki mið af umhverfisvernd og orkuskiptum.

7.1 VEGIR (VE)

Vegir, götur, helstu göngu-, reið- og hjólastígar og tengd mannvirki þ.m.t. mislæg gatnamót, undirgöng og göngubrýr og helgunarsvæði þeirra, svo sem stofn- og tengibrautir í þéttbýli og stofn- og tengivegir utan þéttbýlis.

Þema	Stefna/ákvæði	Útskýring	Heimild	Ábyrgðaraðili
Almennar samgöngur	Stuðla að góðum og öuggum samgöngum. Allir stofn- og tengivegir verði lagðir bundnu slitlagi.	Hagkvæmar lausnir í vegagerð, samtenging byggðar vegna skólaaksturs, atvinnu og ferða.	Skipulagsákvæði, samgönguáætlun 2020–2034, Vegalög nr. 80/2007	Sveitarfélagið, Vegagerðin
Innviðir	Tryggja trausta innviði	Innviðir standist kröfur nútímans og styðji við fjölbreytt atvinnulíf og samfélagsþróun.	Skipulagsákvæði	Sveitarfélagið, veitufyrirtæki
Vistvænar samgöngur	Hvetja til vistvænna samgöngumáta	Undirgöng, hjólaleiðir og gönguleiðir tryggja öryggi og tengingar; áhersla á gangandi og hjólandi vegfarendur.	Skipulagsákvæði, LSS B.7.10, B.4.13	Sveitarfélagið, Vegagerðin, Ferðamálayfirvöld
Orka og auðlindir	Orkuvinnsla á forsendum íbúa, náttúran njóti vafans	Orkuvinnsla taki mið af hagsmunum íbúa og náttúruvernd, áhersla á orkuskipti.	Skipulagsákvæði, Lög um verndar- og orkunýtingaráætlanir, LSS A.2.4	Sveitarfélagið, Umhverfis- og orkustofnun
Úrgangur	Úrgangur lágmarkaður, flokkun og endurvinnsla aðgengileg	Innviðir geri íbúum kleift að flokka og endurvinna úrgang.	Lög nr. 55/2003, LSS B.10.2	Sveitarfélagið, Náttúruverndarstofnun
Veghelgun	Skilgreint veghelgunarsvæði	30 m frá miðlínu stofnvega, 15 m frá tengivegum, 40 m við gatnamót.	Vegalög nr. 80/2007	Vegagerðin, sveitarfélagið



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

Hávaðamörk	Takmörk hávaðastigs við hús	35–55 db utan við húsveggi samkvæmt reglugerðum.	Reglugerð nr. 933/1999, nr. 1000/2005, nr. 724/2008	Sveitarfélagið, byggingarfulltrúi
Stofnvegir (SV)	Hringvegur og Ólafsfjarðarvegur skilgreindir	Engar breytingar á Hringveginum eða á Ólafsfjarðarvegi á skipulagstímabilinu.	Samgönguáætlun 2020–2034	Vegagerðin, sveitarfélagið
Útivist og heilsuefling	Stuðla að heilsueflandi samfélagi með góðri aðstöðu til útivistar og hreyfingar	Tryggja að íbúar hafi aðgang að fjölbreyttri aðstöðu til útivistar; stuðlar einnig að uppbyggingu ferðaþjónustu.	Skipulagsákvæði, LSS B.7.2	Sveitarfélagið, Ferðamálayfirvöld
Gönguleiðir	Halda áfram merkingu í samstarfi við félög og ferðaþjónustu	Samstarf við áhugamannafélög og ferðaþjónustu um merkingar, m.a. fornar þjóðleiðir og leiðir meðfram Hörgá og ströndinni frá Krossanesborgum að Gásam.	Skipulagsákvæði, Ferðamálastefna	Sveitarfélagið, Ferðamálayfirvöld, félagasamtök
Göngustígar	Göngustígar í skógræktarsvæðum og við skóla	Útivist í tengslum við skógrækt, m.a. tenging þelamerkurskóla við skógarreiti með undirgöngum.	Skipulagsákvæði, LSS B.7.2	Sveitarfélagið, Skógræktarfélag
Hjólaleiðir	Hjólaleið samsíða Hringvegi	Frá Lónsbakka að þelamerkurskóla með tengingu í undirgöng; áfram til Dalvíkur.	Skipulagsákvæði, Samgönguáætlun	Sveitarfélagið, Vegagerðin
Reiðleiðir (almenn)	Meginreiðleiðir greiðfærar og malarbornar	Dregur úr álagi á gróður og náttúruminjar, færðar frá þjóðvegum þar sem hægt er.	Skipulagsákvæði, Leiðbeiningar Vegagerðarinnar og LH 2022	Sveitarfélagið, Vegagerðin, hestamannafélög
Reiðleiðir (uppbygging)	Byggja upp skilvirkt reiðstígakerfi	Í samstarfi við Vegagerðina og hestamannafélög; tengir byggð og heiðalönd, nýjar leiðir skilgreindar með landeigendum.	Skipulagsákvæði, Leiðbeiningar Vegagerðarinnar og LH 2022	Sveitarfélagið, Vegagerðin, hestamannafélög
Reiðleiðaflakkar	Flokkun í stofnleiðir, héraðsleiðir og tengileiðir	Stofnleiðir milli sveitarfélaga, héraðsleiðir milli bæja og fornra leiða, tengileiðir í þéttbýli.	Leiðbeiningar Vegagerðarinnar og LH 2022	Sveitarfélagið, Vegagerðin, hestamannafélög



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

Vegir í náttúru Íslands	Gerð vegaskrár samkvæmt náttúruverndarlögum	Flokkun F0–F3, samráð við stofnanir og landeigendur; vinna hefst á seinni hluta skipulagstímabilsins.	Náttúruverndarlög nr. 60/2013, Vegalög nr. 80/2007	Sveitarfélagið, Náttúruverndarstofnun, Vegagerðin
--------------------------------	---	---	--	---

Umferðaröryggi er haft að leiðarljósi við skipulag samgöngukerfis sveitarfélagsins. Við mótun skipulags er tekið mið af slysatíðni, umferðarhraða og aðstæðum óvarinna vegfarenda, með það að markmiði að draga úr slyshættu, m.a. með stýringu tenginga, lækkun hraða þar sem við á og aðskilnaði akandi og óvarinna vegfarenda í þéttbýli.

Skipulagsáætlunin staðfestir núverandi vegakerfi Vegagerðarinnar í sveitarfélaginu sem og þingsályktun um samgönguáætlun 2020 – 2034.

Helstu stærðir í gerð skipulags þar sem þjóðvegir koma við sögu		
Stærð	Gildi	Tilvísun
Veghelgunarsvæði stofnvega	30 m til beggja hliða frá miðlínu	Vegalög
Veghelgunarsvæði tengivega	15 m til beggja hliða frá miðlínu	Vegalög
Veghelgunarsvæði gatnamóta	Beinar línur milli punkta á miðlínu vega 40 m frá skurðpunkti*	Vegalög
Mesta hljóðstig utan við húsvegg á jarðhæð og utan við opnanlega glugga	35-55 db**	Reglugerð nr. 933/1999 og 1000/2005**

* Veghaldari getur, ef sérstaklega stendur á fært út mörk þessi, allt að 150 m. ** Sjá nánar í reglugerð um hávaða nr. 724/2008 og reglugerð um kortlagningu hávaða og aðgerðaáætlanir nr. 1000/2005.*** Heimild: (VSÓ Ráðgjöf, 2014).

7.1.1 Stofnvegir (SV)

Á skipulagsuppdráttum er auðkennt núverandi stofnvegakerfi og fyrirhugaðar breytingar á stofnvegum til loka skipulagstímabilsins skv. samgönguáætlun 2020-2034 og tillögum sveitarstjórnar. Hringvegurinn liggur í gegnum þéttbýlisskilgreiningu Lónsbakka.

Við skipulag nýrrar uppbyggingar og breytingar á landnotkun meðfram Hringvegi skal tekið mið af framtíðaráformum um breikkun vegarins, aðskilnað akstursstefna og fækkun tenginga. Nýjar tengingar við Hringveg verða almennt ekki heimilaðar nema í samráði við Vegagerðina og að undangenginni skipulagslegri heildarútfærslu með hliðarvegum.



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

Í Hörgársveit eru eftirfarandi stofnvegir:

Tafla 25. Stofnvegir (SV).

Stofnvegir (SV)	
Nr. Heiti	Lýsing og skilmálar
SV1 Hringvegur (1)	Frá sýslumörkum á Öxnadalshéið, um Öxnadal, Þelamörk og Kræklingahlíð til Akureyrar. Sveitarstjórn hefur samþykkt að hringveginum verði hliðrað til austurs við Laugaland vegna umferðaröryggismála.
SV2 Ólafsfjarðarvegur (82)	Af Hringvegi á Moldhaugahálsi um Hörgársveit. Ekki er gerð tillaga um breytingu á Ólafsfjarðarvegi (82) á skipulagstímanum.

7.1.2 Tengivegir (TV)

Eftirfarandi tengivegir eru í sveitarfélaginu:

Tafla 26. Tengivegir (TV).

Tengivegir (TV)	
Nr. Heiti	Lýsing og skilmálar
TV1 Hörgárdalsvegur (815)	Af Hringvegi hjá Hamri, um brú á Hörgá og norður Hörgárdal að vestan á Ólafsfjarðarveg.
TV2 Dagverðareyrar- vegur (816)	Af Hringvegi hjá Sólborgarhóli, um Dagverðareyri og Gásir á Ólafsfjarðarveg. Gert er ráð fyrir að vegur verði endurbyggður í sama vegstæði frá Hellulandi að Gásum.
TV3 Dysnesvegur	Nýr tengivegur frá Ólafsfjarðarvegi niður að Dysnesi.

Aðrir kostir í vega- eða stígagerð

Hér ber helst að nefna uppbyggingu ferðamannaleiða sbr. tenging Lónsbakka við Akureyri og tenging við Gásir en markmiðið með þeim er að búa til ákveðnar hringleiðir innan sveitarfélagsins og tengja betur saman ferðamannastaði.

Gert er ráð fyrir undirgöngum fyrir ríðandi, gangandi og hjólandi á sex stöðum: við Bægisá, á mótis við Þelamerkurskóla, á landamerkjum Moldhauga og Skjaldarvíkur, við vegamót Ólafsfjarðarvegur og Hringvegur, á mótis við Hof og Kambhól.

7.1.3 Gönguleiðir (GL)

Stofnstígar eru sýndir á þéttbýlisuppdrætti og eru þeir auðkenndir með rauðgulum lit. Gönguleiðir eru sýndar til skýringar. Staðsetning göngu- og hjólastíga, ásamt mögulegum undirgöngum undir Hringveg, er sýnd til leiðbeiningar. Endanleg lega slíkra mannvirkja ræðst af framtíðaráformum um útfærslu Hringvegur og verður ákveðin í samráði við Vegagerðina á síðari stigum skipulags og hönnunar.



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

Tafla 27. Gönguleiðir (GL).

Gönguleiðir (GL)	
Nr.	Lýsing
GL1	Gönguleið frá Fornhaga um Þorvaldsdal yfir í Dalvíkurbyggð.
GL2	Gengið frá Skriðu um Skriðudal yfir í Skíðadal.
GL3	Gengið frá Bugi inn Barkárdal að Tungnahryggsjökli.
GL4	Gengið frá Gili upp á Hörgárdalsheiði.
GL5	Gengið frá Bægisá upp Bægisárdal sem leið nemur niður Glerárdal.
GL6	Gengið frá Laugalandi um Krossastaðaárgil að skíðasvæði í Hlíðarfjalli.
GL7	Gönguleið meðfram Hörgá.
GL8	Strandleið frá Krossanesborgum að Gásum.

7.1.4 Hjólastígar (HL)

Hjólreiðastígur er sýndur meðfram Hringvegi á þéttbýlisuppdrætti sýnd með svartri brotalínu. Staðsetning göngu- og hjólastíga, ásamt mögulegum undirgöngum undir Hringveg, er sýnd til leiðbeiningar. Endanleg lega slíkra mannvirkja ræðst af framtíðaráformum um útfærslu Hringvegar og verður ákveðin í samráði við Vegagerðina á síðari stigum skipulags og hönnunar.

Tafla 28. Hjólastígar (HL).

Hjólastígar (HL)	
Nr.	Lýsing
HL1	Göngu- og hjólaleið frá Lónsbakka um tún í landi Moldhauga og í gegnum skógrækt SL4 við Tréstaði. Þaðan til Þelamerkur í boga undir Ólafsjarðarveg þar sem gert verði ráð fyrir nýjum undirgöngum og koma svo inn á Þelamörk neðan við byggðina þar. Gert er að auki ráð fyrir göngu- og hjólaleið meðfram Bakkavegi til Hjalteyrar. Bætt er einnig við undirgöngum við Dvergastein sem og á mörkum Stórubrekku og Ytra-Brekkukots. Við útfærslu á legu göngu- og hjólastígs skuli taka mið af lögnum í jörðu en á nokkrum stöðum mun þurfa að koma til þverunar yfir núverandi lagnir.
HL2	Hjólaleið vestan hringvegar frá Lónsbakka að undirgöngum við Þelamerkurskóla og austan Ólafsjarðarvegar að undirgöngum á mótis við Kambhól og þaðan vestan vegar.

7.1.5 Reiðstígar (RL)

Stofnkerfi reiðleiða eru auðkenndar með brúnum lit.




Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

Tafla 29. Reiðstígar (RL).

Reiðleiðir (RL)	
Nr.	Lýsing
RL1	Frá Hólum um Kambskarð að Melgerðismelum í Eyjafjarðarsveit.
RL2	Frá undirgöngum á mótis við Bægisá meðfram Hörgárdalsvegi upp á Hörgárdalsheiði, þaðan að Hjaltadal í Skagafirði og að Öxnadalsheiði.
RL3	Frá Melum samsíða þjóðvegi 815 og 813 að undirgöngum á mótis við Hof.
RL4	Frá Fornhaga um Þorvaldsdal að Dalvíkurbyggð.
RL5	Frá undirgöngum á landamerkjum Moldhauga og Skjaldarvíkur meðfram Dagverðareyrarvegi að reiðleið meðfram Ólafsfjarðarvegi.
RL6	Frá undirgöngum á landamerkjum Moldhauga og Skjaldarvíkur meðfram Skjaldarvík að sveitarfélagsmörkum við Akureyri á mótis við Brávelli.
RL7	Frá undirgöngum á gatnamótum Hringvegur og Ólafsfjarðarvegur og að Ósi.
RL8	Meðfram tengivegi um Galmatrönd að undirgöngum við Kambhól og þaðan að sveitarfélagsmörkum Dalvíkurbyggðar.

Í 32. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, segir að sveitarfélög skuli við gerð aðalskipulags gera tillögu að skrá yfir vegi aðra en þjóðvegi í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil (sbr. 2. mgr. 7. gr. vegalaga, nr. 80/2007) og hlýtur hún samþykkt samhliða afgreiðslu aðalskipulags eða breytinga á aðalskipulagi. Með vegaskránni verður til heildstæð skráning yfir vegi þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil, með eða án takmarkana. Vegirnir eru skráðir í fjóra flokka eftir því hve greiðfærir þeir eru; F0 (greiðfær vegur), F1 (seinfær vegur), F2 (lakfær vegur) og F3 (torfær vegur).

Skráning vega í vegskrána felur ekki í sér ótakmarkaðan og óheftan aðgang, að vegir séu færir öllum vélknúnum farartækjum á öllum tímum ársins né ábyrgð sveitarfélagsins á viðhaldi vega. Vélknúin umferð er almennt ekki heimil nema með heimild landeiganda og/eða veghaldara. Virða skal allar lokanir eða takmarkanir á umferð um þá. Þrátt fyrir flokkun vega í náttúru Íslands er landeiganda ávallt heimil för um sitt heimaland s.s. vegna búskapar og annarrar landnýtingar. Með skráningunni fæst yfirsýn yfir þá vegi sem nýttir eru í sveitarfélaginu, í hvaða tilgangi og þær takmarkanir sem á þeim gilda.



Mynd 14. Göngu-, hjóla- og reiðleiðir í Hörgársveit.



7.1.6 Vegir í náttúru Íslands

Við mat á því hvort tilteknir vegir skuli tilgreindir í vegaskrá skal sérstaklega líta til þess:

- hvort akstur á þeim sé líklegur til að raska viðkvæmum gróðri, valda jarðvegsrofi, hafa neikvæð áhrif á landslag, víðerni og ásýnd lands eða hafa að öðru leyti í för með sér náttúruspjöll.
- hvort um greinilegan og varanlegan veg sé að ræða, hvort löng hefð sé fyrir akstri á honum og hvort umferð á tilteknum vegi skuli takmarka við ákveðnar gerðir ökutækja, viss tímabil, náttúrufarslegar aðstæður eða við akstur vegna ákveðinna starfa.

Sveitarfélög skulu vinna að skrá um vegi í náttúru Íslands samhliða gerð nýs aðalskipulags. Við tillögugerðina skal hafa samráð við Náttúruverndarstofnun, önnur stjórnvöld þjóðgarða þar sem það á við, Vegagerðina, Land og skóg, Landmælingar Íslands, samtök útivistarféлага, náttúru og umhverfisverndarsamtök, Bændasamtök Íslands og Samtök ferðapjónustunnar.

Slík flokkun hefur ekki verið unnin, enda tímafrekt verkefni sem þarf að vinnast í samráði við landeigendur, stofnanir og félagasamtök. Stefnt er að því að vinnan fari fram á seinni hluta skipulagstímabilsins.

7.2 VATNSBÓL (VB) OG VATNSVERND VATNSBÓLA (VG, VF)

Svæði fyrir vatnsöflun, það er brunnsvæði vatnsverndar (VB). Vatnsverndarsvæði, þ.e. svæði sem heilbrigðisnefnd sveitarfélags hefur ákvarðað sem vatnsverndarsvæði umhverfis hvert vatnsból, annars vegar grannsvæði (VG) og hins vegar fjarsvæði (VF) sbr. reglugerð um neysluvatn.

MARKMIÐ:

- Tryggja öllum íbúum og atvinnustarfsemi nægilegt og heilnæmt drykkjarvatn.
- Standa vörð um grunnvatn sem nytjavatn og tryggja að vatnsgæði séu til fyrirmyndar.
- Vernda vatnsból með girðingum og takmörkun á framkvæmdum, umferð og mengandi starfsemi.
- Koma í veg fyrir að óæskileg mengun berist í jarðveg og vatn, m.a. frá iðnaðarsvæðum.
- Samráð við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra við allar framkvæmdir á vatnsverndarsvæðum.

Þema	Stefna/ákvæði	Útskýring	Heimild	Ábyrgðaraðili
Vatnsöflun	Öll byggð hafi aðgang að nægilegu og góðu neysluvatni	Vatnsból staðsett á viðurkenndum stöðum, með afmörkuðum verndarsvæðum.	Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn	Sveitarfélagið, Veitur, Heilbrigðiseftirlit NE
Brunnsvæði (VB)	Friðun vatnsbóla og næsta nágrennis	Engin umferð eða framkvæmdir nema vegna vatnsveitu. Heimilt að krefjast mannheldrar girðingar minnst 5 m frá vatnsbóli.	Reglugerð nr. 536/2001, nr. 796/1999	Heilbrigðiseftirlit NE, sveitarfélagið
Grannsvæði (VG)	Strangar takmarkanir á starfsemi	Bann við efnum sem geta mengað grunnvatn (t.d. olía, bensín, salt, eiturefni). Engar nýjar byggingar. Vegalagning og áburðarnotkun undir eftirliti.	Reglugerð nr. 796/1999, Skipulagsákvæði	Heilbrigðiseftirlit NE, sveitarfélagið



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

Fjarsvæði (VF)	Varúð við alla meðferð mengandi efna	Óheimilar stærri geymslur mengandi efna. Frekari fyrirmæli um mannvirki og umferð komi frá Heilbrigðiseftirliti. Allt vatnasvið Hörgár skilgreint sem VF.	Reglugerð nr. 796/1999, Skipulagsákvæði	Heilbrigðiseftirlit NE, sveitarfélagið
Vatnsvernd í skipulagi	Beina framkvæmdum og umferð frá vatnsverndarsvæðum	Á sérstaklega við um iðnaðarsvæði, efnistökusvæði og frístundabyggð sem liggja innan fjarsvæða vatnsbóla.	Skipulagsákvæði, Reglugerð nr. 796/1999	Sveitarfélagið, Heilbrigðiseftirlit NE
Dreifbýli	Ekki skilgreind verndarsvæði einstakra jarða í aðalskipulagi	Áréttað að allar framkvæmdir í dreifbýli sem snerta vatnsvernd krefjast umsagnar Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra.	Skipulagsákvæði, Reglugerð nr. 796/1999	Sveitarfélagið, Heilbrigðiseftirlit NE
Sértilvik – Reistarár fjall	Vatnsból fyrir Hjalteyri o.fl. í fjallinu	Mikilvægt vatnsból utan vatnasviðs Hörgár, krefst sérstakrar verndar.	Skipulagsákvæði, Heilbrigðiseftirlit NE	Sveitarfélagið, Veitur, Heilbrigðiseftirlit NE

Viðurkennd vatnsból ásamt skilgreindum grann- og fjarsvæðum vatnsverndar eru á þeim bæjum þar sem starfrækt eru mjólkurbú og er afmörkun þeirra sýnd á landnotkunaruppdrætti. Áætluð skilgreinir ekki verndarsvæði vatnsbóla einstakra jarða í dreifbýli. Vatnsverndarsvæði innan vatnasviðs Hörgár skiptast í brunnsvæði, nærsvæði og fjarsvæði í samræmi við reglugerð um varnir gegn mengun vatns. Ekki er allt vatnasvið Hörgár skilgreint sem fjarsvæði vatnsverndar, heldur nær verndin til mismunandi svæða með ólíkum takmörkunum eftir verndarstigi.

Brunnsvæði vatnsbóla lúta ströngustu takmörkunum og eru friðuð fyrir framkvæmdum og annarri starfsemi sem getur haft áhrif á gæði neysluvatns. Á nær- og fjarsvæðum gilda mismunandi skilyrði og takmarkanir sem nánar er kveðið á um í skipulagsákvæðum og gildandi reglugerðum.

Viðurkennd vatnsból ásamt skilgreindum brunns-, grann- og fjarsvæðum vatnsverndar eru sýnd á uppdráttum þar sem við á. Vatnsverndarsvæði innan vatnasviðs Hörgár skiptast í brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði í samræmi við reglugerð um varnir gegn mengun vatns. Ekki er allt vatnasvið Hörgár skilgreint sem fjarsvæði, heldur nær verndin til mismunandi svæða með ólíkum takmörkunum eftir verndarstigi.



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044


Tafla 30. Vatnsból (VB), grannsvæði (VG) og fjarsvæði (VF).

Vatnsvernd (VB, VG, VF)				
Nr.	Heiti	Lýsing	Skilmálar	Stærð (ha)
VB1	Vaglinn við Þelamörk í Hörgársveit	Brunnsvæði.	Á brunnsvæðum er efnistaka og önnur mengandi eða raskandi starfsemi óheimil. Brunnsvæði skulu vera friðuð fyrir framkvæmdum og umferð sem getur haft áhrif á gæði neysluvatns, í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, m.s.br.	55,5
VG1		Grannsvæði.	Takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br. Á grannsvæðum vatnsverndar er efnistaka og önnur starfsemi aðeins heimil að uppfylltum ströngum skilyrðum samkvæmt reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, m.s.br., og að fengnum viðeigandi leyfum, þar á meðal starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra eftir því sem við á.	912,3
VF1		Fjarsvæði. Allt vatnasvið Hörgár er skilgreint sem fjarsvæði vatnsverndar. Innan fjarsvæðisins eru skilgreindir eftirfarandi landnotkunarflokkar; efnistökusvæði, landbúnaður, opin svæði og frístundabyggð. Allar framkvæmdir á þeim svæðum þurfa frekari fyrirmæli Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra til þess að tryggja öryggi vatnsverndarsvæða	Takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br. Fjarsvæði vatnsverndar innan vatnasviðs Hörgár. Innan vatnasviðsins eru jafnframt skilgreind brunnsvæði og grannsvæði vatnsverndar sem lúta strangari takmörkunum en fjarsvæði, í samræmi við gildandi reglugerð.	67367,7
VB2	Rætur Reistarárfjalls	Brunnsvæði. Neysluvatn fyrir Hjalteyri o.fl. kemur úr vatnsbóli ofarlega í fjallinu.	Á brunnsvæðum er efnistaka og önnur mengandi eða raskandi starfsemi óheimil. Brunnsvæði skulu vera friðuð fyrir framkvæmdum og umferð sem getur haft áhrif á gæði neysluvatns, í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, m.s.br.	1
VG2		Grannsvæði.	Takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br. Á grannsvæðum vatnsverndar er efnistaka og önnur starfsemi aðeins heimil að uppfylltum ströngum skilyrðum samkvæmt reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, m.s.br., og að fengnum viðeigandi leyfum, þar á meðal starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra eftir því sem við á.	49,7
VF2		Fjarsvæði.	Takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br.	107,0



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

	Samtals:	136831,6
--	-----------------	----------



Mynd 15. Vatnsvernd - Vatnsból (VB), grannsvæði (VG) og fjarsvæði (VF).



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

7.3 VEITUR (VH)

Veitur, svo sem vatnsveita, hitaveita, rafveita, fjarskiptalagnir- og mannvirki, fráveita og helgunarsvæði þeirra, þegar það á við.

MARKMIÐ

- Að allir íbúar hafi aðgang að heilnæmu neysluvatni, orku, fráveitu og fjarskiptum í samræmi við nútímakröfur.
- Að vatnsgæði verði ávallt tryggt og vatnsból vernduð.
- Að veitur verði uppbyggðar í sátt við umhverfi og samfélag.
- Að stuðlað verði að sjálfbærri orkunýtingu, orkuskiptum og bættri fjarskiptaþjónustu.

Þema	Stefna/ákvæði	Útskýring	Heimild	Ábyrgðaraðili
Vatnsveita	Allir íbúar njóti nægilegs og góðs neysluvatns	Vatnsból verði afgirt og skráð, verndarsvæði skilgreind. Lónsbakki tengdur vatnsveitu Norðurorku. Hjalteyri með sjálfstætt vatnsból. Vatnsgæði tryggt m.a. fyrir matvælaframleiðslu.	Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, Skipulagsákvæði, Heimsmarkmið 6.3, 6.4	Sveitarfélagið, Norðurorka, HNE
Fráveita	Frárennsli valdi ekki mengun	Sameiginlegar fráveitur þar sem aðstæður leyfa. Viðurkenndar rotþrær við öll býli og frístundahús. Rotþrær með hreinsivirkjum á Lónsbakka. Meginhluti húsa á Hjalteyri tengdur rotþró, sum þó með útrás í sjó. Frágangur lagna tryggtur.	Reglugerð nr. 1450/2025 um fráveitur og skólp, Heimsmarkmið 6.3	Sveitarfélagið, HNE
Hitaveita	Stækka hitaveitu Norðurorku	Stefnt að því að sem stærstur hluti byggðar njóti hitaveitu. Rannsóknir á jarðhita við Arnarnes og Ytri-vík/Syðri-haga nýttar. Ný aðveitulögn Arnarnes–Akureyri í veghelgunarsvæði. Framlenging til Dalvíkurbyggðar möguleg. Unnið er að rannsóknum á jarðhitasvæðinu á Laugareyri í Hörgárdal með hugsanlega virkjun þess í huga.	Skipulagsákvæði, Orkulög nr. 58/1967, Heimsmarkmið 7.2, 7.3	Norðurorka, Sveitarfélagið, Umhverfis- og Umhverfis- og orkustofnun
Rafveita	Jarðstrengir taki við af loftlínunum	Dreifikerfi Rarik tengt tengivirki Landsnets. Allar nýjar raflínur verði skipulagslega metnar. Þrífösun rafmagns í dreifbýli. Skipulag raforkumannvirkja taki mið af öryggi, vernd ræktunarlands og samfélagslegum áhrifum. Helgunarsvæði samkvæmt reglugerð nr. 678/2009 virt.	Raforkulög nr. 65/2003, Reglugerð 678/2009, Skipulagslög nr. 123/2010, Heimsmarkmið 7.1, 9.4	RARIK, Landsnet, Sveitarfélagið
Fjarskipti	Uppbygging háhraðanets og farsímasambands	Ljósleiðari í hluta sveitarfélagsins (Arnarneshreppur, Lónsbakki, Kræklingahlíð, Hörgárdalur). DSL/örbylgjusamband víða ófullnægjandi. Sendum fjölgað þar sem þörf er á. Áreiðanlegt	Fjarskiptalög nr. 70/2022, Heimsmarkmið 9.1, 9.c	Fjarskiptafyrirtæki, Póst- og fjarskiptastofnun, Sveitarfélagið



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

farsímasamband tryggt á öllum
vegum og ferðamannasvæðum.

7.4 HITAVEITA

Vísað er í uppdrátt til að sjá legu stofnæða hitaveitu.

7.5 VATNSVEITA (VV)

Vísað er í uppdrátt til að sjá legu stofnæðavatnsveitu.

7.6 FRÁVEITA (FV)

Vísað er í uppdrátt til að sjá legu stofnæða fráveitu.

7.7 RAFVEITA

Flutningskerfi raforku, þar með talið háspennulínur og tengivirki, er hluti af mikilvægustu innviðum sveitarfélagsins. Við skipulagningu og leyfisveitingar skal tekið mið af öryggi, rekstri og viðhaldi raflína, sem og þeim verndarsvæðum sem nauðsynleg eru umhverfis mannvirki flutningskerfisins.

Smávægilegar og tímabundnar breytingar á flutningskerfi raforku

Heimilt er að ráðast í smávægilegar og tímabundnar breytingar á mannvirkjum flutningskerfis raforku, svo sem vegna viðhalds, styrkinga eða viðbragða við ófyrirséðum atburðum, að því tilskildu að slíkar breytingar rúmist innan skilgreindra landnotkunar- og verndarsvæða og raski ekki öðrum verndarmarkmiðum aðalskipulagsins.

Slíkar breytingar eru háðar samráði við viðkomandi sveitarfélag og öðrum leyfum eftir því sem við á. Umfangsmeiri breytingar á flutningskerfinu eru háðar skipulagslegri meðferð samkvæmt 36. gr. skipulagslaga.

Vísað er í uppdrátt til að sjá legu stofnlagna rafveitu.

Tafla 31. Raflínur (RL).

Raflínur (RL)	
Nr. Heiti línu	Lýsing
RL1 Rangárvallalína 1	Línuleið: Rangárvellir-Varmahlíð, spenna 132 kV. Stefnt er að því að Rangárvallalína 1 verði fjarlægð innan þriggja ára frá því að Blöndulína 3 kemst í öruggan rekstur. Rangárvallalína 1 er því skilgreind sem víkjandi mannvirki á aðalskipulagsuppdrætti, með fyrirvara um fullnægjandi rekstur Blöndulínu 3
RL2 Dalvíkurlína 1	Línuleið: Rangárvellir-Dalvík, spenna 66 kV. Byggð fyrir 132 kV.
RL 3 Dalvíkurlína 2	Línuleið: Rangárvelli-Dalvík, spenna 66 kV, jarðstrengur.
RL 4 Blöndulína 3	Línuleið: Skagafjörður-Akureyri, spenna 220 kV, loftlína.
Samkvæmt reglugerð nr. 678/2008 um raforkuvirki skal, af öryggisástæðum, skilgreina lágmarksfjarlægð háspennulínu frá öðrum mannvirkjum, svokallað helgunarsvæði. Breidd helgunarsvæðis loftlínu er breytileg eftir spennustigi línu, hæð möstra, bili milli mastra og landslagi; oft er miðað við að helgunarsvæði 220 kV raflínu geti verið um 65–85 metrar. Í tilviki Blöndulínu 3 hefur helgunarsvæði línunnar verið reiknað út og er á bilinu 41–61,5 m, og miðast við þá breidd í	



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

skilmálum aðalskipulagsbreytingarinnar. Innan helgunarsvæðis loftlína gildir byggingarbann þ.e. á því svæði er óheimilt að reisa mannvirki og skógrækt er takmörkunum háð, en ýmis önnur landnotkun er leyfð. Helgunarsvæði jarðstrengja skiptist í öryggissvæði og athafnasvæði. Allar framkvæmdir innan öryggissvæðis eru bannaðar en innan athafnasvæðis eru þær háðar samþykki Landsnets. Við undirbúning framkvæmda, skipulagsbreytinga eða annarra áforma sem kunna að hafa áhrif á flutningskerfi raforku skal haft samráð við Landsnet á viðeigandi stigi, áður en ákvörðun er tekin eða leyfi veitt.

7.8 FJARSKIPTI

Vísað er í uppdrátt til að sjá legu stofnlagna fjarskipta.

7.9 BRUNAVARNIR OG ÖRYGGISMÁL

Brunavarnir í sveitarfélaginu skulu tryggja öryggi fólks, eigna og umhverfis í samræmi við lög um brunavarnir nr. 75/2000 og reglugerðir þar að lútandi. Sérstök áhersla er lögð á öryggi á svæðum þar sem aðgengi slökkviliðs getur verið takmarkað, s.s. í frístundabyggð og skógræktarsvæðum.

MARKMIÐ:

- Að tryggja að brunavarnaáætlun sé til staðar í samræmi við lög og samþykkt af viðeigandi yfirvöldum.
- Að í nýju deiliskipulagi og við leyfisveitingar verði gerð grein fyrir aðgengi slökkviliðs og brunavarnaúrræðum.
- Að viðhafa viðeigandi fjarlægðarmörk milli bygginga og gróðurs í frístundabyggð og skógrækt, og stuðla að viðhaldi eldvarnarganga.
- Að tryggja næga vatnsöflun og aðstöðu til slökkvistarfa eftir því sem aðstæður leyfa.
- Að hvetja landeigendur á skógræktarsvæðum til að gera viðbragðsáætlanir vegna gróðurelda og tryggja aðgengi að slökkvibúnaði þar sem við á.



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044



8 HEIMILDIR

- Björnsson, H., Ólafsdóttir, A. H., Sigurðsson, B. D., Katrínardóttir, B., Davíðsdóttir, B., Gunnarsdóttir, G., . . . Matthíasdóttir, T. (2023). *Umfang og afleiðingar hnattrænna loftslagsbreytinga á Íslandi. Fjórða samantektarskýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar*. Reykjavík: Veðurstofa Íslands. doi:ISBN 978-9935-9414-3-5
- Brynjólfsson, S. (2020). *Könnun á nokkrum skriðuhættustæðum í Hörgársveit*. Náttúrufræðistofnun Íslands. Akureyri: Ofanflóðasjóður.
- Brynjólfsson, S., Sveinsson, B., & Pétursson, H. (2016). *Könnun á ofanflóðaaðstæðum í Öxnadal og Hörgárdal*. Veðurstofa Íslands. Reykjavík: Veðurstofa Íslands.
- Guðni Þ. Þorvaldsson, Guðrún Lára Sveinsdóttir, & Salvör Jónsdóttir. (2021). *Leiðbeiningar um flokkun landbúnaðarlands með tilliti til hæfni til ræktunar*. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.
- Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. (17. Desember 2024). *fasteignaskra.is*. Sótt frá fasteignaskra.is: <https://fasteignaskra.is/gogn/fasteignagattin/fjoldatolur-ur-fasteignaskra/fjoldi-sumarhusa/>
- Hörgársveit. (2021). *Hörgársveit - Umhverfisstefna 2021 - 2031*. Hörgársveit: Hörgársveit. Sótt frá <https://www.horgarsveit.is/static/files/stefnuskjal-23.06.21.pdf>
- Landbúnaðarráðuneytið. (27. Maí 2004). *Auglýsing nr. 460/2004*. Sótt frá [Stjornartidindi.is](https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=0cbb92b7-d648-4c9e-afd3-c353179fc594): <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=0cbb92b7-d648-4c9e-afd3-c353179fc594>
- Menningar- og viðskiptaráðuneyti. (2024). *Ferðamálastefna og aðgerðir til ársins 2030*. Reykjavík: Menningar- og viðskiptaráðuneyti. Sótt frá <https://www.ferdamalastofa.is/static/research/files/final-ferdamalastefna.pdf>
- Náttúrufræðistofnun Íslands. (Janúar 2025). *ni.is*. Sótt frá [ni.is](https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/sudvesturland/hvalfjordur): <https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/sudvesturland/hvalfjordur>
- Náttúruverndarstofnun. (10. Janúar 2025). <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbodyinfo>. Sótt frá VATNAVEFSJA.VEDUR.IS: <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbodyinfo>
- Vegagerðin og Landssamband hestamannafélaga. (2022). *Reiðstígar - gerð og uppbygging*. Vegagerðin. Sótt frá <https://wp-beta.vegagerdin.is/wp-content/uploads/2023/10/reidvegahandbok-2utgafa-april-2022.pdf>
- VSÓ Ráðgjöf. (2014). *Vegir og skipulag Leiðbeiningar*. Reykjavík: VSÓ. Sótt frá https://wp-beta.vegagerdin.is/wp-content/uploads/2023/10/13259_sk140615_leidbeiningar-1.pdf



9 VIÐAUKI 2

9.1 FRÍÐUÐ HÚS Á GILDISSTÍMA AÐALSKIPULAGINS SKV. LÖGUM UM MENNINGARMINJAR NR.80/2012

Heiti	notkun	byggingarefni	bygg.ár
Fornhagi	íbúðareign	st/hlaðið	1924
Fornhagi	íbúðareign	st/hlaðið	1924
Þúfnavellir II	einbýli	timbur	1895
Öxnhóll	skúr	st/timbur	1920

Bakkakirkja	kirkja	timbur	1843
Hraun	hesthús	timbur	1884
Syðri-Bægisá	íbúð	hlaðið	1923

Berghóll II	íbúðareign	timbur	1908
Berghóll II	íbúðareign	timbur	1908
Berghóll II	íbúðareign	timbur	1908

Bægisáarkirkja	kirkja	timbur	1857
Efri-Rauðilækur	geymsla	timbur	1882
Glæsibæjarkirkja	kirkja	timbur	1866
Grjótgarður	fjárhús		1860

Hlíðarbær	samkomustaður	steypt	1919
Hraukbæjarkot	geymsla	timbur	1890
Hraukbæjarkot	geymsla	timbur	1900
Krossastaðir	hlaða	st/timbur	1920
Krossastaðir	einbýli	timbur	1895
Krossastaðir	íbúð/viðbygging	timbur	1920
Skipalón	safn	timbur	1843
Skipalón	einbýli	timbur	1824

Hjalteyri	hjalteyrarviti/skúr	timbur	1920
-----------	---------------------	--------	------



Endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044

Hjalteyri hótél	einbýlishús	timbur	1912
Hjalteyri/Bræðraborg	bræðraborg	steypt	1918
Hjalteyri/Templarinn	sumarbústaður	timbur	1905
Knútshús	íbúð	st/timbur	1885
Knútshús	íbúð	st/timbur	1885
Möllershús	einbýlishús	timbur	1908
Sigurðarhús	einbýlishús	timbur	1907
Verlunarlóðin	sumarbústaður	timbur	1918
Verslunarlóðin	íbúð	st/timbur	1900
Verslunarlóðin	friðrikshús	timbur	1901

Bragholt	geymsla	timbur	1906
Freyjulundur	einbýlishús	steypt	1912
Hof land	geymsla	timbur	1820
Hofteigur	geymsla	steypt	1917
Hvammur	hlaða	st/timbur	1910
Möðruvallakirkja	kirkja	timbur	1867
Möðruvellir 2	hesthús	st/timbur	1897
Möðruvellir lóð	leikhús	timbur	1880
Þrastarhóll land	geymsla	timbur	1900